

BUMFIGHT:

SJÓNVARP Í SINNI LJÓTUSTU MYND

Ógæfufólk slæst og meiðir hvort annað gegn greiðslu frá kvikmyndagerðarmönnum. **KVIKMYNDIR 26**



SUNNUDAGSVIÐTALIÐ:

KOMIN Í SITT BESTA FORM

Knattspyrnukonan Ásthildur Helgadóttir er komin á fulla ferð í boltanum á ný eftir margra mánaða fjarveru vegna meiðsla. Hún hefur slegið rækilega í gegn í sænska boltanum með Malmö FF. **ÍÞRÓTTIR 30**



FRÉTTABLAÐIÐ FRÍTT

29. maí 2005 - 143. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Vann Tarantino í karaóki

Friðrik Þór Friðriksson statar af því að hafa sigrað einn frægasta leikstjóra heims í karaóki.

FÓLK 42



Lyginni líkust

Á fimm árum hefur Bakkavör breyst úr meðalstóru fyrirtæki í Kauphöllinni íslensku í stærsta framleiðanda Bretlands í sölu tilbúinna, ferskra og kældra matvæla. Bakkavararbræðrum þykir þó ekki nóg komið og stefna á enn frekari útrás.

VÍÐSKIPTI 10




Ekki dauðir úr öllum æðum

Rokksveitin Oasis gefur út nýja plötu á morgun. Ferill sveitarinnar spannar ein þrettán ár.

TÓNLIST 24

VEÐRIÐ Í DAG



YFIRLEITT BJARTVÐIRI HÆTT VÍÐ SÍÐDEGISSKURUM Hiti 6-15 stig, hlýjast til landsins suðvestan til. **VEÐUR 4**

„Gull, silfur og brons“ -stærstu fjölmiðlar landsins:

FRÉTTABLAÐIÐ **91%** SJÓNVARPIÐ **89%** STÖÐ 2 **81%**

Íslendingar 12-80 ára

*Uppsöfnuð dekkun vikunnar

Mismunum innflytjendum

Krafan um íslenskukunnáttu innflytjenda er stjórntæki í stéttaskiptingu segir mannfræðingur. Segir fólki vera mismunað eftir stöðu og menntun.

INNFLYTIJENDAMÁL Guðrún Margrét Guðmundsdóttir mannfræðingur segir Íslendinga gera mismunandi kröfur til íslenskukunnáttu innflytjenda eftir menntun og stöðu þeirra í samfélaginu. Hún veltir því fyrir sér hvort sú ofuráhersla sem lögð er á íslenskuna, sé ekki enn einn þröskuldurinn í vegi þess að innflytjendur verði fullgildir þátttakendur í samfélaginu og í raun hluti af stéttaskiptingu þess.



GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR Spyr hvort ekki séu gerðar óraunhæfar kröfur til íslenskukunnáttu innflytjenda.

Þessa vanga-veltur Guðrúnar komu fram á málþingi um reynslu innflytjenda á Íslandi sem haldið var í húsaárinu í Reykjavík-akademíunni í gær.

Guðrún, sem sjálf bjó víða í Mið-Austurlöndum um tíu ára skeið, spyr hvort krafan um íslenskukunnáttu sé ekki í raun leið íslenska samfélagsins til að hafa stjórn á innflytjendum. „Mér finnst þetta viðhorf til dæmis endurspeglast í því að íslensk stjórn-

völd leggja enga sérstaka áherslu á að gera innflytjendum kleift að læra málið en krefjast þess samt að þeir kunni það,“ segir hún.

Hún fullyrðir einnig að samfélagið geri mjög mismunandi kröfur til íslenskukunnáttu innflytjenda eftir stétt og stöðu. „Ég þekki hámenntaða útlendinga sem eru í góðum stöðum hér og verð ekki vör við að þess sé krafist að þeir tali íslensku. Svo hef ég unnið á sjúkrahúsi með mörgum innflytjendum og þar var sífellt verið að gera athugasemdir við að þeir töluðu ekki íslensku. Ég leyfi mér því að efast um að þessi áhersla á íslenskukunnáttuna sé sett fram til að fólkinu líði betur, heldur einfaldlega til að hafa betri stjórn á því.“

Guðrún bendir líka á að yfirleitt sé ekki nóg að innflytjendur tali íslensku heldur þurfi þeir helst að tala fullkomna íslensku til að mark sé tekið á þeim. „Samt vitum við að fyrsta kynslóð innflytjenda mun aldrei geta talað fullkomna íslensku en börnin þeirra munu gera það.“ Og hún spyr hvort ekki sé kominn tími til að horfa frekar á hæfileika þess fólks sem hingað kemur í stað þess að einblína á þá hluti sem það getur ekki.

-ssal



FRÉTTABLAÐIÐ/ÓL

NJÓTA BLÍÐUNNAR Í NAUTHÓLSVÍK Fólk á öllum aldri naut lífsins á ylströndinni í Nauthólsvík í Reykjavík í gær. Þessar ungu stúlkur kældu sig undir bununni og virtust skemmta sér vel. Sigurður Ragnarsson spáir því að veðrið verði áfram gott og því ættu landsmenn að geta notið blíðunnar áfram.

Brugðist við skipum á ólöglegum veiðum:
Varðskip á vettvang

LANDHELGISGÆSLAN Varðskip voru í gær send út á Reykjanes hrygg til að setja pressu á sjóræningjaskipin sjö sem eru þar á ólöglegum veiðum, svo þau fylgi eftir alþjóðlegum sáttmála Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar.

Varðskipin geta ekki aðhafst beint gegn veiðum skipanna, þar sem þau eru öll utan íslenskrar lögsögu.

„Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin er að reyna að setja pressu á skipin, með því að gera þeim erfitt fyrir við að komast í hafnir og fá þjónustu. Við tökum þátt í þessum aðgerðum enda er um brot á alþjóðlegum sáttmála



SJÓRÆNINGJASKIP Reynt verður að hindra skipin í að fá þjónustu í erlendum höfnum.

að ræða,“ segir Kristján Jónsson, yfirmaður gæsluframkvæmda hjá Landhelgisgæslu Íslands. - mh

Vinstri-grænir undirbúa borgarstjórnarkosningar:
Vilja forval á lista

STJÓRNMÁL Lagt verður til á félagsfundi Vinstri-grænna í Reykjavík í dag að innanflokksprófkjör verði notað til að velja sex efstu framboðendur flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík næsta vor.

Í þessu skiptir engu hvort flokkurinn býður fram undir eigin nafni eða í samstarfi við hina flokkana sem í dag standa að Reykjavíkurlistanum.

Líklegt er talið að tillaga starfshópsins verði samþykkt.

Áhrifamenn innan Samfylkingar hafa lagt áherslu á að opið prófkjör verði haldið um uppröðun á R-listann. Tillagan sem lögð verður fyrir fund Vinstri-grænna gengur þvert á þessa kröfu. Hana má skilja sem skilaboð Vinstri-grænna til Samfylkingarinnar og annarra samstarfsflokka um að Vinstri-grænir ætli einir að velja sína fulltrúa á framboðslista.

Gangi þetta eftir verður það í fyrsta sinn sem Vinstri-grænir efna til prófkjörs við val á lista. -þþg

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu:
Vissi ekki af sölu Búnaðarbankans

EINKAVÆÐING Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hafði samið auglýsingu um sölu á ráðandi hlut í Landsbankanum eftir að hafa borist bréf frá Samson í júnílok 2002. Ráðherranefndin, sem í sátu Davíð Oddsson, Geir H. Haarde, Halldór Ásgrímsson og Valgerður Sverrisdóttir, breytti auglýsingunni eftir fund sinn og auglýsti báða bankana til sölu að framkvæmdanefndinni forspurðri. Fyrst þá vissi framkvæmdanefndin að selja ætti báða bankana, en hún hafði undirbúið að selja Landsbankann til almennings haustið 2002.

Þetta kemur fram í öðrum hluta greinaflokks Fréttablaðsins um einkavæðingu ríkisbankanna sem birtist í dag. Einnig er sagt frá því að Björgólfur Thor Björgólfsson hafi gert ráð fyrir því að fá forskot á kaupendur Búnaðarbankans en

ráðherranefndin hafi vísitandi dregið að semja um söluna á Landsbankanum til þess að koma í veg fyrir það.

Í blaðinu í dag segir meðal annars: Næsta dag sendi starfsmaður framkvæmdanefndarinnar nefndarmönnum tillögu að auglýsingu um sölu á að minnsta kosti 25 prósentu hlut í Landsbankanum og jafnframt fréttatilkynningu, þar sem fram kom að ákveðið hefði verið að áfangaskipta einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans. Samkvæmt fréttatilkynningunni yrði 20 prósentu hlutur í Búnaðarbankanum seldur 6. september í gegnum viðskiptakerfi Kauphallarinnar með svipuðum hætti og gert hefði verið með jafnstóran hlut í Landsbankanum. Í síðari hluta september yrði auglýst eftir kaupanda að umtalsverðum hlut í Búnaðarbankanum.

Nefndin áformaði að hittast síðar sama dag til að ganga frá auglýsingunni.

Af þeim fundi varð hins vegar ekki því að í millitíðinni fundaði ráðherranefndin og breytti auglýsingu framkvæmdanefndar að nefndinni forspurðri.

-sda/ Sjá síður 14 og 15





SPURNING DAGSINS

Jóhann, verða eyjabúar ekki að fá sér kajak?

„Allavega bjarghring.“

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndunarfélagsins, sagði hugmyndir sjálfstæðismanna í Reykjavík um byggð í eyjunum kringum borgina út í hött. Hann minnti á að helmingur Seltjarnarness hefði farið undir vatn í Básendalóðinu 1799.

Bráðkvaddur á sjó:

Maðurinn sem lést

ANDLÁT Maðurinn sem lést á báti sínum úti fyrir Bolungarvík í fyrradag hét Kristján Þorleifsson. Hann var 65 ára að aldri og lætur eftir sig eiginkonu og tvö uppkomin börn. ■

Umferðarslys í Hvalfirði:

Lést í árekstri

ANDLÁT Maðurinn sem lést í bílslysi í Hvalfirðinum á föstudag hét Skarphéðinn Kristinn Sigurðsson. Hann var 23 ára að aldri, til heimilis að Ljósavík 27 í Reykjavík. Hann var ókvæntur og barnlaus. ■

Mannskæð sprengjuárás:

Á þriðja tug létust

INDÓNESÍA, AP Á þriðja tug manna létust og fjórutíu særðust í tveimur sprengjuárásum í bænum Tentena á indónesísku eyjunni Sulawesi í gær. Nokkrir særðust í fyrri sprengingunni en seinni sprengjan var mun öflugri og sprakk þegar fólk kom hinum særðu til hjálpar.

Sá yngsti sem lést var þriggja ára drengur. Í það minnsta 22 létust en sú tala gæti hækkað.

Talið er að íslamskir vígamenn hafi komið sprengjunum fyrir. Yfirvöld segja að árásirnar tengist ekki átökum kristinna manna og múslima sem kostuðu um þúsund manns lífið á árunum 2000 til 2002. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

BRUNI Í BREIÐHOLTÍ Lögregla og slökkvilið voru kölluð út eftir að tilkynning barst um bruna í Breiðholtinu um klukkan hálf sjö síðdegis í gær. Bruninn var minniháttar og var búið að slökkva eldinn að mestu þegar lögregla kom á vettvang. Engan sakaði.

Rektorinn á Bifröst segir konur með helmingi lægri laun en karlar þrátt fyrir sömu menntun:

Skammast mín fyrir þessi skilaboð

JAFNRÉTTI Þrátt fyrir að konur tvöföldi laun sín og rúmlega það eftir nám við Viðskiptaháskólann á Bifröst munar samt nær fimmtíu prósentum á launum þeirra og launum karla eftir útskrift.

Þetta kom fram í ræðu Runólfs Ágústssonar rektors við útskrift í gær. Runólfur byggði orð sín á könnun um stöðu og störf nemenda sem hafa útskrifast frá Bifröst síðustu ár. Hann sagðist sannfærður um að sama ætti við um þá sem hafa útskrifast frá öðrum háskólum.

Runólfur var þungorður í ræðu sinni. „En hvers konar fréttir er ég hér að flytja ykkur, þið konur í hópi útskriftarnema. Jú, þrátt fyrir

að hafa að baki sama nám og að hafa sömu gráðu og skólafélagar ykkar, eruð þið af íslensku atvinnulífi ekki metnar eins og þeir sem sitja við hlið ykkar hér á þessari hátíðarstundu. Ég skammast mín fyrir þessi skilaboð.“

Runólfur hét að berjast gegn þessu, meðal annars með því að stofna rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála. Hann og Árni Magnússon félagsmálaráðgjafi skrifuðu undir samning þar um í gær. Auk þessa á að setja á fót átakshóp meðal kvenna í næsta útskriftarvangi sem á að efla vitund kvenna um stöðu sína á vinnu- markaði. ■



ÚTSKRIFTARHÓPURINN Á BIFRÖST 63 neman voru útskrifaðir í gær, þar á meðal fyrstu þrjár meistaranemarnir sem útskrifast frá Bifröst.

Ráðherrann frestar styttra framhaldsnámi

Menntamálaráðherra segir mikilvægast að markmið breytinganna haldi sér og að nám til stúdentsprófs verði þrettán ár í stað fjórtán. Formaður skólameistarassambandsins segir tíma nú gefast til að ræða málin betur.

MENNTAMÁL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur ákveðið að fresta fyrirhugaðri styttingu á námi til stúdentsprófs um eitt ár. Það þýðir að ný námsskrá tekur gildi haustið 2009 í stað 2008 eins og stefnt var að.

Meginástæður breytingarinnar eru ábendingar sem ráðherranum bærust frá nemendum og skólastjórnendum um að ekki væri nægjanlegur tími til stefnu. Einnig komu fram áhyggjur vegna ýmissa þátta í endurmenntun kennara og gerð námskrár og námstefnu.

„Aðalatriðið er þó að áformin halda sér, við þurfum að nýta tímann betur og það felst mikil verðmætasköpun í því að hafa þá meginreglu að skólaganga til stúdentsprófs verði þrettán ár í stað fjórtán. Þetta er afar mikilvægt fyrir íslenskt samfélag því það gengur ekki að Ísland sé eina þjóðin í Evrópu sem hefur svo langa skólagöngu til að komast í háskóla,“ segir Þorgerður Katrín.

Hún segir ljóst að breytingin muni kosta hundruð milljóna, en ekki verði hjá því komist að ráðast í þessa framkvæmd. „Okkur ber skylda til að nýta námstímann betur, við erum í alþjóðlegri samkeppni og hvert ár er dýrmætt,“ segir hún.

Þorsteinn Þorsteinsson, formaður skólameistarafélags Íslands, segist alls ekki ósáttur við frestunina og finnst hún afar eðlileg. „Það eru skiptar skoðanir um þessar breytingar innan raða skólamanna, menn vilja ræða þessi mál betur og þetta gefur



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSÐÓTTIR Menntamálaráðherra segir að það gangi ekki að íslendingar þurfi lengra nám til stúdentsprófs en aðrar Evrópuþjóðir.

mönnum betri tíma til að skoða ýmis álitamál í framkvæmdinni.“

Hann segist heyra að margir skólameistarar hafi nokkrar áhyggjur af framkvæmd breytinganna en sjálfur er hann fylgjandi styttingu námstímans. Hann hefur þó frekar vilja lengja skólaárið meira en

segist gera sér grein fyrir því að um það séu mjög skiptar skoðanir. „Þeir sem gagnrýna þessar breytingar mest óttast að með þessu sé verið að skerða námið, það verði minna nám í mikilvægum greinum,“ segir Þorsteinn.

ssal@frettabladid.is

Mótorkrossmót:

Erill hjá lögreglunni

VÍK Í MÝRDAL Töluverður erill var hjá lögreglunni á Vík í Mýrdal, vegna mótorkrossmóts sem staðið hefur yfir um helgina. Þrjú slys hafa orðið á öikumönnum bifhjóla. Einn ökumaður ökklabrotnaði, annar fór úr axlarlið og sá þriðji slapp með minni háttar meiðsl.

Tuttugu öikumenn hafa verið teknir fyrir of hraðan akstur í grennd við Vík í Mýrdal.

Eitt fíkniefnamál kom upp í gær þegar gestur á tjaldstæði var tekinn með um fjögur grömm af amfetamíni.

Töluverður fjöldi fólks er í bænum í tengslum við mótið. - mh

AUSTURRÍKI

NJÓSNAD FYRIR MOSSAD Peter Sichrovsky, fyrrum framkvæmdastjóri Frelsisflokks Jörgs Haider, segist hafa njósnað fyrir ísraelsku leyniþjónustuna Mossad allan tímann sem hann vann fyrir flokkinn. Hann sagðist hafa viljað hjálpa Ísrael og að Ísraelar hefðu viljað nota Haider sem tengilið við ýmis Arabaríki.

EPIÓPÍA

STJÓRNIN HÉLT VELLI Stjórnarflokkarnir héldu velli í eþíópísku þingkosningunum samkvæmt kosningaúrslitum sem voru birt í gær. Stjórnarflokkarnir fengu 269 af 547 þingsætum sem kosið var um 15. maí. Enn á eftir að taka á kærúmalum og endanleg úrslit verða ekki birt fyrir en 8. júní.

LÖGREGLUFRÉTTIR

SLUPPU VIÐ MEIÐSL Harður árekstur var á Ísafirði í gær þegar tveir bílar skulu saman á gatnamótum Skutulsfjarðarbrautar og Seljalandsbrautar. Að sögn lögreglu slasaðist enginn í árekstrinum, en bílarnir eru báðir algjörlega ókukhæfir.

Meirihluti ökumanna virðir ekki lög um hámarks hraða í Ártúnsbrekku:

Lögbrjótar eru í þúsundavís

LÖGREGLUMÁL Vel yfir fjögur þúsund öikumenn óku hraðar en á 110 kílómetra hraða um Ártúnsbrekkuna í vikunni samkvæmt mælum Gatnamálastofu Reykjavíkurborgar en það er 40 kílómetrum hraðar en leyfilegur hámarks hraði.

Ekkert virðist hafa breyst hvað þetta varðar síðan Fréttablaðið skýrði frá því fyrir tæpu ári síðan að vel yfir helmingur allra ökumanna sem um Ártúnsbrekkuna fara æki hraðar en lög leyfa og margir vel yfir hundruð kílómetra hraða. Lögregluvirkvöld báru þá við að ekki væri komið til móts við óskir hennar um hert eftirlit og gat enginn hjá umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík staðfest að eitthvað hefði breyst í millitiðinni. Lögreglumenn séu reglulega við eftirlit á svæðinu en það dugi skammt.



SUMARID ER TÍMINN Sjaldan er meiri umferð á helstu stofnvegum höfuðborgarinnar en þegar líða fer að sumri.

Þess má geta að almennar starfsreglur hjá lögreglunni eru að sekta ekki öikumenn nema að viðkomandi fari fimmtán til tutt-

ugu kílómetra fram yfir hámarks hraða. Í því ljósi hefði verið hægt að sekta öikumenn 60 þúsund sinnum í liðinni viku. -aðe

Ævintýraleg sumarsól í Austurlöndum

Mannlífið í Tailandi og á Bali á ómótstæðilegu verði

Fjöldmargir möguleikar í sumar og haust

Verðdæmi

Hua Hin 2 vikur í júlí	5 stjörnu lúxus 2 vikur í ágúst	Pattaya 2 vikur í júní
114.990 kr.	129.995 kr.	118.900 kr.
Verð á mann í tvíb. með sköttum	Verð á mann í tvíb. með sköttum	Verð á mann í tvíb. með sköttum

Bali 2 vikur í júlí
133.700 kr.
Verð á mann í tvíb. með sköttum

Nánari upplýsingar um verðdæmin er að finna á heimsíðunni www.kuoni.is

Mundu MasterCard ferðadæmistunna!

LANGferðir
Holtasmára 1 • 201 Kópavogi • Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is • Heimasíða: www.kuoni.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

KUONI

Brenna þessar spurningar á þínum vörum?



Hvernig húsnæðislán henta þér?



4,15%

Fastir vextir 4,15%



Íslensk óverðtryggð lán



Vaxtagreiðslulán



Blönduð lán



Erlend lán

Íslandsbanki hefur svörin

Íslandsbanki leggur áherslu á faglega ráðgjöf um húsnæðislán og persónulega þjónustu svo allir finni þá leið sem þeim hentar best. Við bjóðum sex tegundir húsnæðislána, verðtryggð og óverðtryggð, í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum. Með allt að **100%** láni er auðvelt að fjármagna draumhúsnæðið þitt.

Þú færð nánari upplýsingar um húsnæðislán Íslandsbanka hjá þjónustufulltrúum í útibúum, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.



ÍSLANDBANKI | 100%

GENGIÐ			
GENGI GJALDMIÐLA 27.05.2005			
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur USD	64,60	64,90
	Sterlingspund GBP	117,69	118,27
	Evra EUR	80,88	81,34
	Dönsk króna DKK	10,87	10,93
	Norsk króna NOK	10,12	10,18
	Sænsk króna SEK	8,79	8,85
	Japanskt jen JPY	0,60	0,60
	SDR XDR	95,84	96,42

Gengisvísitala krónunnar
112,50 -0,01%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Frakkar kjósa um stjórnarskrá Evrópusambandsins í dag: Örlítið fleiri segjast kjósa á móti

FRAKKLAND. AP Mjög mjótt er á muninum fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna um stjórnarskrá Evrópusambandsins samkvæmt síðustu skoðanakönnun sem birt var í gær. Samkvæmt henni segja 52 prósent Frakka nei við stjórnarskránni en 48 prósent já.

Allar skoðanakannanir sem birtar hafa verið að undanfögnu gefa til kynna að Frakkar hafni stjórnarskrársáttmálanum. Öll 25 aðildarríki Evrópusambandsins þurfa að staðfesta sáttmálanum til að hann taki gildi.

Frakkar eru ekki einir um að stefna samþykkt stjórnarskrár-



sáttmálans í hættu. Á miðvikudag greiða Hollendingar atkvæði um sáttmálan, skoðanakannanir þar sýna að þrír af hverjum fimm landsmönnum séu andvígir honum.

„Ef Frakkar segja nei, sem er alvarleg höfnun, og Hollendingar fylgja í kjölfarið, held ég að sáttmálinn heyri í raun sögunni til,“ sagði John Palmer, sérfræðingur í Evrópumálum. ■

KOSNINGAAUGLÝSINGAR SKOÐAÐAR
Búist er við að stjórnarskránni verði hafnað í Frakklandi í dag og Hollandi á miðvikudag.

Flugslysaaefing:

Gekk vel fyrir sig

AKUREYRI Flugslysaaefing var haldin á Akureyrarflugvelli um helgina. Yfir þrjú hundruð manns tóku þátt í aefingunni og voru heilbrigðisstarfsfólk, þjörgunarsveitir, lögreglan, slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, að ögleymdum miklum fjölda fólks sem lék slasaða, í aðalhlutverkum.

Að sögn Árna Birgissonar, aefingastjóra hjá Flugmálastjórn Íslands, gekk aefingin nokkuð vel. „Það komu upp örlitlir hnökur í kringum fjaraskipti, en að öðru leyti gekk þetta alveg ágætlega,“ sagði Árni. - mh



RAFRÆN KOSNINGAKERFI Mælt er með að rafrænum kosningakerfum verði hent í Bandaríkjunum en þau verða notuð í Frakklandi í dag.

Miami-Dade:

Vill henda tölvunum

BANDARÍKIN. AP Best væri að henda rafrænum kosningakerfum sem keypt voru eftir forsetakosningararnar árið 2000 og kaupa í þeirra stað skanna sem flokka og telja atkvæðaseðla. Þetta er mat Lester Sola, yfirmanns kosningakerfisins í Miami-Dade-sýslu, sem var í brennidepli vegna talningar atkvæða í kosningabaráttu George W. Bush og Al Gore.

Sola segir almenning hafa svo litla trú á rafræna kosningakerfinu að besta leiðin til að auka tiltrú fólks á kosningakerfinu sé að henda kerfinu sem kostaði andvirði 1,6 milljarða króna. ■

LÖGREGLUFRETTIR

TEKINN Á 150 Lögreglan í Stykkishólmi stoppaði tvo ökumenn á ofsahraða á Snæfellsnesi um helgina. Annar var á rúmlega 150 kílómetra hraða en hinn á rúmlega 140.

FÍKNIEFNAMÁL

HANDTEKNIR TVISVAR Í SÖMU VIKUNNI Tveir karlmenn á Selfossi hafa verið handteknir tvisvar síðustu daga fyrir að hafa ólögleg fíkniefni undir höndum. Þeir voru handteknir á laugardag eftir að tíu til fimmtán grömm af kannabisefnum fundust í fórum þeirra. Þá var einnig handtekin kona sem var hjá þeim og ætlaði að kaupa efni af þeim.

Bæta þarf samskipti þjóðarflokkanna


Kofi Annan segir að enn þurfi að bæta aðstöðu fólks í Darfur þrátt fyrir að líf þess hafi batnað að undanfögnu. Hann kom til héraðsins í gær til að kynna sér aðstæður og ræða við ráðamenn.

SÚÐAN Ástandið í Darfur hefur batnað en stjórnvöld á svæðinu þurfa að gera meira til að bæta aðstöðu þeirra hundruð þúsunda einstaklinga sem hafa flúið ofbeldi í héraðinu. Þetta sagði Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, þegar hann kom í dagslanga heimsókn til Darfur-héraðs í Súdan í gær.

Annan ræddi við Al-Haj Atalmanan Idris héraðsstjóra sem sagði honum hvernig reynt væri að bæta samskipti þjóðflokka sem byggja Darfur. Þannig væri leitast við að gera svæðið friðvænlegra og líf íbúanna betra en áður. Annan tók undir með héraðsstjóranum að ástandið hefði batnað en sagði þörf á að gera meira svo ástandið gæti talist eðlilegt.

„Við ræddum þörfina á að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma á friði í Darfur og tryggja að bændur geti snúið aftur til jarða sinna, gróðursett, ræktað og uppskorið. Annars horfum við fram á neyðaraðstoð sem á eftir að reyna mjög á getu alþjóðasamfélagsins til að bregðast við,“ sagði Annan að fundinum loknum.

Síðasta fimmtudag var haldin ráðstefna í Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu, og var markmið hennar að safna fé til friðargæslu í héraðinu. Þrátt fyrir eindregin bænaraðir Kofi Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, söfnuðust aðeins um 13 milljarðar íslenskra króna. Þar af komu 8,5 milljarðar frá Kanada. Samtök Afríkuríkja töldu að alls



KOFI ANNAN Í SÚÐAN Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur ferðast um Afríku síðustu daga til að ræða um og kynna sér ástandið í hinu stríðshjáða héraði Darfur.

þyrftu að safna tæpir 30 milljarðar, en samtökin sjá um friðargæsluna í héraðinu. Charles Snyder, fulltrúi Bandaríkjanna á ráðstefnunni, sagði að til að ljúka átökunum þyrfti Atlantshafsbandalagið að styðja við bakið á samtökunum. Hann taldi að þau

hefðu í raun verið að leita eftir utanaðkomandi stuðningi. Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins sagði bandalagið á fundinum tilbúið að veita alla þá aðstoð sem óskað væri eftir. „En Samtök afríkurríkja verða að halda um stýrið.“ ■

Impregilo:

Borgi fyrir yfirvinnu

DÖMSMÁL Impregilo var dæmt til að greiða Austfjarðaleið 122 þúsund krónur auk dráttarvaxta fyrir ógreidda yfirvinnu bílstjóra. Að auki þarf Impregilo að greiða Austfjarðaleið 100 þúsund krónur í málskostnað.

Impregilo hefur þegar greitt rúmar 5,6 milljónir af rúnum 5,7 milljónum sem Austfjarðaleið taldi sig eiga inni hjá fyrirtækinu. Hlífur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Austfjarðaleiðar, segir þetta alls ekki hafa komið sér á óvart. „Þetta var alveg ljóst af okkur hálfu, þarna var einfaldlega ekki búið að ljúka greiðslum fyrir umsamda þjónustu,“ sagði Hlífur.

- mh

TÉKKLAND


GEISLAVIRKT VATN LAK ÚT Um 3.000 lítrar af geislavirkum vatni láku úr tékknesku kjarnorkuveri nærri landamærunum að Austurríki. Talsmaður kjarnorkuversins sagði þó að hvorki umhverfinu né starfsmönnum versins stafaði hættu af lekanum.

MÍÐ-AUSTURLÖND

ÞJÁLFA FLEIRI LÖGREGLUMENN Palestínska heimastjórnin ætlar að ráða 5.000 manns til starfa í öryggissveitir sínar til að tryggja öryggi meðan Ísraelar hverfa frá landnemabyggðum á Gazasvæðinu. Þetta er gert vegna skorts á samhæfingu við Ísraelsstjórn um brott-hvarfið.

KJÓSA UM FANGA Ísraelska stjórnin greiðir í dag atkvæði um hvort sleppa eigi 400 palestínskum fongum úr fangelsi. Fangarnir eru meðal þeirra sem Ariel Sharon forsetisráðherra hét að veita frelsi þegar samið var vopnahlé milli Ísraela og Palestínanna.

Mögnuð saga



„Evar Örn skrifar afar lipran texta, samtölin eru þjal og spennufléttan haganlega samansett.“
- Silja Björk Hulduóttir, Mbl.

„Bók sem unnendur íslensku spennusögunnar mega ekki láta fram hjá sér fara.“
- Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, bokmenntir.is

Komin í kilju

Mál og menning
edda.is

VEÐRIÐ Í DAG


SVIPAD ÁFRAM Þurrkatíð er í kortunum með svipuðu veðri og verði hefur.

HITABYLGJA Í EVRÓPU


Sumarið í álfunni kom með krafti, nema kannski hér hjá okkur. Segja má að nett hitabylgja sé um allt Miðjarðarhaf og norður úr alveg til Bretlands og Danmerkur. Ekkert lát er á hitunum en sumstaðar í álfunni er hitinn við líkamshita, þ.e. 37°C sem er kraftmikill hiti í maímánuði. Ekki er hægt að útiloka að þarna séu enn ein merkin um gróðurhúsáhrif!

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfraeðingur


Um hádegi



Á morgun



Þriðjudagur



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	23°C léttskýjað	Paris	24°C léttskýjað	Alicante	26°C skýjað
Osló	14°C skýjað	Berlín	30°C heiðskirt	Milano	30°C léttskýjað
Stokkhólmur	20°C léttskýjað	Frankfurt	30°C heiðskirt	New York	26°C hálfskýjað
Helsinki	12°C hálfskýjað	Madrid	30°C hálfskýjað	San Francisco	20°C léttskýjað
London	20°C léttskýjað	Barcelona	29°C hálfskýjað	Orlando/Florida	33°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Nýjung hjá VISA – rafrænt í stað pappírs

Viltu minnka pappírsflóðið?

Það er ódýrast að skoða VISA-yfirlitið í heimabankanum, afþakka yfirlit í pósti og láta skuldfæra reikninginn.

Útskriftargjöld:	Kr.
Netyfirlit og skuldfært af reikningi	50
Yfirlit í pósti og skuldfært af reikningi	95
Netyfirlit og rafrænn greiðsluseðill	180
Yfirlit í pósti og greitt með greiðsluseðli	270

Þú getur afþakkað pappírsyfirlitið á www.visa.is

VISA – ávallt í fararbroddi með tæknilegar nýjungar.

VISA Ísland - Greiðslumiðlun hf. Sími 525 2000 www.visa.is





KJÖRKASSINN

Á að reisa íbúðabyggð í Viðey, Engey, Akurey og Geldinganesi?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	53,2%
Nei	46,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga Skorrðælingar að sameinast nágrannasveitarfélögum sínum?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Kosningar hefjast í Líbanon, þær fyrstu eftir að Sýrlendingar fóru frá landinu:

Kosið um arfleifð Hariri

LÍBANON. AP Líbanar ganga í dag að kjörborðinu og kjósa sér nýtt þing í fyrsta sinn eftir að Sýrlendingar hurfu frá landinu með hermenn sína og leyniþjónustu.

Kosningarnar eru haldnar í skugga morðsins á Rafik Hariri, fyrrum forsætisráðherra Líbanons, sem var ráðinn af dögum í febrúar. Ganga sumir svo langt að segja að kosningarnar snúist í raun um arfleifð forsætisráðherrans fyrrverandi. Stór veggspjöld með myndum af Hariri víða í höfuðborginni styrkja þetta viðhorf.

Afstaðan til samskipta Líbanons við Sýrland hafa einnig mikið að segja um úrslitin. Í höfuðborginni



KOSNINGARNAR UNDIRBÚNAR Embættismenn undirbjúgu kosningarnar í gær. Hér sjást nokkrir þeirra bera atkvæðaseðla inn á kjörstað.

er meiri andstaða við Sýrlendinga en í suðurhluta landsins þar sem Hezbollahskæruliðar eru áhrifamiklir, þeir hafa notið stuðnings

Sýrlendinga. Fleira hefur þó áhrif einkum og sér í lagi ætterni og fjölskyldutengsl sem hafa mikið að segja í líbónskum stjórnmálum. ■

Ungir framsóknarmenn:

Vilja halda í vaxtabæturnar

STJÓRN MÁL Ungir framsóknarmenn leggjast gegn því að vaxtabótakerfið verði afnumið.

Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna segir í ályktun að vaxtabætur séu eitt besta tækifæri sem stjórnvöld hafa til að hjálpa fólki við að koma sér þaki yfir höfuðið. Þá segja þeir að ekki megi koma í bakið á því unga fólkið sem hefur stofnað til skulda vegna íbúðakaupa og tekið vaxtabætur með í reikninginn við ákvörðun um húsnæðis kaup.

Geir H. Haarde fjármálaráðherra hefur sagt að til greina komi að afnema vaxtabótakerfið.

- bþg

Greiðslur til friðargæsluliða: Enginn misskilningur

FRÍÐARGÆSLUSTÖRF Vegna ummæla Steinars Arnar Magnússonar friðargæsluliða um að misskilningur milli stofnana hefði valdið því að friðargæsluliðar hefðu ekki fengið bætur frá Tryggingarstofnun vill Karl Steinar Guðnason, forstjóri Tryggingarstofnunar, áréttta að einskis misskilnings hafi gætt af hálfu Tryggingastofnunar.

Hann segir svör utanríkisráðuneytisins við beinum spurningum hafa verið á þá lund að friðargæsluliðarnir hefðu ekki verið í vinnu þegar að slysið átti sér stað.

Síðar komu fram nýjar upplýsingar frá utanríkisráðuneytinu og var þá fyrri ákvörðun endurskoðuð.

-jse

Segir samfélagið framleiðaða öryrkja

Góð menntun, há laun, glæsilegt útlit og lífsgæði eru kröfur samfélagsins. Þeir sem ekki standa undir þeim lenda utan garðs og enda sem öryrkjar. Úrræði skortir og yfiríðjubjálfi á geðsviði Landspítalans segir starfsfólk vera að gefast upp.

HEILBRIGÐISMÁL „Samfélagið er að búa til öryrkja,“ segir Sylviane Pétursson yfiríðjubjálfi á Landspítala háskólasjúkrahúsi. Hún hefur starfað við íðjubjálfa og geðsviði Landspítalans síðastliðin 24 ár. Hún gagnrýnir stjórnvöld harðlega fyrir þá stöðu sem skapast hefur hér á landi.

Samkvæmt tölum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands fjölgaði öryrkjum hér um fjórutíu prósent á árunum 1998 til 2003.

„Umræðan um að fólk sé að svíkja út örorkubætur er byggð á misskilningi,“ segir Sylviane. „Kröfur okkar samfélags nú eru að fólk hafi góða menntun, há laun, sé glæsilegt og vel klætt. Stórt hlutfall unglunga flosnar upp eftir grunnskólann og fer ekki í framhalds-menntun. Þeim sem ekki ná að vera innan þessa ramma sem velferðarþjóðfélagið setur, fer að líða illa. Afleiðingarnar eru í fyrstu minnimáttarkennnd og vanlíðan sem síðan getur þróast í streitueinkenni. Viðkomandi endar hjá lækni, sem meðhöndlar vandann sem sjúkdóm í stað þess að skoða umhverfisþætti. Þarna þyrfti að grípa strax inn í og hjálpa fólki til að greina orsakir vandans og vinna sig út úr honum. En það eru engin úrræði til staðar, ekki fyrir en fólk þarf að sækja aðstoð á geðsviði LSH, jafnvel á bráðadeild, þá orðið verulega veikt.“

„Tvö síðastliðin ár höfum við staðið frammi fyrir því að geta ekki meðhöndlað allan þann fjölda fólks sem þarf endurhæfingu. Við erum að gefast upp. Ung börn eru að bíða mánuðum, jafnvel árum saman, eftir því að fá mat og greiningu á barna- og unglingsgeðdeild LSH. Stór hluti unglunga sem flosnar upp úr námi er framtíðaröryrkjar.“

Sylviane segir, að 25 manns séu nú á biðlista eftir þjónustu á göngu-deild geðsviðsins. Þeir komist ekki að fyrir en um áramót. Um helmingur þeirra sé fæddur 1980 til 1985. Verið sé að taka inn fólk sem hafi beiðið síðan í janúar.



SYLVIANE PÉTURSSON „Velferðarkerfið getur ekki staðið undir þeim mikla vanda, sem vaxandi örorka leiðir af sér, til lengdar,“ segir Sylviane Pétursson, yfiríðjubjálfi á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

„Þeir sem á þurfa að halda fá endurhæfingarbætur í 18 mánuði,“ segir hún. „Sá tími er stundum útrunninn áður en meðferðinni er lokið, því biðlistar eru svo langir. Bæturnar geta því fokið fyrir ekki neitt á meðan fólkið verður veikara og veikara. Auka þarf úrræði til starfsendurhæfingar, þannig að hægt sé að grípa strax inn í þegar fólk er að flosna upp úr vinnu eða skóla. Með því má koma í veg fyrir að það komi illa veikt inn á bráðadeildirnar.“

„Yfirvöld félagsmála, menntamála og heilbrigðismála verða að athuga þennan mikla og vaxandi vanda frá rótum og gera ráðstafanir til að snúa þessari þróun við“

jss@frettabladid.is



GÖÐ GJÖF Lionsmenn í Nirði og starfsmenn á Landspítala Grensási þegar gjöfin var afhent.

Lionsmenn í Nirði:

Gáfu þrettán sjónvörp

FÉLAGSMÁL Lionsmenn komu færandi hendi á Grensási fyrr í þessari viku þegar þeir afhentu þrettán sjónvarpstæki sem þeir höfðu safnað fyrir.

Það voru félagar í Lionsklúbbum Nirði sem færðu deild R-3 að Grensási að gjöf þrettán sjónvarpstæki með innbyggðum DVD-spilara ásamt festingum á vegg. Formaður Lionsklúbbsins Njarðar, Hörður Sigurjónsson, afhenti gjöfina í athöfn í skála á deildinni.

Með gjöf Lionsmanna verða komin sjónvarpstæki á allar sjúkrahöfnir og deildir. Við þetta tækifæri söng Gerðubergskórinn nokkur lög og færði deildinni að gjöf fjóra geisladiska. Ingibjörg S. Kolbeins hjúkrunardeildarstjóri á R-3 veitti gjöfunum viðtöku.

-jss

LOTTÓ

ENGINN MEÐ FIMM RÉTTA Fyrsti vinningur í Lottóinu gekk ekki út í gærkvöldi. Fyrsti vinningur verður því þrefaldur í næstu viku, hann var rúmar sex milljónir í gær. Fjórir voru með fjórar tölur réttar og bönustöluna að auki og fær hver og einn 136 þúsund krónur. Tölur kvöldsins eru 7, 21, 22, 24 og 28, bönustalan 29.



NÁTTÚRAN Í RÍKI MARKMIÐANNA

Hvert ætlum við okkur með náttúruna? Hvað ætlar náttúran sér með okkur?

Alþjóðleg ráðstefna í Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi 11. og 12. júní 2005

Markmið ráðstefnunnar er að huga að stöðu náttúrunnar í samtímanum og birtingarmyndum hennar á ólíkum sviðum mannlífs.

Ráðstefnan er öllum opin. Innritun og frekari upplýsingar á: www.midja.is/fraedslunet

FYRIRLESARAR:

- Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands
- Antje von Graevenitz, prófessor í listfræði við háskólann í Kóln
- Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í vistfræði við Boston University
- Emily Brady, prófessor í heimspeki við City University í New York
- Eric Palazzo, prófessor við háskólann í Poitiers.
- Holmes Rolston III, prófessor í heimspeki við Colorado State University
- Mariele Neudecker, myndlistarmaður
- Mikael M. Karlsson, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri
- Ósk Vilhjálmisdóttir, myndlistarmaður
- Páll Skúlason, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands
- Roger Pouivet, prófessor í heimspeki við háskólann í Nancy
- Þorvarður Árnason, náttúrufræðingur og kvikmyndagerðarmaður
- Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands

Fræðslunet Suðurlands, Tryggvagötu 25, 802 Selfossi Sími 480 81 55 – Netfang: fraedslunet@sudurland.is

Úrskurður vegna Upplýsingamiðstöðvar ferðamála:

Reykjavíkurborg fær engan frest

SAMKEPPNISRÁÐ Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi úr gildi frest sem samkeppnisráð hafði veitt Reykjavíkurborg til að skipta upp starfsemi Upplýsingamiðstöðvar ferðamála og bjóða hluta af starfsemi út. Að öðru leyti staðfesti áfrýjunarnefndin úrskurð samkeppnisráðs.

Áfrýjandi var Ferðabjónusta Reykjavíkur ehf. sem vildi meina að Upplýsingamiðstöð ferðamála nýti ólöglegar samkeppnisstöðu um bókanir á gistingu og þjónustu vegna opinberra styrkja frá Reykjavíkurborg. Samkeppnisráð féllst á rökstuðninginn og gerði Höfuðborgarstofu að bjóða út rekstur bókanarþjónustunnar. Borgin fór fram á frest til 1. október á grundvelli þess að vont væri að gera skipulagsbreytingar á háannatíma ferðabjónustunni. Samkeppnisráð veitti frestinn.

Ferðabjónusta Reykjavíkur ehf. áfrýjaði sem fyrr segir þeim



UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi úr gildi fresti sem Reykjavíkurborg hafði fengið til að fara að fyriræluum ráðsins.

úrskurði til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem felldi frestin úr gildi og því ber Höfuðborgarstofu að hlíta úrskurði

samkeppnisráðs að fullu fyrir 1. júlí og skilja að fullu á milli bókanarþjónustu og annarrar þjónustu.

-óá

Lífsstíll!

SWIFT

frumsýning
laugardag og sunnudag frá 12-17



Hugbók, Mei 05

Swift er nýr bíll frá grunni,
hannaður í Evrópu fyrir Evrópumarkað.

Swift er bíll sem setur alveg ný viðmið
í hönnun, útliti og aksturseiginleikum minni fólksbíla.
Swiftinn er mættur - komdu að leika!

NÝR



Lífsstíll!

 **SUZUKI**

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Fréttablaðið hefur gert mikla úttekt á einkavæðingu ríkisbankanna. Fram kemur að margt gerðist áður en bankarnir voru seldir. Ekki er víst að allir fagni framtaki blaðsins.

Nei

Fréttablaðið birti í gær fyrsta þáttinn í fréttaskýringum um sölu ríkisbankanna. Annar þáttur er í blaðinu í dag og næstu daga fylgja fleiri eftir. Það var mikið verk að vinna að þessum þáttum og blaðamaðurinn Sigríður Dögg Auðunsdóttir hefur fát annað gert í nokkrar vikur en að afla gagna og ræða við menn sem tengdust þessari miklu einkavæðingu. Í fyrstu virtist verkefnið vera sem ókleifur hamar. Eftir samtöl hér og þar, gögn héðan og þaðan, skýrðist myndin hægt og bitandi. Árangurinn er einhver merkasta úttekt sem íslenskur fjölmiðill hefur gert. Það eru ekki margir fjölmiðlar á Íslandi sem hafa getu, kjark og sjálfstraust til að ráðast í verk sem þetta. Fréttablaðið hefur það sem til þarf og Fréttablaðið á eftir að gera meira. Fréttablaðið er stolt í dag.

Andstaðan við verkið var sumstaðar mikil. Til að vinna að þessari miklu úttekt hefur Fréttablaðið og blaðamaðurinn sem hefur annast verkið mætt andbyr og oft miklum. 19. apríl var framkvæmdanefnd um einkavæðingu beðin um fundagerðir vegna sölu Búnaðarbankans. Því erindi var sýnað og hefur sýnjuninni verið áfrýjað til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Fréttablaðið bað um fleiri gögn. Alltaf kom sama svarið, sýnað. Nei, er eina svarið og það verður gaman að sjá hvernig úrskurðarnefndin bregst við. Hvort upplýsingalögin dugi til að opinberar bækur um stærstu einkavæðinguna til þessa, verði opnar almenningi fyrir tilstuðlan Fréttablaðsins.

Sumt er ekki hægt að koma í veg fyrir. Til að mynda getur enginn komið í veg fyrir áræðni blaðamanns. Blaðamaður getur spurt og spurt aftur og aftur. Það getur enginn bannað. Það getur heldur enginn bannað að flett sé í ummælum ráðamanna, bæði þau sem féllu fyrir fáum árum og þau sem síðan hafa fallið. Það getur enginn bannað að borin sé saman orð og efndir.

Kannski spyrja minni spámenn í stjórnárum foringja sína, foringja sem þeir hafa fylgt blint árum saman, hvers vegna þetta og hvers vegna hitt

Kannski er það öðrum en fjölmiðlum nær að spyrja hvað hefur valdið sinnaskiptum og skoðanaskiptum. Kannski spyrja minni spámenn í stjórnárum foringja sína, foringja sem þeir hafa fylgt blint árum saman, hvers vegna þetta og hvers vegna hitt. Kannski kemur að því.

Kaupendur bankanna eru um margt ólíkir. Samsonarnir áttu nóg af peningum. Voru harðir, vildu fá banka á því verði sem þeir vildu borga. Og fengu banka á því verði sem þeir vildu borga. Annað var með S-hópin. Til að hann gæti keypt banka urðu landsfeðurnir að taka þátt í leiknum. Ekki allir af vilja, en þegar viðskiptahagsmunir vinanna skiptu suma þeirra meira máli en þátttaka í ríkisstjórn, fór svo að hagsmunagæsluadallinn hafði betur, og allir undu glaðir við sitt.

Fyrir Íslendinga var það mikil blessun að bankarnir voru einkavæddir og þeir sem eiga þá nú eru langtum betri eigendur en þeir sem ríkið valdi til að stýra bönkunum voru nokkurn tíma, langtum betri. Fréttablaðið er ekki að skrifa greinaflokkum um það, heldur hvernig staðið var að sölnunni, sinnaskiptunum og hvernig kaupin gerðust á eyrinni.

Þegar óskað er upplýsinga er svarið venjulegast nei. Steinar eru lagðir í götu þess sem leitir upplýsinga. En það stöðvar hann ekkert, ekki einu sinni svarið nei. Ef einhver vill ekki að hlutirnir séu skýrðir og biður Fréttablaðið miskunnar, er svarið nei. ■

Stökktu til

Rimini

2. júní frá kr. 29.990

Verð kr. **29.990** í viku
/ kr. 39.990 í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 1 eða 2 vikur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 2. júní.

Verð kr. **39.990** í viku
/ kr. 49.990 í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó/íbúð í 1 eða 2 vikur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 2. júní.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð til Rimini þann 2. júní. Njóttu fegursta tíma ársins á þessum vinsælasta sumarleyfisstað Ítalíu við frábæran aðbúnað. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gríðastaður róttæklinga

Lesbók Morgunblaðsins er ekki bara vettvangur fyrir póstmóðernískt hugmyndaflug gáfumanna úr háskólasamfélaginu. Hún er líka einn af síðustu gríðastöðum vinstri róttæklinga hér á landi. Þeir sem vilja rifja upp tungutak kreppuáranna eða 68-kynslóðarinnar finna áreiðanlega fyrir unaðsstraum þegar lesnir eru pistlar með gömlum Þjóðviljafyrirsögnum eins og „arðræningi“, en eina slíka, ágætlega stílaða og ihugunarverða, mátti einmitt finna í Lesbókinni í gær. Svo þversagnarkennt sem það er, er tilefnið Kínaför fyrirverandi ritstjóra Þjóðviljans, núverandi forseta Íslands, herra Ólafs Ragnars Grímssonar.

Arðræningjar

Höfundur greinarinnar í Lesbókinni, Guðni Elisson bókmenntafræðingur, gagnrýnir forseta Íslands harðlega fyrir að liðsinna íslenskum kaupsýslumönnum í Kína sem hann kallar „arðræningja“. Guðni harmar að fólk sé hætt að skilja þetta „máttuga orð“. Hann segist sakna þeirra „gömlu góðu daga þegar vinstri hreyfingin var ekki grænt og grunlaust framboð heldur breiðfýlking hvatvisra ideólóga, því þá hafi íslenskar „auðvalds- og athafnabullur“ verið „löðrungaðar með orðinu mörgum sinnum á dag, eins og þær áttu skilið, eftir að hafa rænt peningum fólksins í landinu“.

Einn þeirra sem mest hafi notað orðið hafi einmitt verið Ólafur Ragnar Grímsson.

Prælakista í Kína

Guðni talar um að Íslendingar reki prælakistu í Kína og nefnir í því sambandi verksmiðju Sjóvíkur í Qingdao, sem hann segir að sé „dulbúin sem frystihús“; þar ræni íslenskir athafnamenn kínverskar stúlkur æskunni og heilsunni, „að ekki sé talað um arðinn af vinnu sinni“. Vinnuharkan þar sé gífurleg. „Herra Ólafur Ragnar Grímsson sagði margt eftir heimsóknina í frystihúsið,“ skrifar Guðni, „en ekkert af því sem hann hefði átt að segja. Kannski gat hann ekki sagt það sem hann vildi en þá hefði hann átt að þegja.“

gm@frettabladid.is

100 daga orrustan

Hundrað daga orrustan er hafin um völdin í Reykjavík. Flokkarnir sem berjast um Ráðhússýslu eru annars vegar Sjálfstæðisflokkur sem hefur að mörgu leyti átt erfitt uppráttar í stjórnarandstöðu undanfarinna ára og hinsvegar sambland vinstri- og miðjuflokka undir regnhlífl Reykjavíkurlistans sem hefur á síðustu vikum og mánuðum minnt á eðli sitt; málamiðlunarstjórnmalin verða alltaf leiðigjörn til lengdar. Einværstaðar í fjarska eru svo frjálsslyndir sem virðast umfram allt óháðir.

Atakalínurnar á næstu mánuðum verða á milli D-lista og R-lista. Þeim síðarnefnda er lífsnausyn að sannfæra borgarbúa um að samheldni ríki innan listans, svo og að sýna fram á að samsteypa flokka hafi eitthvað lengur fram að færa annað en ósk um enn frekarir völd. Sá fyrrnefndi verður að láta af leiðindum sínum; hætta sifelldu tuði um bága fjárhagsstöðu og allt sem heyrir fortíðinni til ... þess heldur að hann boði eitthvað nýtt. Og nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn rumskað.

Og gott betur. Borgarfulltrúar gamla flokksins böðuðu út blöðum sínum eins og bláklukkur að vori á fimmtudag. Á vel stýrðum blaðamannafundi lögðu þeir fram djarfa, mótada og aðlaðandi framtíðarsýn sem varðar byggðapröun í Reykjavík. Og þeim tókst ætlunarverk sitt; að hreyfa við fólk – og þess utan að ná nokkru frumkvæði í umræðunni um helsta úrlausnarefni í borgarsamfélaginu; skipulagsmál.

Það gildir jafnt um gamla flokka sem nýja að ferskleiki verður að leika um stefnumið þeirra, enda þótt gömul stefnufesta megi vissulega fylgja með í bland. Reykjavíkurlistinn hefur verið upptekinn af innra þrefi um einskis nýta hluti að undanförunu og komið til dyranna eins og illa rakaður svefnpúki að morgni. Það stafar ekki lengur nokkur ferskleiki af þeim lista. Og ef hann tekur sig ekki á á næstu mánuðum verður erfitt fyrir hann að snyrta ásjónu sína.

Frumkvæðið í reykviskri pólitík er núna sjálfstæðismanna.

Á fundinum á fimmtudag tókst borgarstjórnarliði Sjálfstæðisflokksins að hrista upp í syfjulegri stjórnárumræðu borgarinnar og leggja fram byggðaaætlun sem bragð er að. Flokkurinn hefur tekið ískrandi beygju í byggðamálum og er það vel; gömlu hugðarefni hans, Breiðholtin og síðar Grafarvogurinn eru svo gott sem fullbyggð – og í stað þess að halda enn lengra upp á heiðarnar í kringum Reykjavík – sem D-listinn vildi ólmur á sinni tíð – er stefnan tekin niður á strönd þar sem borgin idar hvað ákafast af lífi. Þetta er vel.

Loksins þorir einhver að minnast á það fyrir alvöru að reisa byggðir í

TÍÐARANDINN SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

„Sjarmi borgar er þéttleiki og skjól. Reykjavík heldur hvorki vatni né vindum. Þar eru flestar götur breiðgötur. Þar hefur aðaláherslan verið lögð á að flytja fólk búferlaflutningum austur á gróðurlausar heiðar. Loksins benda einhverjir í aðra átt. Og það kom í hlut sjálfstæðismanna að vakna af þeim fastasvefni sem byggðamálun hafa verið í á undanförunum áratugum.“



eyjunum við Sundin blá. Loksins hverfa menn frá þeim misskilningi að landfyllingar heyrir til umhverfisspjalla og stökkvi nokkrum margæsum á burt úr matarkistu sinni. Loksins er lögð fram heillandi hugmynd sem gerir ráð fyrir nýrri byggð fyrir þrjátíu þúsund íbúa á eyjunum á sunnanverðum Kollafirði; nákvæmlega á þeim stað sem lengi vel hefur verið talinn til fegurstu svæða borgarlandsins.

Þegar flogið er yfir höfuðborgina undrast menn jafnan lögun byggðarinnar. Hún teygir sig eins og ræma frá Seltjarnarnestá og þaðan í dældum og skellum upp á heiðar, skorin sundur af mikilli braut sem liggur um hana miðja og skipti henni að lokum í tvö pólitísk kjördæmi. Yfir Kollafirðinum sér til nokkurra eyja – og væri það ekki fyrir nálægðina við sjálfa miðborgina, mætti álykta sem svo að þar væri að líta nokkrar vonlausar eyði-

jarðir sem menn hefðu yfirgefið í eynd sinni og volæði sakir einangrunar og ómenningar. En það er ekki svo; jafnt Engey og Viðey rísa hátt í Íslandsögunni, jafnt þeirri félagslegu og atvinnulegu, að ekki sé talað um hina menningarlegu – og þar var heillandi mannlíf í mannsaldrá, langt fram á síðustu öld.

Með nútímatækni er næsta auðvelt að tengja þessar perlu við meginland borgarinnar. Og vel að merkja; engin ástæða er til að viðhalda einangrun þeirra, miklu frekar er að fylla þær lífi á ný – borgarlandið er dýrt og þegar saman fer hátt verð og náttúrufergur með ómældu útsýni til allra átta, er engin ástæða til að snúa sér undan og góna enn frekar upp á heiðarnar.

Mikill hluti af strandlengju Reykjavíkur hefur farið undir illa þefjandi iðnaðarstarfsemi. Það er skammssýni. Enda eru menn óðara að breyta gömlum atvinnuhjólum í íbúðarhús og heilu bryggjuhverfin. Þetta á við um Reykjavík og aðrar höfuðborgir Evrópu. Fólk þráir nálægðina við sjó og strandir. Úthverfastefnan getur verið kostur í stöðunni en hún má heldur ekki vera eina valið í byggðamálum; á næstunni munu æ fleiri borgarbrúar líta á það sem sjálfsagðan hlut að reisa heimili sitt í sæmilegum þrængslum nálægt miðborginni, í þokkalegu návígi við annað fólk, með öðrum orðum... í borg.


Dreifibýlishugsunarhátturinn í uppbyggingu borgarsamfélagsins hefur verið ríkjandi í þau hundrað ár sem Reykjavík hefur verið að byggjast upp. Áherslan á heilu hektaranna í kringum hverja einbýlishúsalöð hefur gert það að verkum að borgarlandið hefur þanist út og minnir á flæmi sem milljónaborgir þurfa umleikis. Gríðarlegt magn af timbri hefur þurft til að smíða verandir yfir allan mosann í gördunum. Og gífurlega umhírðu hefur þurft til að sinna öllum almenningsgörðunum sem alla jafna hafa lítið afskaplega vel út á pappírnum landslagsarkitektanna en eru jafnan mannláusir í veruleikanum.

Sjarmi borgar er þéttleiki og skjól. Reykjavík heldur hvorki vatni né vindum. Þar eru flestar götur breiðgötur. Þar hefur aðaláherslan verið lögð á að flytja fólk búferlum austur á gróðurlausar heiðar. Loksins benda einhverjir í aðra átt. Og það kom í hlut sjálfstæðismanna að vakna af þeim fastasvefni sem byggðamálun hafa verið í á undanförunum áratugum. Smáskammtalækningar Reykjavíkurlistans, svo sem á slippsvæðinu, eru góðra gjalda verðar, en að miklum mun eru hugmyndir sjálfstæðismanna mynduglegrar.

Þeir hafa tekið frumkvæðið í hundrað daga orrustunni. Þeirra hugmyndum þarf að hrinda í framkvæmd. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnýður Bergsson RITSTJÓRN: Þórnýður Bergsson AUGLÝSINGAR: Skatthlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐIÐ: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: VÍS.ÍS UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



ÍSLENSKA AUGUSTINGASTOFAN/SIA.IS | LEI | 28541 | 05/05

Við styðjum íslenska knattspyrnu með stolti

- 4. | UMFERÐ KARLA**
- | | | | |
|------|---------|-------|-----------------------|
| sun. | 29. maí | 20:00 | KR - FH |
| mán. | 30. maí | 19:15 | Grindavík - ÍBV |
| mán. | 30. maí | 19:15 | ÍA - Fylkir |
| þri. | 31. maí | 19:15 | Valur - Fram |
| þri. | 31. maí | 19:15 | Próttur R. - Keflavík |
- 3. | UMFERÐ KVENNA**
- | | | | |
|------|---------|-------|------------------|
| þri. | 31. maí | 20:00 | ÍBV - Breiðablik |
| þri. | 31. maí | 20:00 | KR - FH |
| þri. | 31. maí | 20:00 | Stjarnan - ÍA |
| þri. | 31. maí | 20:00 | Keflavík - Valur |



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

„Við erum komnir í úrvalsdeildina og í þannig rekstur að við erum með yfirburðastöðu á breska markaðnum í þeim vöruflokkum sem við framleiðum,“ segir Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar. Kannski væri nær að líkja Bakkavör við Chelsea í ensku úrvalsdeildinni – félagið sem ber höfuð og herðar yfir aðra. Nýja fyrirtækið er fremst í öllum lykilveruflokkum, frá salati og tilbúnum réttum til ídýfna og pítsa.

NÁM SAMHLIÐA STARFI

3 dagar til stefnu

Umsóknarfrestur til 1. júní

Nánari upplýsingar og umsóknir á endurmenntun.is eða í síma 525 4444

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS endurmenntun.is

Selur hlutfélag:

Magnús úr Samson

VIÐSKIPTI Magnús Þorsteinsson hefur selt Björgólfi Guðmundssyni og Björgólfi Thor Björgólfsyni hlut sinn í Samson eignarhaldsfélagi ehf. og Samson Holding. Með því eru félögin alfarið í eigu feðganna.



MAGNÚS ÞORSTEINSSON Einbeitt sér að fjárfestingum í flugrekstri og flutningastarfsemi.

Samson-félagin eiga hluti í Landsbankanum og Burðarási, móðurfélagi Eimskipa. Magnús er aðaleigandi Avion Group, móðurfélags Air Atlanta og Excel Airways og hyggst hér eftir festa fé sitt í almennri flutningastarfsemi og flugrekstri.

- bpg

LÝÐUR OG ÁGÚST GUÐMUNDSSYNNIR
Eftir kaupin á Geest er Bakkavör Group orðin stærsti framleiðandinn á breska markaðnum með tilbúna, kældra og ferskar matvörur.



Bakkavör lýkur við kaupin á Geest

Saga Bakkavarar er lyginni líkust. Fyrir fimm árum var það meðalstórt félag í Kauphöllinni sem vantaði verkefni. Í dag er félagið orðið stærsti framleiðandinn á Bretlandsmarkaði í sölu tilbúinna, ferskra og kældra matvæla. Eggert Þór Aðalsteinsson hitti þá bræður og kynnti sér fyrirtækið eftir kaupin á Geest.

Þegar Bakkavör fór á hlutabréfmarkað á útmánuðum árið 2000 áttu fáir von á því að afkvæmi þeirra Ágúst og Lýðs Guðmundssonar yrði á aðeins fimm árum risafyrirtæki sem ræki 42 verksmiðjur í fimm löndum. Félagið lenti í niðursveiflunni sama ár og sat sem fastast þar til stjórnendur þess festu kaup á Katsouris Fresh Food í nóvember 2001. Þetta þóttu feikilega góð kaup og gaf Bakkavör tækifæri til að ná góðri fótfestu á Bretlandsmarkaði. Fyrir um ári síðan hóf Bakkavör að kaupa hlutabréf í breska matvælaframleiðandanum Geest og lauk þeim kaupum á föstudaginn síðasta þegar 73 milljarðar voru reiddir af hendi til hluthafa Geest.

Yfirburðamarkaðsstaða

Nýja-Bakkavör, sem verður rekin undir merkjum Geest á Bretlandsmarkaði, verður stærsti framleiðandi tilbúinna kældra og ferskra matvæla á Bretlandi. Markaðshlutdeild félagsins verður um 29 prósent en til samanburðar er Northern Foods, sem er í öðru sæti, með ellefu prósent af markaðnum og Greencore sjö prósent.

„Við erum komnir í úrvalsdeildina og í þannig rekstur að við erum með yfirburðastöðu á breska markaðnum í þeim vöruflokkum sem við framleiðum,“ segir Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar. Kannski væri nær að líkja Bakkavör við Chelsea í ensku úrvalsdeildinni – félagið sem ber höfuð og herðar yfir aðra. Nýja fyrirtækið er fremst í öllum lykilveruflokkum, frá salati og tilbúnum réttum til ídýfna og pítsa. Með kaupnum fjölga vöruflokkum Bakkavarar úr fjórum í sautján. Vörurnar, sem eru orðnar 4.500, gefa félaginu færi á því að ná til allra neytenda á Bretlandseyjum.

Stjórnendurnir ætla sér ekki langan tíma til að fella saman rekstur Bakkavarar og Geest og stefnt er að því verki verði lokið

ad fullu fyrir næstu áramót. Lýður Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, segir að um tímamót sé að ræða í rekstrinum. „Við erum í fyrsta skipti að kaupa fyrirtæki sem býður upp á raunveruleg samlegðaráhrif, það er að samræma innkaup, samhæfa kostnað og nýta sömu starfskrafta.“

Of skuldsettir?

Yfirtaka Bakkavarar á Geest verður varla lýst nema sem hálfgerðu mikilmennskubrjálæði því Geest var með 4,5 sinnum meiri veltu en Bakkavör á síðasta ári.

Kaupin hafa verið gagnrýnd og sagt að félagið væri orðið skuldssettasta félag Íslandssögunnar. Stjórnendur Bakkavarar blása á þessar gagnrýnisráðir. „Við erum að fjármagna þessi kaup eingöngu með lántökum sem þýðir að þessi fjárfesting á eftir að verða góð fyrir hluthafana okkar. Það er enginn vafi á því að félagið er skuldssett og eiginfjárlutfallið lágt en á móti kemur að geta félagsins til að greiða þessi kaup er gríðarleg. Það er mikið frjálst sjóðstreymi sem kemur úr þessum rekstri,“ segja þeir bræður. Vegna getu félagsins til frambúðar til að greiða niður skuldir eru bankar eins og Barclays tilbúnir til að lána fyrir kaupunum. Stjórnendur Bakkavarar eru sannfærðir um að félagið verði fljótt að borga kaupin og benda á að fjárstreymi félagsins sé mun betra en hjá flestum félögum í Kauphöllinni.

Þegar Ágúst og Lýður eru spurðir um hvort Bakkavör hugi að skráningu á breska markaðinn hrista þeir hausinn og segja að það sé ekki inni í myndinni.

Litið til annarra miða

Um 90 prósent af tekjum Bakkavarar Group koma frá Bretlandi. Því má ætla að framtíðarvöxtur verði á öðrum markaðssvæðum þegar haft er til hliðsjónar að „tækifæri til vaxtar á Bretlandi eru stórum minni vegna samkeppnismála,“ segir Ágúst. „Við stefnum að því að vaxa á Bretlandi með markaðnum. Þegar hlutdeildin er orðin þetta há er orðið ómögulegt að vaxa um 20 prósent líkt og við höfum gert síðustu árin. Á liðnum árum hefur markaður með tilbúin matvæli stækkað um tíu prósent á ári þannig að Bakkavör hefur verið að taka til sín markaðshlutdeild samkeppnisaðila,“ bætir hann við.

Einn þáttur sem bresk samkeppnisyfirköld skoðuðu gaumgæfilega, áður en þau lögðu blessun sína yfir kaupin á Geest, var markaðsstaða Bakkavarar og Geest á markaði með ídýfur. Félagin höfðu þar nærri 70 prósent

hlutdeild. Bræðurnir sjá fyrir sér að mestur verði vöxturinn í sölu á tilbúnum ávöxtum og gæðaeftirréttum en þar situr félagið nær eitt að markaðnum.

Markmið Bakkavarar eru tvíþætt: Félagið ætlar sér að ná tókum á Geest og greiða hratt niður skuldir vegna kaupanna. Hins vegar er mikið vilji til að verða heimsþekktur matvælaframleiðandi á sviði tilbúinna ferskra matvæla. Það er verkefni framtíðarinnar.

Reksturinn í Evrópu hefur ekki gengið vel og varð tap á síðasta ári. Sýn stjórnenda Bakkavarar er að félagið verði jafn sterkt á Evrópumarkaði og það er á þeim breska. Það myndi þýða að félagið næði sömu yfirburðastöðu í Evrópu.

Á orðum Bakkabræðra er alveg ljóst að þeir horfa í átt til Austurlanda fjær, sérstaklega Kína. Það kæmi annaðhvort til greina að kaupa fyrirtæki í Kína eða stofnsetja eigin verksmiðju. Fjárfesting í Kína myndi ekki síður skila sér vel fyrir starfsemi í Bretlandi en með því móti er hægt að kaupa inn framleiðsluvörur fyrir bresku verksmiðjurnar. Allir fremstu matvælaframleiðendur heims sem og smásalar hafa beint spjótum sínum að Kína. Tesco, sem er langstærsti viðskiptavinur Bakkavarar í Bretlandi, ætlar sér inn á kínverska markaðinn og er því ljóst að tækifærin eru mikil.

Breyttar hefðir

Þeir bræður spá mikið í þeim breytingum sem hafa orðið eða eru að verða á neyslumynstri íbúa í Vestur-Evrópu. „Framtíðin í matvælageiranum byggist í fyrsta lagi á því að gera matseld þægilegri og einfaldari fyrir neytandann og í öðru lagi að hann geti keypt það sem hann vill, það er að hann geti valið hollan, góðan og þægilegan mat á sanngjörnu verði,“ segir Ágúst. Neytendur munu því spara sér tíma og jafnvel aurt með því að kaupa tilbúna matvörur frá fyrirtækjum eins og Bakkavör.

En hefðirnar eru ekki síður að breytast þegar kemur að stjórnun fyrirtækja. Keppinautar Bakkavarar hafa átt í vandræðum á sama tíma og skila lægri framlegð en Bakkavör. Bakkabræður eru fullvissir um að stjórnunin hafi mikið um að segja. Þeir telja það vera eina skýringu af hverju Íslendingum gengur vel á Bretlandsmarkaði hvað þeir eru fljótir að taka ákvarðanir og ganga hreint til verks.

Það er alveg ljóst að Bakkabræður og aðrir íslenskir fjárfestar hafa ekki sagt sitt síðasta. Ágúst segir í gamni að félagið ætli sér heimsyferráð. En er honum ekki full alvara? ■



Í fremstu röð!

Metnaðarfullt og framsækið nám

Kynnið ykkur námið á www.vidskipti.is

BA og BS nám í hagfræði

BA í hagfræði
BS í hagfræði
BS í hagfræði með áherslu á fjármál

BS nám í viðskiptafræði

BS-A viðskiptafræði án sérhæfingar
BS-F áhersla á fjármál og reikningshald
BS-M áhersla á markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
BS-S áhersla á stjórnun
BS-T áhersla á tungumál og alþjóðasamskipti
BS-U áhersla á upplýsingatækni

Umsóknarfrestur um grunnnám rennur út 5. júní 2005.

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðblöð á www.hi.is

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30



Fljótvirkt bólgueyðandi verkjalyf

m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni



Fæst án
lyfseðils

VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpinu og tíðaprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalisýru, íbuprofén eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

JEFF BUCKLEY
(1966-1997) lést þennan dag.



„Kysstu af þrá, en ekki af huggun.“

Bandaríski tónlistarmaðurinn Jeff Buckley féll frá með svíplegum hætti þegar hann drukknaði í Mississippi-ánni. Hann sendi einungis frá sér eina breiðskífu, Grace, en hún gerði hann að goðsögn í tónlistarsögunni.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Harmleikur í úrslitaleik

Stuttu fyrir upphaf úrslitaleiks í Brussel milli fótboltaíðanna Juventus og Liverpool í Evrópu-keppni meistaraíða upphófust miklar óeirðir. Hópur æstra fótboltaíðna úr röðum Liverpool-áhangenda ruddist í gegnum öryggisgæslu til að lumbra á stuðningsmönnum Juventus. Þegar þeir flúðu í ofboði undan bullunum hrundi veggur vegna álagsins og lentu margir undir honum. Mikil skelfing greip um sig og tróðust margir undir í ofboðinu. 39 manns létust og 350 særðust. Lögreglan á staðnum náði engum tókum á uppbotinu og var óeirðalögregla kölluð til. Þegar

umfang harmleiksins varð ljóst kom Rauði krossinn á staðinn og gerði að sárum fólks í tjöldum við leikvanginn. Þrátt fyrir mótmeili beggja liða var leiknum haldið áfram og lauk honum með 1-0 sigri Juventus. Innan nokkurra daga var ákveðið að ensk fótboltaíð fengju ekki að spila fótbolta í Evrópu næstu fimm árin. Liverpool fékk enn lengra bann, sex ár. Ákvörðunin var tekin af Alþjóðaknattspyrnu-sambandinu og studd af forsætisráðherra Breta, Margréti Thatcher. Öfbelði á fótboltaeikjum er nú haldið í skefjum með því að hafa



29. MAÍ 1985 Um 60 þúsund manns voru staddir á úrslitaleiknum.

áhangendur liðanna aðskilda í áhorfendastúkum og með banni á áfengi.

MERKISATBURÐIR

- 1942 Gyðingar í París eru neyddir til að sauma gula Davíðs-stjörnu í fót sín.
- 1947 Flugvél rekst á Hestfjall við Héðinsfjörð og 25 manns farast. Þetta er mesta flugslys á Íslandi. Vélin var á leið frá Reykjavík til Akureyrar.
- 1953 Edmund Hillary og sjerpinn Tenzing Norgay komast fyrstir allra á topp Everest-fjalls.
- 1968 Slysavarsstofan er flutt úr Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík í Borgarspítalann.
- 1999 Ísland nær öðru sæti í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með laginu All Out of Luck, fluttu af Selmu Björnsdóttur.



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

Jakobína H. Schröder

til heimilis að Fannborg 8, áður Birkihlíð við Nýbýlaveg, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 25. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Erna María Jóhannsdóttir, Ásvaldur Andrésson,
Baldur Schröder, Naomi Herlita
og aðrir aðstandendur.



SUNDLAUGIN Í upphafi þóttu það mikil flottheit að hafa sundlaug í skólanum.

TÍMAMÓT: AUSTURBÆJARSKÓLI 75 ÁRA

Arkitektúr sem er borginni til mikils sóma

Ekkert var sparað við byggingu Austurbæjarskóla þegar hann var reistur fyrir 75 árum. „Hann var byggður af miklum metnaði og öllu til tjaldað, svo að byggingin gæti orðið sem glæsilegust,“ segir Pétur Ármannsson arkitekt. Byggingin þótti ein allra glæsilegasta skólastofnun á Norðurlöndum á sínum tíma.

Áform voru uppi um að byggja upp háborg menningar á Skólavörðuholtinu en þær hugmyndir urðu aldrei að veruleika. Austurbæjarskóli átti að vera hluti af þessum kjarna og sker sig því talsvert úr öðrum arkitektúr í grenndinni. „Byggingin er fulltrúi fyrir ákveðna stílgerð sem var algeng á Norðurlöndunum á árunum 1915 til 1925. Stíllinn einkennist af því að vera strangur, agaður og klassískur, en víðsvegar annars staðar var rómantísk stefna ríkjandi,“ segir Pétur.

Spurður að því hvort byggingin líði nokkuð fyrir það að hafa aldrei staðið í því umhverfi sem henni var upphaflega ætlað, segir Pétur ekki svo vera. „Skólinn stendur alveg fyrir sínu, þótt hluti í hans nánasta umhverfi hefði mátt útfæra betur. Þetta er mikil bæjarprýði þessi bygging og afmæli skólans er stórt afmæli í byggingarsögu borgarinnar,“ segir Pétur.

Guðmundur Sighvatsson, skólastjóri Austurbæjarskóla, segir bygginguna hafa mikinn sjarma. „Þetta er virkilega falleg bygging, jafnt að innan sem utan,“ segir Guðmundur stoltur.

Að innan er þó margt sem mætti vera öðruvísi, enda þarfið breyst mikið síðan 1930. „Stofurnar eru heldur litlar og svo vantar opið rými innan skólans. Þetta er þó ekkert sem mér finnst



GUÐMUNDUR SIGHVATSSON SKÓLASTJÓRI AUSTURBÆJARSKÓLA

Byggingin hefur mikið sögulegt gildi fyrir Reykjavík, en skólinn þótti ein glæsilegasta skólastofnun Norðurlandanna á sínum tíma.

vera verulega mikill galli,“ segir Guðmundur og bætir við að það sé ánægjulegt hversu sterkar tilfinningar Reykvíkingar beri til skólans.

Austurbæjarskóli er þó farinn að láta örlítið á sjá og segir Guðmundur það orðið mikilvægt að lagfæra múrskemmdir á húsinu áður en langt um líður. ■



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sigurjón G. Sigurjónsson

Birkigrund 71, Kópavogi,

verður jarðsönginn frá Digraneskirkju þriðjudaginn 31. maí kl. 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlyningu Krabbameinsfélagsins.

Anna Ásgeirsdóttir
Freyja Sigurjónsdóttir
Ásgeir Sigurjónsson
Drífa Sigurjónsdóttir
og barnabörn.

Þórir Sigurgeirsson
Sílja Sverrisdóttir
Ólafur Baldursson



Elskulegur unni, faðir, sonur, tengdasonur og bróðir,

Ágúst Þórður Stefánsson

Öldugötu 31, Hafnarfirði,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans, Fossvogi, sunnudaginn 22. maí, verður jarðsönginn frá Seljakirkju mánudaginn 30. maí kl. 13.00.

Mariam Siv Vahabzadeh, Nadía Líf Ágústsdóttir
María Alexandersdóttir, Jón Björnsson
Lilja Ingvarsdóttir, Smári Brynjarsson
og systkini.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jóhanna Guðmundsdóttir

Hrafnistu, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir ferum við starfsfólki Hrafnistu, Hafnarfirði, og starfsfólki á deild 12E á Landspítala, Hringbraut.

Jóna Sigrún Harðardóttir
Halldór Sigþór Harðarson
Sigurður Páll Guðjónsson
Hanna Björk Guðjónsdóttir
Hörður Jóhann Halldórsson
Sigríður Hrönn Halldórsdóttir
og langömmubörn.

Arilús Harðarson
Hólmfríður Alda Sigurjónsdóttir
Ólafur Guðjónsson
Sigrún Birna Magnúsdóttir
Sigmar Karl Stefánsson

ANDLÁT

Dagbjört Guðjónsdóttir, Selvogsgrunni 11, lést þriðjudaginn 24. maí.


Jakobína H. Schröder, til heimilis í Fannborg 8, áður Birkihlíð við Nýbýlaveg, Kópavogi, lést miðvikudaginn 25. maí.

AFMÆLI

Bjarni Dagur Jónsson, markaðsstjóri og fyrrverandi útvarpsmaður, er 55 ára.
Margrét Frímansdóttir þingmaður er 51 árs.
Magnús Þór Hafsteinsson þingmaður er 41 árs.
Gísli Pétur Hinriksson leikari er 26 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Allt sem þú þarft
og meira til


Allt um heilsu
á þriðjudögum í Fréttablaðinu.

allt



STRÍÐIÐ UM BANKANA

» ANNAR HLUTI



Foringjar og fótgönguliðar

Margir komu við sögu í bankasölu, sumir stýrðu atburðarásinni – aðrir eltu. Tekist var á um mikla hagsmuni. Hótanir, ósætti, átök eru allt orð sem hægt er að nota um samskiptin - jafnvel innan ríkisstjórnarinnar.

RÁÐHERRANEFNDIN »




DAVIÐ ODDSSON
»Vildi frekar að Samson keypti Landsbankann en Búnaðarbankann.

GEIR H. HAARDE
» Studdi vilja sjálfstæðismanna að Samson keypti Landsbankann.

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
» Tók fram fyrir hendurnar á framkvæmdanefnd í sölu.

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR
» Mikið atriði að einkavæðing mistækist ekki.

FRAMKVÆMDANEFNDIN »



ÓLAFUR DAVÍÐSSON
»Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins.

HREINN LOFTSSON
» Hætti áður en Samson sendi bréfið.

STEINGRÍMUR ARI ARASON
» Reyndi að viðhafa rétt vinnubrögð.

JÓN SVEINSSON
» Gleymdi að biðja bjóðendur að skila inn verðtilboðum.

BALDUR GUDLAUGSSON
» Tók við af Steingrími Ara í nefndinni.

SÆVAR ÞÓR SIGURGEIRSSON » Lét að stjórn ráðherra í nefndinni.

S-HÓPURINN »



ÓLAFUR ÓLAFSSON
» Vildi kaupa Landsbanka fremur en Búnaðarbanka.

ÓSKAR H. GUNNARSSON
» Stjórnarformaður Andvöku og Samvinnutrygginga.

MARGEIR DANIELSSON
» Framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins.

GEIR MAGNÚSSON
» Forstjóri Ólíufélagsins og síðar Kers.

KRISTJÁN LOFTSSON
» Stjórnarformaður Kers með mikil áhrif.

KALDBAKUR »



EIRÍKUR JÓHANNESSON
» Þekkti Landsbankann vel og vildi helst kaupa hann.



ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON
» Fékk boð um að sækjast frekar eftir Búnaðarbanka.



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON
» Vildi helst kaupa Búnaðarbanka en hlýddi Davíð.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON
» Vildi fá forskot á kaupendur Búnaðarbanka.



MAGNÚS ÞORSTEINSSON
» Hætti í gær í Samson og seldi feðgunum sinn hlut.

AÐRIR BJÓÐENDUR »




ÞÓÐUR MAGNÚSSON
» Útilokaður úr hópi endanlegra bjóðenda.



BJARNI ÁRMANNSSON
» Bankastjóri Íslandsbanka, sem var útilokaður.



HELGI S. GUÐMUNDSSON
» Formaður bankaráðs Landsbankans.



KJARTAN GUNNARSSON
» Lykilmaður í bankaráði Landsbankans.

BANKARÁÐ LANDSBANKANS »

Gleymdist að ræða verðið

Ekki var rætt um verðhugmyndir bjóðenda um Landsbankann fyrir en bjóðendur bentu sjálfir á það undir lok söluferlisins. Þá var gripið til þess að setja inn í ferlið „millistig“ þar sem skila ætti inn verðhugmyndum. *Sigríður Dögg Auðunsdóttir* heldur hér áfram að rekja sögu einkavæðingar bankanna og segir frá því hvernig framkvæmdanefndin var notuð til að framkvæma vilja ráðherranna.

Í upphafi árs 2001 hafði ráðherranefndin, sem í sátu Davíð Oddsson forsætisráðherra, Geir H. Haarde fjármálaráðherra, Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra, falið framkvæmdanefnd um einkavæðingu að undirbúa sölu kjölfestuhlutar í Landsbankanum til erlends fjárfestis.

Nefndin lagði til að stór hluti í bankanum, þriðjungur hið minnsta, yrði seldur til kjölfestufjárfestis með forvali og síðan lokuðu útboði. Skilyrði var að salan á eignarhlutum leiddi til aukinnar samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði og yki fjármagnshæfi hans.

Nefndin taldi að sala til erlends banka hefði meðal annars jákvæð áhrif á fjármálamarkaðinn og hagkerfið. Lögð yrði áhersla á að eftirstandandi hlutur ríkisins yrði seldur almenningi og fagfjárfestum, þó ekki fyrr en sölu til kjölfestufjárfestis væri lokið.

Söluferlið í gang fyrir alvöru

Í júnílok 2001 var auglýst eftir ráðgjafa til sölu. Í tilkynningu frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu 10. ágúst 2001 kemur fram að tilboð um ráðgjöf hafi borist frá sex fyrirtækjum og 17. ágúst var tilkynnt um það að alþjóðlegi fjárfestingarbankinn HSBC hefði verið valinn. HSBC gerði tillögur að aðgerðaáætlun fyrir sölu Landsbankans fyrir framkvæmdanefndina í ágúst og september 2001.

Í byrjun október var söluferlið sett í gang með því að senda bréf til valdra banka. Í október og nóvember var haft samband við á annan tug banka og þeim gefinn kostur á frekari upplýsingum um Landsbankann.

Vonbrigði yfir dræmum áhuga

Tveir erlendir bankar lýstu yfir áhuga á frekari viðræðum, en hinn dræmi áhugi olli framkvæmdanefndinni vonbrigðum.

HSBC ráðlagði að auglýsa ekki að nýju eða lengja tímafrestning þar sem meðal annars mætti rekja dræma þátttöku til erfids efnahagsástands sem myndaðist í kjölfar hryðjuverkaárássanna í Bandaríkjunum 11. september 2001.

Hinn 27. nóvember 2001 sendi framkvæmdanefndin tilkynningu inn á Verðbréfabing um að tímafrestur sem HSBC hefði gefið hagsanlegum kjölfestufjárfestum til að tilkynna áhuga sinn á bankanum væri liðinn. Ákveðið hefði verið að halda kynningarfundum með þeim sem þess óskuðu. Þeir sem sýndu áhuga hefðu óskað eftir nafnleyn, sem fallist hefði verið á.

Framkvæmdanefndin hóf viðræður við erlendu bankana tvo sem höfðu sýnt áhuga. Ákveðið var að halda áfram viðræðum við báða bankana í stað þess að velja annan þeirra og vonaðist framkvæmdanefndin til að það yrði til þess að þannig mætti viðhalda samkeppni þeirra á milli. HSBC reyndi samtímis árangurslaust að opna fyrir viðræður við fleiri aðila eftir sínum leiðum.

Sölu frestað

Áætlað hafði verið að í lok nóvember 2001 lægju fyrir tilboð í bankann. Það gekk hins vegar ekki

eftir og tilkynnti framkvæmdanefndin 21. desember 2001 að vegna erfiðra markaðsskilyrða væri ljóst að ekki myndi ganga eftir að sala á kjölfestuhlut í Landsbankanum færi fram fyrir árslok. „Vegna þessa hefur verið ákveðið að fresta frekari sölu-kynningu þar til síðar,“ sagði í tilkynningunni.

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra sagði í viðtali við fjölmiðla við þetta tækifæri að viðræður hefðu litið vel út í upphafi en markaðsaðstæður erlendis hefðu versnað mjög á miðju tímabilinu þegar hryðjuverkaárássirnar á Bandaríkin dundu yfir. Það hefði verið ein helsta ástæðan fyrir því að salan hefði ekki tekist í þessari lotu. Hins vegar fylgdust stjórnvöld grannt með aðstæðum á markaði og ætluðu að selja um leið og tækifæri gæfist og tilboð bærust sem fælu í sér gott verð.

Framkvæmdanefndin hóf því næst undirbúning að sölu 20 prósent hlut ríkisins í bankanum sem selja átti á innendum markaði 14. júní 2002.

Á þessum tíma höfðu tilraunir til að selja Símann nýverið farið út um þúfur eftir um tveggja ára undirbúningsvinnu framkvæmdanefndar um einkavæðingu og tilheyrandi fjárfestingu af hendi ríkissjóðs.

Í lok janúar 2002 sagði Hreinn Loftsson sig úr framkvæmdanefnd og tók Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, við sæti hans. Auk þess að sinna formennsku í nefndinni hafði Hreinn starfað undanfarin ár sem stjórnarformaður Baugs. Hreinn gaf þá skýringu á úrsögn sinni að Davíð Oddsson forsætisráðherra hefði í umræðum á Alþingi um miðjan janúar deilt hart á Baug og stjórnendur þess. Þau ummæli hefðu orðið til þess að Hreinn teldi sér í raun ókleift að sitja áfram í framkvæmdanefnd.

Lægra útbodsgengi en eðlilegt þótti

Bréfin í Landsbankann voru seld í gegnum viðskiptakerfi Verðbréfabings Íslands. Ákveðið hafði verið að selja þau á markaðsverði miðað við gengi á þeim tíma. Landsbankinn setti sjálfur inn sölutilboð í Kauphöllinni og kannaði jafnframt áhuga fagfjárfesta og miðaði hlutum til þeirra.

Eftir að eftirspurn hafði verið greind var útbodsgengið var ákveðið 3,50 fyrstu þrjú daga útbodisins en gert var ráð fyrir að útbodið gæti staðið í einn mánuð. Útbodinu lauk hins vegar á fimmtán mínútum. Enginn mátti kaupa meira en 4 prósent af heildarhlutafé Landsbankans en sölnar voru um 90 alls.

Ríkisendurskoðandi hefur bent á að gengið hafi á sama tíma farið í 3,69 á markaði og því hefði ekki verið óeðlilegt að byrja á því herra gengi en 3,5. Landsbankinn hafði dagana fyrir útbodið kynnt bankann og athugað hvaða verð stærri aðilar voru tilbúnir að greiða, það er, í óformlegum viðræðum.

Heildarsöluverð bréfanna var 4.792 milljarðar. Meðalgengi á bréfum í Landsbankanum sama dag og útbodið fór fram var 3,70, eða talsvert herra en útbodsgengið. Gengi bréfanna fór ekki niður fyrir 3,63 næstu sjö daga á eftir. Ef útbodsgengið hefði verið hið

sama og lægsta gengi í vikunni á eftir hefði ríkissjóður fengið um 178 milljónum króna meira fyrir hlutinn. Ef útbodsgengið hefði verið 3,60 hefði ríkið fengið um 137 milljónum króna meira.

Lykilmennirnir í bankaráði á þessum tíma voru Helgi S. Guðmundsson formaður og Kjartan Gunnarsson.

Símtal til Davíðs breytti bankasölu

Tæpum tveimur vikum eftir að útbodið á 20 prósent hlut í Landsbankanum fór fram, eða í lok júní 2001, barst framkvæmdanefnd um einkavæðingu bréf frá Björgólfi Guðmundssyni, syni hans, Björgólfi Thor Björgólfsyni, og Magnúsi Þorsteinssyni, hópi sem síðar var nefndur Samson-hópurinn. Í bréfinu óskuðu þremmingarnir eftir viðræðum við stjórnvöld um kaup á eftirstandandi hlut ríkissjóðs í öðrum hvorum ríkisbankanna.

Forsaga þessa bréfs er sú að Björgólfur Thor Björgólfsson hafði hitt einn af forkólum HSBC í boði í London vorið 2002 og komist að því að HSBC væri ekki lengur að leita að kjölfestufjárfesti vegna Landsbankans, heldur væri ætlunin að setja bankann á almennan markað innan skamms.

Í kjölfarið hringdi Björgólfur Guðmundsson í Davíð Oddsson og gerði honum grein fyrir áhuga sínum á því að kaupa annaðhvort Búnaðarbankann eða Landsbankann. Þá strax gerði Björgólfur Davíð grein fyrir því að feðgarnir hefðu meiri áhuga á Búnaðarbankanum en Landsbankanum.

Björgólfur ræddi það við Davíð hvernig best væri að koma söluferlinu af stað og spurði meðal annars hvort Davíð vildi að feðgarnir kæmu fram sem fjárfestar í gegnum HSBC í London. Niðurstaðan var hins vegar sú að þeir myndu senda framkvæmdanefnd bréf þar sem þeir gerðu formlega grein fyrir áhuga sínum á því að eignast annan hvorn bankann. Því hefur verið haldið fram að uppkast að bréfinu hafi verið gert í stjórnarráðinu, það síðan sent til Björgólfs sem hafi komið því formlega áfram til framkvæmdanefndarinnar.

Samson vildi Búnaðarbankann

Björgólfsfeðgar höfðu haft mun meiri áhuga á að kaupa ráðandi hlut í Búnaðarbankanum en Landsbankanum. Björgólfur Guðmundsson staðfesti þetta meðal annars á starfsmannafundi í Landsbankanum á Akureyri eftir að kaupin voru yfirstaðin. Þar sagði hann að hann hefði alltaf haft meiri áhuga á Búnaðarbankanum vegna þeirra stjórnenda sem þar voru. Hins vegar hafi honum ekki verið leyft að kaupa Búnaðarbankann og því hafi hann keypt Landsbankann í staðinn. Þess í stað hafi hann keypt alla helstu stjórnendur Búnaðarbankans yfir í Landsbankann eftir að kaupin fóru fram.

Strax eftir að bréf Samsonhópsins barst framkvæmdanefnd var söluferli bankanna kipt úr höndunum á nefndinni. Verklagsreglur framkvæmdanefndarinnar voru settar til hliðar. Steingrímur Ari Arason gagnrýndi þessi vinnubrögð mjög þegar hann sagði sig úr nefndinni þremur mánuðum síðar.

Á þessum tíma var framkvæmdanefndin langt komin í undirbúningi á því að selja Landsbankann á almennum markaði þar sem enginn einn kaupandi fengi stærri hlut en þrjú til fjögur prósent. Það var samkvæmt vilja Davíðs Oddssonar frá því 1997 um dreifða eignaraðild.

Þá hafði framkvæmdanefndin fram til þessa unnið út frá því að Landsbankinn yrði seldur fyrst og Búnaðarbankinn í kjölfarið og var það samdóma álit framkvæmdanefndar og ráðherreranefndar á þessum tíma að farsælast væri, miðað við aðstæður á þeim tíma, að salan færi þannig fram.

Framkvæmdanefndin hafði í verulega litlum mæli hafið undirbúning að sölu Búnaðarbankans. Taldi framkvæmdanefndin, sem og ráðherreranefndin, að Búnaðarbankinn væri ekki kominn jafn langt á veg og Landsbankinn og því erfiðari í sölu auk þess sem ákveðin vandamál höfðu verið í gangi í bankanum. Þá var ríkissjóður enn meirihlutaeigandi í Búnaðarbankanum en var kominn undir helmingshlut í Landsbankanum. Sú ákvörðun var öllum ljós í framkvæmdanefndinni, að að því gefnu að salan á Landsbankanum gengi vel yrði ráðist í sölu Búnaðarbankans að henni lokinni og beita ætti sömu aðferðum.

Þótti spennandi kostur

Framkvæmdanefndinni þótti Samson-hópurinn spennandi kostur. Hann væri fjársterkur aðili sem vildi láta taka til sín og nýta jafnframt tækifærin sem bankinn gat ekki nýtt á meðan hann var að svo stórum hluta í eigu ríkisins. Þá var ljóst að Samson-hópurinn væri vel í stakk búinn að greiða fyrir hlutinn að verulegu leyti með erlendu fé, enda umsvif hans mikil í útlöndum.

Framkvæmdanefndin ræddi málið á nokkrum fundum sínum og þurfti að taka afstöðu til þess hvort bein sala án undangengins útboðs væri ásættanlegur kostur. Samkvæmt verklagsreglum framkvæmdanefndar sem settar voru 1996 var í raun ekki hægt að ganga til viðræðna við Samson-

samhliða auglýsingunni um sölu á Búnaðarbankanum síðar á árinu.

Næsta dag sendi starfsmaður framkvæmdanefndarinnar nefndarmönnum tillögu að auglýsingu um sölu á að minnsta kosti 25 prósent hlut í Landsbankanum og jafnframt fréttatilkynningu, þar sem fram kom að ákveðið hefði verið að áfangaskipta einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans. Samkvæmt fréttatilkynningunni yrði 20 prósent hlutur í Búnaðarbankanum seldur 6. september í gegnum viðskiptakerfi Kauphallarinnar með svipuðum hætti og gert hefði verið með jafnstóran hlut í Landsbankanum. Í síðari hluta september yrði auglýst eftir kaupanda að umtalsverðum hlut í Búnaðarbankanum.

Nefndin áformaði að hittast síðar sama dag til að ganga frá auglýsingunni.

Af þeim fundi varð hins vegar ekki því að í millitíðinni fundaði ráðherreranefndin og breytti auglýsingu framkvæmdanefndar að nefndinni forspurði.

Kom framkvæmdanefndinni á óvart

Í stað þess að fara eftir áætlunum framkvæmdanefndarinnar og selja Landsbankann fyrst og ráðast í sölu Búnaðarbankans síðar ákváðu ráðherrarnir að selja ætti báða bankana í einu. Ráðherreranefndin lét breyta drögum framkvæmdanefndarinnar að auglýsingu og sem send var til fjölmörgu næsta dag, hinn 10. júlí.

Auglýsingin var svohljóðandi: „Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, fyrir hönd viðskiptaráðherra, óskar eftir tilkynningum frá áhugasömum fjárfestum um kaup á að minnsta kosti 25 prósent hlut í Landsbanka Íslands hf. og/eða Búnaðarbanka Íslands hf. [...] Í tilkynningunni skal gera grein fyrir fjárhagsstöðu, þekkingu og reynslu á fjármálamarkaði, eignarhlut sem viðkomandi óskar eftir kaupum á, hugmyndum um staðgreiðsluverð og áformum varðandi rekstur [bankanna]. [...] Tekið er fram að framangreindur hlutur verður

» MISTÓKST AÐ SELJA SÍMANN

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hafði unnið að undirbúningi að sölu Símans meira og minna frá því í febrúar 2000 og skilað skýrslu um málið í janúar 2001. Í lok mars var gerður samningur við Búnaðarbankann og Pricewaterhouse Coopers í London og Reykjavík um þjónustu vegna fyrirhugaðrar sölu sem átti að fara fram um vorid. Í júní ákváð ríkisstjórnin hins vegar að fresta söluunni fram í september og síðar var tilkynnt að salan færi fram dagana 19. til 21. september. Skömmu áður en sölugagurinn rann upp dundu hins vegar hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkinn yfir, 11. september 2001. Þrátt fyrir hversu mikil áhrif árárásirnar höfðu á hlutabréfamarkaði víðs vegar um heim var ákveðið að fresta ekki söluunni. Skemmt er að segja frá því að salan tókst ekki sem skyldi og seldust einungis 5 prósent af hlutabréfum fyrirtækisins af þeim tæpa fjórðungi sem var í boði í fyrsta áfanga. Hlutfallið var of lágt til þess að hægt væri að skrá fyrirtækið á Verðbréfabingi Íslands eins og stefnt hafði verið að. Í framhaldinu fóru fram óformlegar viðræður við tvo erlenda fjárfesta, danska símafyrirtækið TDC og fjárfestingafyrirtækisins Providence Equity Partners. Viðræðurnar runnu út í sandinn og eru sagðar hafa strandað vegna þess að verðið á Símanum þótti of hátt.

hópin á þess að gefa öðrum tækifæri á því að gera tilboð í bankann. Í 4. grein reglnanna segir: „Fyrirtæki, sem til stendur að selja, skulu ávallt auglýst almenningu til kaups, þannig að öllum sem áhuga hafa sé tryggður jafn réttur til að bjóða í þau.“

Í fundargerð nefndarinnar frá 5. júlí 2002 segir að nefndarmenn hefðu verið sammála um að heppilegt væri að klára sölu til kjölfestufjórðingis í Landsbankanum í mánuðinum og selja 20 prósent í Búnaðarbankanum í september eins og unnið hefði verið út frá og þá yrði hafist handa við undirbúning á sölu til kjölfestufjórðingis í Búnaðarbankanum. Þessi stefna varðandi Búnaðarbankann yrði kynnt samhliða áformum um Landsbankann.

EKKI SAMKVÆMT VILJA FRAMKVÆMDANEFNDAR

Á fundi nefndarinnar 8. júlí voru lögð drög að auglýsingu á að minnsta kosti fjórðungshlut í Landsbankanum eins og ákveðið hafði verið á fundi þremur dögum áður. Á þessum sama fundi, 8. júlí, upplýsti einn nefndarmanna um vilja viðskiptaráðherra til þess að auglýsa 25 til 33 prósent hlut í báðum bönkum í einu. Framkvæmdanefndin ræddi þessa tilögu en féllst að lokum á að auglýsa Landsbankann en tilkynna

einungis seldur í öðrum bankanum nú ef viðunandi tilboð fæst og stefnt er að því að hlutur í hinum bankanum verði seldur síðar á árinu. [...]“

Auglýsingin var ekki birt erlendis. Í henni kom fram að við sölu yrði þess gætt að ríkið fengi hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum. Af auglýsingunni má ráða að þau atriði sem einkum yrðu vegin og metin þegar kæmi að vali á kjölfestufjórðinginni væru fjárhagsstaða, þekking og reynsla á fjármálamarkaði, stærð eignarhlutar sem óskað er eftir að kaupa, hugmyndir um staðgreiðsluverð og áform um rekstur.

VONBRIGÐI Í SAMSON-HÓPNUM

Auglýsingin olli nokkrum vonbrigðum í Samson því að Björgólfur Thor hafði vonast eftir því að geta keypt Landsbankann með verulegu forskoti á þá sem myndu fjárfesta í Búnaðarbankanum. Hann var þeirrar skoðunar að ákvörðun ráðherreranefndarinnar um að selja báða bankana í einu hefði meðal annars verið tekin með það fyrir augum að koma í veg fyrir forskot Samson-hópsins á S-hópinn á íslenska fjármálamarkaðnum.

Fimm hópar skiluðu inn tilkynningum um áhuga sinn á kaupum í bönkunum þann 25. júlí. Auk

» ÖLLUM BEIÐNUM HAFNAÐ

Fréttablaðið hefur sent sex beiðnir á grundvelli upplýsingalaga til framkvæmdanefndar um einkavæðingu og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins vegna sölu á Landsbankanum og Búnaðarbankanum. Öllum beiðnum hefur verið sýnað, nema einni sem ekki hefur borist svar við, og hefur synjununum verið áfrýjað til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

FRÉTTABLAÐIÐ HEFUR ÓSKAÐ EFTIR EFTIRFARANDI UPPLÝSINGUM:

19. APRÍL

- Allar fundargerðir framkvæmdanefndar um einkavæðingu og ráðherreranefndarinnar vegna sölu á Búnaðarbanka Íslands.

Synjað. Fréttablaðið hefur áfrýjað synjuninni til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

28. APRÍL

- Skýrslur HSBC sem unnar voru fyrir framkvæmdanefnd um einkavæðingu vegna sölu Landsbankans annars vegar og Búnaðarbankans hins vegar.

Synjað. Fréttablaðið hefur áfrýjað synjuninni til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

- Gögn sem ríkisendurskoðun voru fengin í hendur til að vinna skýrslu um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja á árunum 1998-2003.

Synjað. Fréttablaðið hefur áfrýjað synjuninni til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

- Samningar sem gerðir voru við kaupendur Landsbanka Íslands annars vegar og Búnaðarbankans hins vegar við sölu á hlut ríkisins í bönkunum á árunum 2002 til 2003.

Synjað. Fréttablaðið hefur áfrýjað synjuninni til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

3. MAÍ

- Niðurstöður úr áreiðanleikakönnun sem HSBC gerði síðla árs 2002 á þá ónafngreindu erlendu banka sem S-hópurinn tilgreindi sem einn af fjárfestum vegna kaupanna á Búnaðarbankanum.

Synjað. Fréttablaðið hefur áfrýjað synjuninni til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

18. MAÍ

- Bréfið sem Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson sendu framkvæmdanefnd um einkavæðingu í lok júní 2002 þar sem þeir lýstu yfir vilja til að kaupa að minnsta kosti þriðjung af heildarhlutafé í Landsbankanum eða Búnaðarbankanum.

Svar hefur ekki borist.

Samson, sem samanstóð af Björgólfssfeðgum og Magnúsi Þorsteinsyni, voru það Íslandsbanki, Kaldbakur, en honum stýrðu Eiríkur Jóhannsson og Þorsteinn Már Baldvinsson; S-hópurinn svokallaður, með Ólaf Ólafsson fremstan í flokki, sem þá var samsettur af Eignarhaldsfélaginu Andvöku, Eignarhaldsfélaginu Samvinnu-tryggingum, Fiskiðjunni Skagfirðingi, Kaupfélagi Skagfirðinga, Keri, Samskipum og Samvinnulífeyrissjóðnum. Fimmti áhugasami var Þórður Magnússon fyrir hönd fjárfesta.

Strax ljóst hverjir fengu Landsbankann

Í lok júlí fundaði framkvæmdanefnd með hópunum fimm, hverjum fyrir sig. Með fundarboðinu fylgdi minnisblað þar sem fram komu upplýsingar um þau atriði sem nefndin vildi fá nánari upplýsingar um. Efst á blaði var ósk um upplýsingar um hvorum bankanum hóparnir hefðu meiri áhuga á

Áður en fundirnir áttu sér stað tóku að berast skilaboð frá einkavæðingarnefnd til Kaldbaks og S-hópsins að á fundinum með nefndinni ættu þeir að segjast hafa meiri áhuga á Búnaðarbankanum en Landsbankanum. Einnig bárust meldingar um það að hóparnir tveir ættu að kanna hvort grund-

völlur væri fyrir því að þeir tækju sig saman um að kaupa Búnaðarbankann.

Öllum hlutadeigandi, báðum megin við borðið, var á þessum tíma þegar orðið ljóst að Samson-hópurinn fengi Landsbankann. Þótt ekki væri talað um það opinberlega í einkavæðingarnefnd þóttu það ósögð sannindi að auglýsingin á sölu hlutar ríkisins í Landsbankanum væri einfaldlega formsatriði.

Áformað var að tveir hópar yrðu útilokaðir: Íslandsbanki og Þórður Magnússon. Samson myndi lýsa því yfir við framkvæmdanefndina að hann hefði meiri áhuga á Landsbankanum og hinir tveir hóparnir, Kaldbakur og S-hópurinn, myndu segjast fremur vilja kaupa Búnaðarbankann. Koma átti á samvinnu þeirra á milli og sameina hópana tvo um Búnaðarbankann og málið yrði þannig leyst farsælega.

Þetta gekk hins vegar ekki eftir.

Tveir útilokaðir strax

Framkvæmdanefndin ákváð fljótlega að útiloka tvo hópa: Íslandsbanka og Þórð Magnússon. Íslandsbanki var útilokaður því sú pólitíska stefna hafði verið gefin út að salan á Landsbankanum og Búnaðarbankanum mætti ekki leiða til sameiningar banka á Íslandi. Þórður Magnússon var útilokaður vegna þess að honum þótti ekki takast að sýna fram á hvornig hann ætlaði sér að fjármagna kaupin.

Á fyrstu fundum framkvæmdanefndar með fjárfestahópnum þremur lýstu þeir því allir yfir að þeir hefðu áhuga á báðum bönkunum og „óhlyðnuðust“ þar með þeim óbeinu fyrirskipunum sem nefndin hafði látið berast til þeirra, að Samson ætti að lýsa yfir áhuga á Landsbankanum og hinir tveir hóparnir á Búnaðarbankanum.

Kaldbakur og S-hópurinn höfðu báðir meiri áhuga á Landsbankanum. Ólafur Ólafsson, sem fór fyrir S-hópnum, taldi Landsbankann betri sjálfstæða einingu en Búnaðarbankann og að hann

» VÍS KEYPTI EITT PRÓSENT

Nokkrum mánuðum áður en útboðið á 20 prósent hlutnum í Landsbankanum fór fram hafði dótturfyrirtæki bandaríska bankans Wachovia Bank, Philadelphia International Equities, selt 4,25 prósent hlut sinn í Landsbankanum. Philadelphia International Equities eignaðist bréf sín í Landsbankanum er bankinn keypti ráðandi hlut í breska bankanum Heritable bank árið 2000.

Gengi bréfanina í söluunni var 3,25 og söluverðið því um 946 milljónir króna. Stærstu kaupendurnir voru VÍS, sem keypti 1,25 prósent hlut, og Líftryggingafélag Íslands, sem keypti eitt prósent. Landsbankinn átti umtalsverðan hlut í báðum félögunum.

fæli í sér betri tækifæri. Eiríkur Jóhannesson og Þorsteinn Már Baldvinsson, sem fóru fyrir Kaldbaki, höfðu af sömu ástæðum meiri áhuga á Landsbankanum enda var Eiríkur vel kunnur innviðnum bankans og fyrirkomulagi hans eftir að hafa gegnt starfi útibússtjóra Landsbankans á Akureyri um tíma.

Björgólfur „stöð sig best“

Framkvæmdanefndin kom á kynningarfundum með fjárfestahópnum þremur með Halldóri J. Kristjánssyni, bankastjóra Landsbankans, og Stefáni Héðni Stefánssyni framkvæmdastjóra, sem fram fóru dagana 22. og 23. ágúst. Þar var farið í gegnum glærkynningu á bankanum þar sem gerð var grein fyrir helstu atriðum í rekstri hans. Viðstaddur fundina var starfsmaður einkavæðingarnefndar, Guðmundur Ólafsson, sem hafði verið falið að skila framkvæmdanefnd og ráðherreranefndinni fundargerðum af fundunum. Hann tók niður á blað það sem fram fór á fundinum.

Einkavæðingarnefnd komst að þeirri niðurstöðu, eftir að allir þrír hóparnir höfðu fundað með Halldóri og Stefáni Héðni, að Björgólfur Guðmundsson hefði sýnt „mestan áhuga á bankanum“ og hann hafi „staðið sig best“ af öllum fjárfestunum. Var það með-

al annars notað sem rökstuðningur framkvæmdanefndarinnar síðar gagnvart hinum tveimur fjárfestunum þegar útskýra þurfti af hverju ákveðið var að ganga til viðræðna við Samson.

Aldrei rætt um verð

Hóparnir þrír áttu nokkra fundi með framkvæmdanefnd og þurftu meðal annars að svara spurningum um framtíðaráætlun sína varðandi Landsbankann. Á lokafundi framkvæmdanefndar með fjárfestunum hafði ekki enn verið fært í tal hvaða hugmyndir hóparnir gerðu sér um verð. Ekki hafði verið hugað að því að hóparnir þyrftu að bjóða ákveðið verð fyrir hlut ríkisins í Landsbankanum. Þegar bjóðendur bentu á að ekki hefði enn verið gert ráð fyrir því að verðtilboð yrði gert kom framkvæmdanefndin með þær skýringar að nefndin hefði hugsað sér að setja inn í ferlið nokkurs konar millistig þar sem hóparnir þrír myndu leggja fram verðtilboð. Hins vegar hefði framkvæmdanefndin ekki enn ákveðið hvornig það millistig ætti að ganga fyrir sig, en bjóðendur yrðu látnir vita.

Á lokastigi söluferlisins var því ekki enn farið að huga að verðþætti tilboðanna.

Vægi verðs í heildarmati ákveðið eftir á

Hinn 28. ágúst fundaði framkvæmdanefndin með hópunum þremur hverjum fyrir sig og afhenti þeim bréf þar sem óskað var eftir svörum við fimm atriðum: Hvernig fyrirkomulag eignarhalds yrði, stærð eignarhlutar sem sóst væri eftir, fjármögnun, framtíðarsýn og loks aðrar forsendur fyrir kaupunum.

Framkvæmdanefndin deildi á fundi sínum 30. ágúst um aðferðafræðina við útboðið og hvert vægi verðs ætti að vera í væntanlegu heildarmati. Steingrímur Ari Arason lagði meðal annars á það áherslu á fundinum að samkvæmt vinnureglum framkvæmdanefndarinnar ætti að meta tilboðin til staðgreiðsluverðs og ennfremur að ákveða ætti lágmarksverð fyrir hlutinn. Hann fékk ekki hljómgrunn fyrir því innan nefndarinnar og vildu nefndarmenn frekar semja um verð við kaupandann við samningaborðið eftir að hann hefði verið valinn.

Í skýrslu Ríkisendurskoðanda um sölu á Landsbankanum er bent á að á þessum tímupunkti hefði hvorki verið tekin afstaða til þess hvert vægi einstakra áhersluþátta væri né hvornig meta ætti tilboðin með tilliti til hvers þáttar fyrir sig.

Ákveðið var að kalla til fjárfestingabankann HSBC, sem áður hafði unnið að sölu bankans. Eitt helsta verkefni HSBC yrði að meta þá þætti sem áhrif hefðu á val á kaupanda, aðstoð við samningaviðræður og kostgæfnisathugun á kaupanda.

Á þessum tíma stóðu yfir mikil átök um yfirráðin í VÍS og beið framkvæmdanefnd með að óska eftir verðtilboðum þangað til átökin um VÍS voru yfirstaðin.

Þar tókust á Landsbankamenn og S-hópurinn, en báðir réðu yfir helmingshlut í félaginu. Þeim lauk með kaupum S-hópsins á hlut Landsbankans í VÍS.

Þegar verðtilboðin í Landsbankann bárust kom í ljós að Samson var með langlægsta tilboðið og því þurfti að finna viðunandi lausn á því hvornig hægt yrði að útskýra valið á Samson sem kaupanda að Landsbankanum.

.....

Á morgun verður sagt frá átökunum bak við tjöldin um yfirráðin í VÍS og baráttu milli tveggja eigendahópa, Landsbankans og S-hópsins. Inn í átök-in blönduðust Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson, sem gættu hagsmuna hvors hópsins um sig. Landsbankamenn halda því fram að Halldór Ásgrímsson hefði hótad Davíð því að hætta við einkavæðingarferlið færi svo að VÍS yrði selt Samson með Landsbankanum. S-hópurinn segir aðra sögu og kallar átökin „Sex daga stríðið um VÍS“.

Finna að ég er loksins tilbúinn

Reynir Lyngdal leikstjóri er um þessar mundir að undirbúa tölur á Mýrinni eftir samnefndri skáldsögu Arnaldar Indriðasonar. **Bergsteinn Sigurðsson** spjallaði við Reyni um stuttmyndir og auglýsingar, Erlend lögreglumann, Ingvar leikara og breyttar aðstæður í íslenski kvikmyndagerð.



REYNIR LYNGDAL Þó að Reynir sé innan við þrítugt telur starfsaldur hans sextán ár. Hann fékk áhugann á kvikmyndum frá föður sínum sem er líka forfallinn teiknimyndasögusafnari.

Ég sá strax kvikmynd í bókinni,“ segir Reynir Lyngdal leikstjóri um skáldsöguna *Mýrina*. Sem kunnugt er mun Reynir leikstýra kvikmynd byggðri á þessari skáldsögu Arnaldar Indriðasonar. Þetta er fyrsta kvikmyndin í fullri lengd sem Reynir leikstýrir og það er óhætt að segja að hann ráðist ekki á garðinn þar sem hann er lægstur, bókinn er jú sjálfsgott ein sú víðlesnasta hér á landi. „Jú, það er vissulega krefjandi að gera mynd eftir bók sem allir hafa lesið,“ segir Reynir og kímur. „En þetta er fyrst og fremst frábær saga og mesta áskorunin er að koma henni á filmu; frásagnarformið er flókið og það er flakkað fram og til baka í tíma. En það sem mér finnst mest heillandi við *Mýrina* er að hún spyr spurninga til dæmis hvenær má satt kyrrt liggja og hvort það sé til þess fallið að valda meiri hörmungum að grafa í leyndarmálum fortíðarinnar? Hún veitir svo sem ekkert svörin, enda er það ekki tilgangurinn. En eins og allar góðar sögur sækir hún á mann og ég varð strax spennur fyrir því að gera mynd eftir henni.“

Fjögurra ára aðdragandi

Aðdragandinn að gerð myndarinnar hefur verið langur og má rekja fjögur ár aftur í tímann þegar Reynir hitti Baltasar Kormák, framleiðanda myndarinnar, á Eddu-verðlaununum. „Við fórum að spjalla saman og þá kom upp úr dúrnunum að Baltasar var nýbúinn að kaupa kvikmyndaréttinn að *Mýrinni*. Hann bað mig um að lesa bókina með það í huga að ég kæmi að því á einhvern hátt að þróa verkefnið áfram. Ég er því búinn að ganga með þessa mynd í maganum í þrjú til fjögur ár.“

Reynir lítur þó ekki á þennan langa undirbúning sem dragbít. „Það sést kannski ekki á mér, en ég er tiltölulega agaður leikstjóri. Skipulag skiptir mig miklu máli og ég vil vita nákvæmlega hvað ég ætla að gera þegar ég fer í tölur. Þess vegna hefur mér einmitt þvert á móti fundist það frábært að geta unnið þetta á svona löngum tíma og fá tækifæri til að þróa handritið í ýmsar áttir og fanga kjarna sögunnar. Ég hef unnið handritið ásamt Jóni Atla Jónassyni leikskáldi og Edward Weiman og við höfum flakkað fram og til baka með uppbygginguna, farið frá bókinni og aftur til hennar og erum loksins orðnir sáttir við útkomuna.“

Sumum kom á óvart að Ingvar E. Sigurðsson hefði verið valinn í aðalhlutverk Erlends rannsóknarlögreglumanns og bera við að í bókunum komi hann fyrir sem öllu eldri og þrekvaxnari en Ingvar. Reynir segist hafa haft minnst- ar áhyggjur af útliti og aldri Erlends þegar hann valdi Ingvar í rolluna. „Að öllum ólöstuðum er Ingvar E. Sigurðsson flottasti leikari landsins og þótt víðar væri leitað. Ég þurfti leikara sem getur borið heila mynd uppi og það getur Ingvar tvímælalaust. Hann er líka dálítið aldurslaus týpa og getur auðveldlega leikið sér yngri menn og eldri. Erlendur er flókin karakter, óvæginn en góður maður með mikla sorg á bakinu. Það þarf virkilega góðan leikara til að skila þessu á tjaldid og ég treysti engum betur en Ingvari til þess.“

Sextán ára starfsaldur

Þó að þetta sé fyrsta kvikmynd Reynis í fullri lengd verður hann seint sagður nýgræðingur í stétt kvikmyndagerðarmanna. Hann státar af sextán ára starfsaldri og er ekki orðinn þrítugur. „Ég byrjaði að gera kvikmyndir þegar ég var þrettán ára. Ég og Arnar Jónasson, vinur minn, fórum að gera stuttmyndir og með fullri högværd verður að segjast við vorum bara frekar fagmannlegir. Við fengum margar góðar hugmyndir og unnum til verðlauna þegar við vorum fjórtán eða fimmtán ára og það má ennþá horfa á merkilega mikið af þessu.“

Kvikmyndadelluna segist Reynir hafa fengið í arf frá föður sínum sem er líka forfallinn safnari teiknimyndasagna. „Ég var alltaf dálítið lengi að lesa og sótti því í teiknimyndasögurnar. Ég féll algjörlega fyrir þessum frásagnarstíl; hvernig maður getur notað myndir til að segja sögur af fólki. Þetta hugsa ég að hafi laðað mig að kvikmyndagerð og sem leikstjóri hef ég sérstakan áhuga á sjónrænum útfærslum.“

Nítján ára gamall hélt Reynir til Spánar til að nema kvikmyndagerð og dvaldi þar í fjögur ár. Þegar hann sneri aftur heim hélt hann áfram að gera stuttmyndir og hefur unnið til fjölda verðlauna. Þá hefur hann fengið við auglýsingagerð síðan hann sneri heim frá námi og starfar fyrir kvikmyndafrirtækið Pegasus í dag. Hann segir að auglýsingarnar hafi reynst sér dýrmæt

reynsla. „Ég var einmitt að fara yfir þetta um daginn og áttaði mig á að ég er búinn að gera óskaplega margar auglýsingar. Ég verið heppinn því flest þessara verkefna voru skemmtileg en það sem skiptir mestu máli er reynslan. Fólk í þessu fagi reynir að koma sér í öll þau verkefni í kvikmyndum sem það getur því þannig fær það reynslu. Fólk vinnur til að læra og í mínu tilfelli hefur það skilað sér.“ Þá segir Reynir stuttmyndagerðina ekki síst hafa þroskað hann sem kvikmyndagerðamann. „Stuttmyndin býður manni upp á svo mörg tækifæri á að prófa eitthvað nýtt í frásögn og tækni og það skilar sér ótvírætt í önnur verkefni. Ég veit að ég á aldrei eftir að hætta að gera stuttmyndir.“

Mýrin er engin endastöð

Í rauninni liggur beint við að spyrja hvers vegna Reynir hefur ekki gert mynd í fullri lengd áður? „Ég hugsa að það hafi ekki verið tímabært fyrir mig fyrr. En Baltasar fékk mig til að leikstýra *Mýrinni* vegna þess að hann treysti mér til þess og ég finn að ég er tilbúinn.“ Og það eru ýmis teikn á lofti um að fleiri ungir kvikmyndagerðarmenn séu að verða tilbúinir. „Sem betur fer eru margir ungir leikstjórnarar að gera sig gildandi. Fyrstu myndir leikstjóra eru oftast en ekki hlaðnar ákveðinni orku sem greinin þarf á að halda. Ég er til dæmis mjög spennur yfir *Mýrinni* og ég vona að það komi til með að skila sér í myndina. Það verða auðvitað aðrir að dæma um það þegar þar að kemur.“

Reynir segir að andrúmsloftið í íslenski kvikmyndagerð ein- kennist í dag af vild á milli manna. Það skýrist ef til vill af því að aðstæður til kvikmynda- gerðar hafi breyst til hins betra, til dæmis eigi menn hægara um vik að fjármagna myndir. „Skýrasta birtingarmyndin er ef til vill sú að kvikmyndagerðarmenn geta leyft sér að horfa til framtíðar. Það er ekki langt síðan menn þurftu að leggja allt í sölu- urnar fyrir eitt verkefni, sem gat allt eins orðið þeirra síðasta. Og margir urðu því miður illa úti. En þetta virðist sem betur fer hafa breyst. Eins spennur og ég er fyrir *Mýrinni* til dæmis, finnst mér gott að hafa í huga að það eru svo margar sögur sem á eftir að segja. *Mýrin* er engin endastöð.“ ■

HÁSKÓLI ÍSLANDS

NÁM Í GEISLA- OG LÍFEINDAFRÆÐI

NÝTT NÁM VIÐ LÆKNADEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

Frá háskólaárinu 2005-2006 mun læknadeild Háskóla Íslands bjóða upp á nám við nýja skor, geisla- og lífeindafræðiskor.

Umsóknareyðublöð eru á vefsetri Háskólans, www.hi.is, einnig í Nemendaskrá í Aðalbyggingu v. Suðurgötu.

Umsóknum skal fylgja staðfest afrit af stúdentsprófskírteini.

Inntökuskilyrði er stúdentspróf af bóknaðsbraut. Einnig teljast nemendur sem lokið hafa námi frá frumgreinadeild Tækni- háskóla Íslands uppfylla inntökuskilyrði.

Fjöldi stúdenta sem tekinn verður inn í námið er takmarkaður við 10 nemendur í geislafræði og 15 nemendur í lífeindafræði. Samkeppnispróf verður haldið að loknu fyrsta misseri (í desember).

Umsóknarfræstir er til 5. júní 2005.

Nánari upplýsingar um námið er að finna á heimasíðu læknadeildar <http://www.hi.is/nam/laek/>.





Valdís Gunnarsdóttir
Sunnudagsmorgna 9-12

Valdís snýr aftur

Ys og þys á Indlandi

Íslandsheimsókn Abdul Kalam, forseta Indlands, hefst í dag og stendur í fjóra daga. Indland er á góðri leið með að verða þriðja stærsta hagkerfi heims en engu að síður fær aðeins hluti Indverja að njóta ávaxtanna af uppsveiflunni eins og Sveinn Guðmarsson rekur í þessari grein.

Forseti Indlands, Abdul Kalam, kemur til Íslands í dag í opinbera heimsókn í boði Ólafs Ragnars Grímssonar forseta en hann mun dvelja hér til 1. júní. Heimsóknin er liður í lengra ferðalagi því auk Íslands sækir hann Rússland, Sviss og Úkraínu heim.

Samvinna Íslendinga og Indverja á sviði lyfjapróunar og lyfjaframleiðslu verður í brenni-depli á meðan heimsókn Kalam og fylgdarliðs hans stendur en einnig hyggst hann kynna sér orkuframleiðslutækni með jarðhita og viðvörunarkerfi um jarðskjálfta sem Íslendingar hafa þróað.

Eins og lesa má annars staðar á síðunni þá er Kalam er margslunginn persónuleiki og þannig er hann á vissan hátt spegill þjóðar sinnar. Á Indlandi býr rúmur milljarður manna í 29 sjálfstæðum héruðum. Þar tala menn 33 tungumál sem skiptast í 1.650 mállýskur og fjölbreytni í trúarbrögðum er óvíða meiri. Og eins og búast má við eru kjör fólks í þessu víðfeðma landi býsna misjón svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Bullandi hagvöxtur

Fréttir af efnahagsuppgangi Indlands hafa verið áberandi í vestrænum fjölmiðlum undanfarið ár enda hafa Indverjar, líkt og Kínverjar, mjög sótt í sig veðrið í þessum efnunum. Á meðan hagvöxtur síðustu tíu ára á evrusvæðinu hefur ekki verið nema 1,9 prósent og og í Bandaríkjunum 3,3 prósent þá hafa Indverjar búið við 5,9 prósentu hagvöxt að jafnaði síðasta áratug. Þeir eiga þó enn langt í land með að ná Kínverjum með sinn 9,3 prósentu meðalhagvöxt.

Það sem gerir árangur Indverja ekki hvað síst ánægjulegan er að sífellt stærri hluti þjóðarteknanna kemur úr tölvu- og upplýsingatækniþættum. Á hverju ári útskrifast hundruð þúsunda verkfræðinga úr indverskum háskólum sem standast fyllilega samanburð við vestræna starfsbræður sína – en þiggja lægri laun fyrir störf sín. Fyrirtæki á Vesturlöndum hafa nýtt sér enskukunnáttu Indverja til dæmis með því að flytja verkefni á borð við símasvörunarþjónustu þangað.

Gæðunum misskipt

Sá böggull fylgir skammrifi að þessum nýfengnu tekjum er mjög misskipt. Lunginn úr erlendri fjárfestingu endar í sex ríkustu héruðunum, hin 23 fá nánast ekki neitt. Enn búa um 35 prósent Indverja undir fátækramörkum, eða um 350 milljónir fólks. 47 prósent barna undir fimm ára aldri eru vannærð og 65 af hverjum fæddum börnum deyja á fyrsta ári.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að ekki hefur gengið betur að bæta hag indversks almennings þrátt fyrir uppsveifluna. Greinarhöfundur í The Economist setti fram athyglisverða kenningu fyrr á þessu ári hvers vegna staðan væri önnur í Kína að þessu leyti, ástæðan liggur í lestrarkunnáttu kvenna. Í Kína geta 87 prósent kvenna lesið á meðan 45 prósent indverskra kvenna eru læsar. Skólaganga kvenna leiðir af sér betri heilsu og menntun hjá fólki almennt sem aftur leiðir til hæfara vinnuafns. „Börn sem gengið hafa í skóla vilja ekki vinna á hrisgrjónaakri,“ segir í The Economist.

Audvitað er þessi framsetning einföldun enda eru aðstæður í Kína og Indlandi ólíkar í flestu tilliti. Þannig er Kína mun einsleitari þjóð en Indland og sömuleiðis eru pólitískar aðstæður þar allt aðrar.

Rótgróið lýðræði

Í þessu ljósi er athyglisvert hversu rótgróið lýðræði er á Indlandi – þótt það sé ekki að öllu leyti sniðið að vestrænum kröfum og hugmyndum – því afar fá dæmi eru um lýðræðisríki þar sem þjóðartekjur á íbúa eru mjög lágar. Kjörsoðn er yfirleitt með ágætum á Indlandi og það eru ekki síst þeir sem lægstu tekjurnar hafa sem skila sér á kjörstað. Hvers vegna gengur þá ekki betur að koma á umbótum í landinu?

Fyrir utan hina rótgrónu stéttaskiptingu sem gegnsýrir indverskt samfélag þá bendir The Economist á þrjár brotalamir sem finna má í stjórnmalalífi landsins um þessar mundir: spilltir stjórnmalamenn, of margir flokkar og of mikil miðstýring.



LAND FJÖLBREYTNINNAR Mikið umbrotaskeið stendur nú yfir í indversku þjóðlífi, sérstaklega í efnahagslegu tilliti. Þeir eiga þó enn nokkuð í land með að ná Kínverjum í þessu tilliti.

Fjórðungur þingmanna bíður ákæru

Af þeim 541 þingmanni sem settist í neðri deild þingsins eftir kosningarnar í fyrra hafði tæplega fjórðungur verið ákærður fyrir glæpsamlegt athæfi. Hlutfallið er hærra hjá þeim þingmönnum sem litla menntun hafa en þeir eru einnig auðugari en þeir þingmenn sem eru langskólagengnir. Helmingur þeirra sem gæti beðið löng fangelsisvist kemur úr fjórum kjarnahéruðum hindúa en þar er sögð sérstaklega mikil hættu á að glæpamenn hrifsi völdin og stýri svæðinu eins og lénsdæmi sínu. Þar er jafnframt mest hættan á kosninga-svindli.

Þótt fjölbreytt flokkaflóra beri gróskumiklu stjórnmalastarfi vitni þá má öllu ofgera. Auk stóru flokkanna tveggja, Kongressflokkans og Bharatiya Janata, þjóðarflokks hindúa, er urmull smáflokka á þinginu sem berjast flestir hverjir fyrir þröngum sér-

hagsmunum sinna umbjóðenda. Í samsteypustjórninni sem Kongressflokkurinn myndaði eftir kosningarnar fyrir ári eru tuttugu smáflokkar. Með öðrum orðum, ríkisstjórnin er mynduð utan um lægsta mögulega samnefnara. Því þarf ekki að koma á óvart að Manmohan Singh forsætisráðherra hafi ekki tekist að hrinda nema broti af þeim umbótum í framkvæmd sem flokkur hans hafði lofað.

Að lokum benda greinarhöfundar The Economist á að með því að draga úr miðstýringu í landinu og færa meiri völd og fjárráð til héraðs- eða bæjarstjórna væri mun auðveldara að fylgja með að þeir sem ættu rétt á tiltekinni þjónustu nytu hennar. Það væri kærkomin tilbreyting í stað þess að „aðeins fimmtán rúpur rynnu til fátækra af þeim hundrad sem þeim hafði verið lofað af almannafé,“ svo vitnað sé til orða Rajiv Ghandi, fyrrverandi forsætisráðherra. ■



FORSETINN KVADDUR Manmohan Singh forsætisráðherra færði Abdul Kalam forseta blómvönd áður en hann lagði upp í Íslandsferðina.

Menningarnótt

í miðborginni

Stjórn Menningarnætur auglýsir eftir dagskráratriðum

Menningarnótt í miðborginni verður haldin í tíunda sinn 20. ágúst næstkomandi. Stjórn Menningarnætur vill hvetja listamenn og aðra skapandi einstaklinga, félagasamtök og fyrirtæki að vera með og senda inn hugmyndir að dagskráratriðum fyrir 1. júlí næstkomandi.

Sem fyrr er hlutverk stjórnar almenn samræming og kynning á þeim atriðum sem fram fara í menningarstofnunum, galleríum, á götum úti, í kirkjum, bönkum, heimahúsum og víðar í miðborg Reykjavíkur.

Hugmyndir skal senda á Höfuðborgarstofu, Aðalstræti 2, 101 Reykjavík, merkt Menningarnótt eða rafrænt á sif.gunnarsdottir@reykjavik.is

Nánari upplýsingar veitir Sif Gunnarsdóttir, sími: 590 1500

Eldflaugamaðurinn

Dr. Avul Pakir Jainulabdeen Abdul Kalam, eins og forseti Indlands heitir fullu nafni, er um margt athyglisverður maður. Hann er kallaður faðir indversku kjarnorkusprengrunnar en jafnframt er hann grænmetisæta og alger bindindismaður á áfengi og kynlíf.

FÆDDUR 15. október 1931 í Rameswaram í héraðinu Tamil Nadu á suðaustanverðu Indlandi.

MENNTUN Flugvélafræðingur frá Tækniháskólanum í Madras (nú Chennai) árið 1958.

STARFSFERILL Áður en Kalam varð forseti var hann atkvæðamikill í rannsóknunum á sínu sviði. Hann stjórnaði smíði fyrstu indversku gervihnattanna og síðan stýrði hann vel heppnuðu eldflauga-verkefni Indverja. Þar fékk hann viðurðefni sitt, eldflaugamaðurinn. Á tíunda áratugnum leiddi hann svo kjarnorkuáætlun Indverja en þeir sprengdu sína fyrstu kjarnorkusprengru árið 1998.

FORSETATÍÐ Kalam var kjörinn forseti árið 2002 og fékk yfirgnæfandi meirihluta atkvæða enda sameinuðust báðir stóru flokkarnir um að styðja hann. Hann hefur einkum beitt sér í að gera Indland að öflugri upplýsingabjóðfélagi og vonast til að Indland verði komið í hóp fremstu iðnríkja árið 2020.

PERSÓNAN Kalam er múslimi og er vel lesinn í Kóraninum. Hann hefur hins vegar lagt sig í framkróka við að höfða til hindúa líka og les í því skyni reglulega þeirra helsta helgirit, Bhagavad Gita. Kalam er mikill meinlætamaður, hann er skírlífur, borðar einungis grænmetisæði og er alger bindindismaður á áfengi.

Ný og betri bókunarleið á Netinu

veljið dagsetningu [breyta leiðinni](#)

Reykjavík til London	27 jún. 05	+/- 3 dagar	Farþegar:	1
London til Reykjavík	3 júl. 05	+/- 3 dagar	Fargjald:	Almennt

Verð miðast við fullorðna án skatta. Heildarverð að meðtöldum sköttum fyrir alla farþega verður birt á næstu stigum.

Til baka: London - Reykjavík

	fim. jún. 30	fös. júl. 01	lau. júl. 02	sun. júl. 03	mán. júl. 04	þri. júl. 05	mið. júl. 06
Á útleið: Reykjavík - London	fös. jún. 24	frá 21000 ISK	frá 23800 ISK	frá 21000 ISK	frá 23800 ISK	frá 21000 ISK	frá 21000 ISK
	lau. jún. 25	frá 18200 ISK	frá 21000 ISK	frá 18200 ISK	frá 21000 ISK	frá 18200 ISK	frá 18200 ISK
	sun. jún. 26	frá 49800 ISK	frá 49800 ISK	frá 49800 ISK	frá 25900 ISK	frá 23100 ISK	frá 23100 ISK
	mán. jún. 27	frá 49800 ISK	frá 49800 ISK	frá 49800 ISK	frá 23800 ISK	frá 21000 ISK	frá 21000 ISK
	þri. jún. 28	frá 59800 ISK	frá 49800 ISK	frá 49800 ISK	frá 21000 ISK	frá 18200 ISK	frá 18200 ISK
	mið. jún. 29	frá 69800 ISK	frá 59800 ISK	frá 49800 ISK	frá 21000 ISK	frá 18200 ISK	frá 18200 ISK
	fim. jún. 30	frá 69800 ISK	frá 69800 ISK	frá 59800 ISK	frá 21000 ISK	frá 18200 ISK	frá 18200 ISK

Legend □ = Umbeðin dags. □ = Lægsta verð SK = Íslenskar krónur

Umbeðnir ferðadagar á lægsta verði

Lægsta verð
sem er í boði
almennt
á viðkomandi
áfangastað



Nú er einfaldara, þægilegra og fljótlegra að panta flug á www.icelandair.is

Um helmingur farþega með Icelandair pantar og greiðir fyrir flugfarið á Netinu.

Við höfum nú tekið í notkun nýtt og einfaldara leitar- og bókunarkerfi á vef okkar, www.icelandair.is. Notandaviðmótið er skýrt og þægilegt og leikur einn að kanna flugmöguleika á

tilteknum dögum, skoða mismunandi verð og ganga frá pöntun og greiðslu.

Kynntu þér málið og slástu í hóp þeirra tugþúsunda Íslendinga sem kaupa sér alltaf flugmiða á www.icelandair.is

ICELANDAIR
www.icelandair.is





FRÉTTABLAÐIÐ/WILHELM

HÓLMFRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR, BÓNDI Í HLÍÐ Í GARÐABÆ „Geti maður stillt sig inn á að fylgjast með skepnum þannig að hvert dýr hafi sitt einkenni, og unnið vináttu þeirra, þá er það ekki eins lítilfjörlegt og mörgum finnst. Skepnur hafa tilfinningu fyrir því hvernig komið er fram við þær.“

Vitaskuld urðum við sár

Bærinn Hlíð í Garðabæ er eitt af síðustu kotunum í sveitinni milli Hafnarfjarðar og Álftaness. Ábúandinn Hólmfríður Sigurðardóttir féll óvænt fyrir einkasyninum í Hlíð þegar hún kom í vist á næsta bæ árið 1948. Nú býr hún ein með fáeinum kindum, ungri tík og hjálpsömum syni sínum. **Pórdís Lilja Gunnarsdóttir** naut fuglasöngs og fríðsældar á hlaðinu austan við Hafnarfjörð.

Ég er búin að vera í Hlíð síðan 1948, að ég kom sem aðstoðarstúlka á bæinn hér fyrir ofan. Ég kom úr Húnavatnsýslu, er fædd á Lækjarmóti og var árum saman með ríka heimþrá norður,“ segir Hólmfríður Sigurðardóttir, bóndi í Hlíð í Garðabæ.

„Maðurinn minn var einkabarn á þessu heimili, en dvölin hér varð örlagaför. Meira en ég ætlaði. Fyrstu árin fannst mér bæði ljótt og leiðinlegt að koma hingað og var illa við að hafa sjóinn heima við tún. Ég hef alltaf verið hrædd við hafið og þá sem eru á sjó, það er eitthvað innbyrgt. Kannski vatnshræðsla,“ segir Hólmfríður og bætir við að áratugi hafi tekið að sætta sig við sjóinn í túninu. Bæði saga og leikrit voru skrifuð af Sigurði Ólafssyni í Hlíð, um eiginmann Hólmfríðar, Kristín Gíslason heitinn, þegar yfir hann flæddi á skeri við bæinn og kalladist „Kiddi flæddi á skeri“.

„Í dag finnst mér fallett hér, þótt ég líti sjaldnast á sjóinn. Ég vissi ekki annað en að við Kristinn myndum búa sér þegar ég kæmi

hingað, en þetta var alltaf eitt samkrull. Svona var þetta á þeim tíma, fjölskyldur bjuggu saman undir sama þaki, sem er kúnst þegar taka þarf tillit til annarra sem hafa ráðið á bænum alla tíð. Það getur víst aldrei orðið eðlilegt, því konan verður ekki húsmóðir á sínu heimili, eins og ég ímynda mér að sé búi maður einn með maka sínum og börnum,“ segir Hólmfríður sem eignaðist góða vini í tengdaforeldrum sínum sem bæði dóu í hárrí elli heima í Hlíð.

„Kristinn dó fyrir rúmum þrettán árum, en hann fékk Parkinsonveiki. Ég er hjartabíluð og var viss um að ég færi á undan honum, en þakka nú Guði fyrir að hafa lifað hann því hann mátti ekki af mér sjá og enginn mátti hjálpa honum nema ég.“

Maður Hólmfríðar var meðhjálpari í Garðakirkju í þrettán ár og sjálf var Hólmfríður í sóknarnefnd hátt í tuttugu ár.

„Ég unni þessari kirkju eins heitt og leið alltaf svo vel í henni, jafnvel þótt ég væri ein. Beininn mun ég bera í kirkjugarðinum við hlið mannsins míns þegar þar að kemur,“ segir Hólmfríður, en Garðakirkja átti jörðina Hlíð eins og aðrar í sveitinni.

„Garðabær hirti þær allar á bak við okkur því auðvitað áttum við fyrsta kauprétt. Vitaskuld urðum við sár og ég vildi að stofnuð yrðu samtök til að sporna á móti þessu, en það kom aldrei til. Þetta var búið og gert. Ég hef verið svo heppin að yngri sonur minn hefur gert mér kleift að vera hérna, hann hefur átt alla sína ævi í Hlíð og heldur því áfram þótt við séum bara tvö í heimili. Hann hefur sagt að ég fari aldrei á elliheimili, þótt ég hafi sjálf lagt til að hann myndi sér konu og byggja hér án mín, en honum finnst það ekki koma til greina. Það er ósköp indælt að vita af þessum hlýja hug, en þetta er fórn hjá honum.“

Í Hlíð eru enn nokkrar kindur sem Hólmfríður rýr sjálf og hirð-



SÁTT VIÐ SJÓINN Í TÚNINU „Ég hef alltaf verið hrædd við hafið og þá sem eru á sjó, það er eitthvað innbyrgt. Kannski vatnshræðsla.“

ir daglega, og nú sér hún fram á lok sauðburðar.

„Geti maður stillt sig inn á að fylgjast með skepnum þannig að hvert dýr hafi sitt einkenni, og unnið vináttu þeirra, þá er það ekki eins lítilfjörlegt og mörgum finnst.“

Skepnur hafa tilfinningu fyrir því hvernig komið er fram við þær. Í dag er stefnt að því að minnka fjáreign á Íslandi, en ég veit ekki hvar á að taka gjaldeyri þegar kaupa þarf kjöt frá útlöndum né hvaða sjúkdómar koma

með því,“ segir Hólmfríður hugsu og bætir við að hún sé nú fjórum sinnum lengur að vinna verkin en áður.

„Þetta er tómur roluskapur í mér og dagurinn fer í ekki neitt. Það er aldrei frídagur þegar maður er með skepnur. Ég er aldrei einmana og langsáttust við að vera hér áfram, þótt gott sé að vera annað slaginn innan um fólk. Ég er í eðli mínu félagsvera, en samt hlédræg. Þrjúsk við sjálfa mig og viðkvæm sál. Það er öllum frjáltsara að vera út af fyrir sig,“

segir Hólmfríður, sem getur ekki hugsað sér að fá byggðina nær en nú er.

„Burtséð frá því að ég hrekk bráðum upp af og kemur þetta ekki við, þá er þetta eina græna svæðið frá Kjós á Kjalarnesi og syðst suður á Reykjanesi.“

Hér vil ég sjá fallett útivistarsvæði með golfvelli eða öðru sem nútíminn krefst, auk þess sem nauðsynlegt er fyrir ungdóminn að vita að hér í Garðabæ var eitt sinn búskapur og allt annað líf en nú tíðkast.“

Aldrei með í ráðum

Guðjón Jósefsson, bóndi í Pálshúsum í Garðabæ, komst í fréttir þegar hann skaut boxerhund á landareign sinni, í stað þess að horfa á búfénað sinn rifinn á hol. Hann man tímana tvenna, enda hvergi búíð annars staðar um dagana, alsæll í sveitinni við stórborgina. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir hitti Guðjón meðal landnámshænsna í fjósinu.

Ég sef enn í sama rúmstæði og ég fæddist í. Hef aldrei búíð annars staðar en hér á bænum," segir Guðjón Jósefsson, bóndi í Pálshúsum í Garðabæ.

„Ég fæddist á kreppeárunum, en þá bjuggu hér foreldrar mínir og þar áður amma og afi. Alls voru sextíu manns á svæðinu, allt þar til stríðið kom og allir fóru að vinna," segir Guðjón, sem sjálfur gekk meðfram sjónum til vinnu í fiski í Hafnarfirði aðeins níu ára gamall.

„Ég var átta ára þegar herinn kom, en þeir voru með vélbyssuhreiður í túninu heima og gengu um hlaðið kvölds og morgna á sólarhringsvöktum. Þeir voru afar góðir við mig, leyfðu mér að fægja byssurnar sínar, fyrst Bretar og síðar Kanadamenn, sem reyndar voru svo líkir íslenskum bændum að þeir komu í fjósið til að mjólka kýrnar," segir Guðjón brosmildur yfir minningunni.

Í túnnum Pálshúsa hoppa nýfædd lömb og þriflegar kindur, ásamt landnámshænum í fjósinu, en áratugur er síðan Guðjón hætti með kúabúskap.

„Maður verður einhvern tímann að hætta þessu rugli. Það var orðið svo einangrað að sækja mjólkina hingað.“

Á bernskuárum Guðjóns var byggðin í Hafnarfirði aðeins lítil rönd húsaþyrpinga þar sem nú

stendur gamli bærinn.

„Mér er svo sem sama þótt það þrenni að manni hér í sveitinni, en svo kemur að því að við verðum rekin burtu. Garðabær eignaðist þessar jarðir með hrossabraski og keypti af ríkinu, en Þjóðkirkjan átti þessar jarðir og við leiguliðar hjá henni. Eflaust áttum við forkaupsrétt á jörðunum, búin að búa hér kynslóð fram af kynslóð, en okkur voru aldrei boðnar þær til kaups," segir Guðjón, sem komst í fréttir í fyrra þegar hann skaut hreinræktaðan boxerhund á landareign sinni.

„Maður stendur ekki aðgerðarlaus og gónir á það þegar fé manns er rífið á hol. Deginum áður hafði annar hundur drepíð hjá mér kind og hálf drepíð aðra sem dýralækni tókst að sauma saman. Sá sagði ekki annað að gera en að drepa hunda sem bita önnur dýr því annars héldu þeir því áfram að salla búfénaðinn niður. Það er stutt í drápsæðli hunda og bæði ábyrgð og vinna sem fylgir því að fara út með hund sem annars er vanur inniveru. Þeir verða vitlausir undir slíkum kringumstæðum og ekki hægt að fara í þá vopnlaus. Fólk ber enga virðingu fyrir fé bændanna hér, jafnvel þótt alls staðar séu skilti sem sýni að bannað sé að vera með lausa hunda. Í kjölfarið stökkva kindurnar á víra, en þannig misstu þrjár af mínum kindum lömb sín í fyrrasumar.“

Guðjón segir sveitina vinsælt útivistarhverfi þótt umferðargnýr og hávaði frá álverinu í Straumsvík valdi æ meiri hljóðmengun.


„Mikið af fólki kemur eftir veginum að ganga af sér spikið, en fyrir rest, þegar hér verður ekkert nema malbik og steypa, mun íbúana vanta útivistarsvæði. Að mínum dómi ætti svæðið að vera óbyggt áfram, enda náttúruperla og synd að sjá grænum svæðum fækka á kostnað byggingaræðis, sem er fáránlegt, eins og hér fjölgi um 30 þúsund manns á ári! Ég veit ekki hver stendur fyrir þessu, sennilega verktakar, en svo eru menn flæmdir burtu með tiltækum ráðum, eins og í Fífuhvammi þar sem lóðagjöld urðu að milljónum sem enginn réð við að borga.“

Guðjón býr með systur sinni að Pálshúsum, en bærinn er til fyrirmyndar í öllu viðhaldi. Sannkölluð paradís.

„Jú, mér finnst ég alltaf vera kominn í sveitina eftir bæjarferðir sem fara æ meira í taugarnar á mér því ástandið hefur versnað mikið á síðustu árum og umferðarþunginn þess valdandi að ekki er fært nema á vissum tímum dagsins. Þetta er ósköp þægilegur staður, stutt í þjónustu og svo aftur í sveitakyrröina. Ég veit svo ekki hvað ég má vera lengi. Fólk-íð hér fréttir ekkert né fær að vera með í ráðum.“



GUÐJÓN JÓSEFSSON, BÓNDI Í PÁLSHÚSUM Í GARÐABÆ „Ég var átta ára þegar herinn kom, en þeir voru með vélbyssuhreiður í túninu heima. Þeir leyfðu mér að fægja byssurnar sínar, fyrst Bretar og síðar Kanadamenn, sem reyndar voru svo líkir íslenskum bændum að þeir komu í fjósið til að mjólka kýrnar.“



DÝRAVINUR MEÐ LANDNÁMSHÆNU „Maður stendur ekki aðgerðarlaus og gónir á það þegar fé manns er rífið á hol. Deginum áður hafði annar hundur drepíð hjá mér kind og hálf drepíð aðra sem dýralækni tókst að sauma saman.“

Fyrirtæki

Til sölu er mjög þekkt og rötgröið veitingahús með mikla og góða viðskiptavild. Merki fyrirtækisins er mjög þekkt. Fyrirtækið hefur verið í eigu sömu aðila síðustu 15 ár. Reksturinn er afar traustur og velta mikil og stöðug. Fyrirtækið er skuldlaust.

Upplýsingar einungis veittar á skrifstofu BERG fasteignasölu.



Berg fasteignasala,
Háaleitisbraut 5B
Sími 588 5530
Netfang: berg@berg.is



Peter Petursson
Eig. Fasteignasala

*Skv. lög nr. 96/2004.

Úr 1. mgr. 1. gr. Þeim minnum er heimil að hafa málþing um kaup, sálu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skiptum fyrir aðra sem hafa til þess löggildinga dómendaráðgjafa.

Birta er komin út



Ingibjörg Sólrún ræðir um lífið og leiðtogahlutverkið

Valdís Gunnars snýr aftur í útvarpið
Púlsinn á tíðarandanum
Súkkulaði allra meina bót
Persónuleikapróf og stjórnsúpa
Öflugasta sjónvarpsdagskráin



90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30



SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um Gorillaz?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið 1900.

Dæmi: Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið JA MYND PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

Leystu gátuna! Þú gætir unnið nýja geisladiskinn með Gorillaz.

Hvað heitir nýjasta plata Gorillaz?

a) Gorillaz d) Demon Days f) Gorillaz 2

Hvað heitir fyrsta smáskífulagið af plötunni?

a) Feel Good Inc. e) I Love You ó) Love Me Tender

Hvað heitir aðallagahöfundur Gorillaz?

a) Liam Gallagher k) Sting m) Damon Albarn

Hvað hét vinsælasta lag síðustu plötu Gorillaz?

o) Clint Eastwood ó) Bill Murray p) John Candy

Hversu margir eru í Gorillaz?

k) 2 m) 4 n) 6

Vinningshafar í SMS-leik síðustu viku voru:

Helga Vala Ingólfssdóttir, Margrét Eysteinsdóttir, Ingibjörg Sæmundsdóttir, Elín Jónsdóttir og Sigrún Halla Ásgeirsdóttir. SMS skeytið kostar 99 krónur.

Saga af... bréfdúfu

Það er þetta með reglurnar, flestar ef ekki allar hafa undantekningar. Það á líka við um þennan dálk. Í dag segi ég sögu sem er ekki íslensk, getur ekki verið íslensk og verður þess vegna aldrei íslensk. En verður samt sögð.

Sagan varð til í Skotlandi fyrir margt löngu. Hún fjallar um vanda blaðamanna um að koma sem nýjustu fréttum í blöðin sín. Þannig háttaði til að íþróttafréttamenn gátu ekki hringt úrslit leikja til blaðanna – heldur urðu að flýta sér reiðinnar býsn til að komast á ritstjórnina svo úrslit kappleikja kvöldsins næðust inn áður en blöðin voru send í

prentun. Talsímminn var ekki eins virkur og nú er, reyndar fjarri því. En þetta stóð allt ansi tæpt. Leikirnir voru leiknir það seint á kvöldin að lausn varð að finna á þessum vanda. Og hún fannst.

Einhverjum kom til hugar að notast við bréfdúfu. Og það varð úr. Íþróttafréttamenn mættu eftir þetta með dúfu í kassa og gátu beðið rólegir þar til leik lauk, skrifað úrslitin á blað og síðan var dúfunni sleppt og hún flaug öruggum tökum beint heim á ritstjórn, þar var lesið á blaðið, úrslitin skrifuð og blaðið prentað. Allir voru glaðir.

En sagan okkar er um undantekninguna. Stórliðin skosku,

Celtic og Rangers, áttust við. Mikil átök voru og leikurinn dróst. Celtic skoraði og síðan Rangers og Rangers aftur. Sem sagt tvö eitt fyrir Rangers. En leikurinn hafði tafist og einn íþróttafréttamannanna var að fara á taugum. Hann gat ekki beðið lengur, blaðið varð að fara í prentun. Samt voru fimm mínútur eftir af leiknum. Hann gekk um, nagaði neglur og reytti hár sitt. Hann tók ákvörðun, skrifaði á miðann: Rangers 2 – Celtic 1. Tók dúfuna úr búrinu, festi miðann á sinn stað. Ein mínúta eftir af leiknum og blaðið varð að fara í prentun. Rangers átti hornspyrnu. Blaðamaðurinn sá að ekkert varð úr horninu, hálf mínúta eftir. Hann tók aðra ákvörðun, slepti dúfunni og sá hana taka flugið, beint heim á ritstjórn. En á sama augnabliki komst Celtic í sókn og skoraði. Skoraði, staðan var orðin 2-2 og dúfan við það að fara úr augnsýn. Hann kallaði á eftir dúfunni: „Celtic jafnaði.“ ■



NÝJAR ÍSLENSKAR
ÞJÓÐSÖGUR
með Sigurjóni

SIGURJÓN M. EGILSSON sigurjon@frettabladid.is

VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

NR. 9

	22	17	11	19		20	25	19	24	27	8	5	18	
9		25		8		25		16		25		3		23
28	10	19	8	19		2	18	18	4	2	31	27	2	19
19		12		30	28	4		8		24		8		13
20	32	4	8			27	7	19	8		10	19	15	19
2		8		26	20	8	24		3		11			
30	14	27	20	8			2		3	28	19	10	2	18
2		25		18	17	11	4	18	8	19		8		2
18	15	3	5	18	8		27			10	8	9	8	24
			21		29		25	4	17	8		27		5
7	21	27	2		27	5	31	30			23	8	19	19
30		28		4	S	3		6	27	4		19		2
5	29	29	4	10	K	25	19	8	18		14	18	18	2
19		29		11	Ó	15		5		1		2		18
	26	8	3	19	R	8	24	2	19		1	13	19	30

A
Á
B
Ð
D
E
É
F
G
H
I
Í
J
K
L
M
N
O
Ó
P
R
S
T
U
Ú
V
X
Y
Ý
Þ
Æ
Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er S til dæmis í reit merktum 4 og fer þá S í alla aðra reiti með því númeri. K er í reit númer 10 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 10 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 26-17-8-27-30-2 (í þessari röð).*

Lausnarorð

26	17	8	27	30	2
----	----	---	----	----	---

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: JA LAUSN JON í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12. SMS-skeytið kostar 99 krónur.

Lausn nr. 7

F	M	E	G	N	F	E	R	Ð	A	L	A	G	H
A	F	T	A	R	K	E	N	N	I	T	A	L	A
L	U	A	U	K	A	R	N	K					
L	Æ	R	I	A	K	R	I	S	N	Ú	A		
E	G	F	I	R	A	Ð	Ý						
G	R	U	N	A	R	I	N	N	L	I	T		
U	F	L	J	Ó	R	A	N	A	Á	O			
R	Ú	A	N	D	A	I	U	M	T	A	L		
B	O	R	Ð	L	Ó	N	I	V	E	G	A		
Ó	Ý	S	S	M	Ó	L	Y	R					
M	O	K	K	A	K	Á	P	A	E	F	S	T	A
A	U	T	R	Ð	P	I	R						
P	R	Ó	T	T	A	R	I	P	Ú	Ð	I		



Leystu krossgátuna!

Þú gætir unnið glæsilegan Epson Stylus Photo R300 myndaprentara frá BT.

Vinningshafar krossgátunnar í síðustu viku var: Sigurlaug Gunnarsdóttir



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 3.30	13.25	23.22
AKUREYRI 2.44	13.10	23.39

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 29. maí,
149. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BOÐI

- Verslunarstjóri
- Múrarar
- Verkamenn
- Þjónustustjóri
- Tæknistjóri
- Deildarstjóri
- Sölumaður fasteigna
- Bífvélavirki
- Þjónustufulltrúi
- Sölustjóri
- Vörustjóri
- Tollafulltrúi
- Ráðgjafar
- Viðskiptafræðingur
- Skipstjóri
- Ræstingarstjóri
- Innheimtufulltrúi
- Framkv.st. markaðs sviðs
- Forstjórar
- Verkstjóri
- Matreiðslumaður
- Starfsmenn í mótuneyti
- Kennarar
- Forritarar
- Yfirmaður þjónustu- og viðhaldsdeildar
- Sumarafleysingar
- Lagermenn
- Lögfræðingar
- Bílstjórar
- Trésmiðir
- Handverksbakari
- Talsmaður neytenda
- Umsjónarmenn
- Skiltagerð

allt - atvinna

atvinna e.fl.

Snyrtilegt á skrifborðinu bls. 2
Þarf alltaf að vera á tánum bls 8

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

Hildur segir mikilvægt að umgangast beinin af virðingu.



Grefur upp mannabein í gömlum kirkjugarði

Hildur Gestsdóttir er mannabeinafræðingur og hefur undanfarið skoðað heilsufarssögu þjóðarinnar í gegnum gömul mannabein.

Hildur segir starf fornleifafræðingsins fjölbreytt og skemmtilegt og vill ekki viðurkenna að það krefjist meiri þolinmæði en önnur störf. Sjálf hefur hún sérhæft sig í mannabeinarannsóknum og eyðir mestum tíma í að rannsaka gömul bein.

„Þar sem Ísland er lítið er starf fornleifafræðinga hér mjög fjölbreytt og við göngum í öll verk. Ég er ekki lokuð inni á rannsóknarstofu allan daginn heldur tek ég líka þátt í uppgreftri og skráningu gagna,“ segir Hildur, sem vinnur um þessar mundir að stóru verkefni sem lýtur að heilsufarssögu Íslendinga.

„Við rannsókum beinagrindur frá landnámi og fram á 19. öld og finnum alla þá

sjúkdóma sem beinin gefa upplýsingar um. Undanfarið hefur verið unnið að uppgreftri á miðaldakirkjugarði á Hofstöðum í Mývatnssveit og í sumar á að grafa upp allan garðinn og rannsaka beinin betur. Þarna höfum við fundið ýmislegt áhugavert, til dæmis beinagrind sem er með illkynja krabbameinsæxli, en til eru afar fá dæmi um slíkt á svo gamalli beinagrind.“

Hildur segir að sér þyki ekki óþægilegt að meðhöndla gömul mannabein en segir mikilvægt að umgangast beinin af virðingu. „Það er líka mikilvægt að vera með vel afmarkaðar rannsóknarspurningar og vita svona nokkurn veginn að hverju verið er að leita. Þetta eru líkamsleifar raunverulegs fólks sem líklega væri sjálft ekki ánægt með að láta grafa sig upp. Mín réttlætning er sú að með beinarannsókninni fái þetta gleymda fólk tækifæri til að hjálpa sögunni og gera gagn.“

LIGGUR Í LOFTINU

í atvinnu

Atvinnuleysi er minnst á Íslandi af öllum Norðurlöndunum. Áætlanir gera ráð fyrir að það verði um 2,4% á þessu ári að meðaltali en verst er ástandið í Finnlandi þar sem búist er við að 8,4% af öllu vinnandi fólki sé án atvinnu. Hagvöxtur jókst á Norðurlöndunum í fyrra og verður áfram góður, gangi spár eftir. Mestur var hann á Íslandi.

Íslendingar eru lukkulegir í vinnunni sinni samkvæmt niðurstöðum könnunar Verslunarmannafélags Reykjavíkur eru 90% prósent starfsmanna ánægðir í starfi. Vinnuskilyrði virðast fara batnandi milli ára og trúverðuleiki stjórnenda einnig.

VR gerði könnun á viðhorfum starfsmanna til átta lykilþátta sem varða atvinnuna. Þeir voru trú-

verðuleiki stjórnenda, launakjör, vinnuskilyrði, sjálfstæði í starfi, sveigjanleiki í vinnu, álag og kröfur, stolt til fyrirtækis síns og starfsandi. Sjálfstæði í starfi og starfsandi fengu hæstu einkunn en launakjör lægstu.

Áttatíu og átta milljónir ungs fólks er án atvinnu í heiminum eða 14,4%. Þetta hlutfall var 11,7% árið 1993 þannig að atvinnuleysi ungs fólks fer vaxandi, sé lítið til heimsins alls. Ástandið er sýnu verst í Mið-austurlöndum og Norður-Afríku en þar ganga 26% ungs fólks atvinnulaus.



atvinna@frettabladid.is



Þjónusta á sviði ráðninga...

Veitum persónulega og faglega þjónustu á sviði ráðninga bæði fyrir fólk í atvinnuleit og fyrirtæki í starfsmannaleit.

Kynnið ykkur nýja heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og skoðið fjölbreytt starfsúrval sem þar er í boði.

Leitum að starfsfólki meðal annars í eftirtalin störf:

- Deildarstjóri móttökusviðs
- Sölumaður fasteigna
- Starfsmenn í þjónustuver
- Ræstingarstjóri
- Lagerstarfsmenn
- Lögfræðingar
- Verslunarstjóri

Fyrirtæki í starfsmannaleit setjið ykkur í samband við ráðgjafa Ráðningarþjónustunnar og sparið ykkur tíma og fyrirhöfn.

Starfsfólk Ráðningarþjónustunnar



www.radning.is
Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

Sölumaður fasteigna

Rótgróin og öflug fasteignasala óskar eftir metnaðarfullum sölumanni strax.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu sem sölustjóri eða sölumaður og helst sem sölumaður fasteigna.

Ráðið verður í starfið fljótlega.

Umsjón með starfinu hefur Þórunn Dögg Árnadóttir, thorunn@radning.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.radning.is

www.radning.is



Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is



Aldrei fyrr jafnmargir á vegum Nordjobb hér á landi

Nordjobb sækir í sig veðrið og er von á 80 norrænum ungmennum til sumarstarfa á Íslandi.

Nordjobb er samnorrænt verkefni þar sem ungu, norrænu fólki á aldrinum 18 til 28 ára gefst tækifæri til að stunda sumarvinnu á einhverju Norðurlandanna. Markmið verkefnisins er að auka hreyfanleika ungs fólks milli Norðurlandanna og stuðla þannig að aukinni þekkingu á menningu og samfélagi Norðurlandanna.

Katrín Magnúsdóttir, tómstundafulltrúi hjá Nordjobb á Íslandi, segir að Nordjobb sé í sókn og að í sumar sé von á fleiri ungmennum hingað til lands en nokkru sinni fyrr. „Hér verða 80 Nordjobbarar í sumar, flestir frá Finnlandi og Svíþjóð. Atvinnutilboðum fyrir norræna starfsmenn hefur fjölgað hér á landi undanfarið en mættu þó vera fleiri. Við náum eiginlega ekki að anna eftirspurninni og vantar enn atvinnurekendur sem eru tilbúnir að taka til sín Nordjobbara,“ segir hún.

Ungmennin sem koma til Íslands gegna alls konar störfum. „Flestir þeirra sem eru í Reykjavík fást við garðyrkjustörf en úti á landi eru ýmis önnur störf í boði, til dæmis vinna á hótélum og sveitabæjum,“ segir Katrín og bætir því við að Nordjobb snúist ekki bara um vinnuna heldur sé líka heilmikið félagslíf í boði. „Við erum með tómstundaprógramm og alls konar félagsstarf þar sem Nordjobbarar geta hist og skemmt sér saman. Við bjóðum líka upp á lengri ferðir út á land og þá reynum við að gera Nordjobburum á landsbyggðinni kleift að taka þátt. Þeir sem koma hingað ná því að ferðast svölftíð um og sjá landið.“

Einn af þeim fjölmörgu Nordjobburum sem koma hingað í sumar er Finninn Kari Salo. Hann hefur verið hér í ríma viku og líkar vel. „Ég ákvað að koma til Ís-



Kari Salo er frá Finnlandi og vinnur í sumar við garðyrkjustörf í Hljómskálagarðinum.

lands því ég hafði aldrei komið hingað áður og þótti landið framtíð,“ segir Kari. Hann viðurkennir að hafa verið dálítið hissa á veðrinu enda bjóst hann við meiri kulda. Kari hefur áður tekið þátt í norrænu samstarfi en þetta er í fyrsta skipti sem hann vinnur sem Nordjobbari. „Þetta er mjög gaman og ég mæli hiklaust með þessu

fyrir aðra.“ Kari ætlar að vera hér fram á sumarið en þá heldur hann heim til Finnlands þar sem hann stundar háskólanám.

Þeir Íslendingar sem hafa áhuga á að eyða sumrinu erlendis geta enn sótt um Nordjobb en umsóknarfréttir rennur út þann 31. maí.

thorgunnur@frettabladid.is

Ungmenni misnotuð á atvinnumarkaði

Ný skýrsla sýnir að atvinnuleysi ungmenna í heiminum fer óðum vaxandi, auk þess sem þau störf sem eru í boði fela í sér lág laun og slæmar aðstæður.

Mikið atvinnuleysi er meðal ungs fólks í heiminum og fer það vaxandi. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Alþjóðasambands frjálsra verkalýðsfélaga, sem birt var í tilefni af þingi Alþjóðavinnuáráðs í París á dögunum. Stofnunin áætlað um 88 milljónir ungmenna um heim allan séu án atvinnu, en síðasta áratug hefur atvinnuleit ungmenna farið vaxandi og mælist atvinnuleysi þessa hóps 14,7 prósent. Í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku, þar sem ástandið er verst, nær atvinnuleysi ungs fólks 26 prósentum.

Atvinnuleysi er þó ekki eina vandamálið heldur einnig hvaða störf standa ungu fólki til boða þar sem þau vinna langan vinnutíma fyrir lág laun og óviðunandi aðstæður. Ungmennin vinna í óformlega hagkerfinu þar sem störfin lúta hvorki alþjóðareglum né eðlilegum ákvæðum kjarasamninga eins og við þekkjum þau á Vesturlöndum, og er talið að



Börnin í Írak hafa neyðst til að sækja sér vinnu vegna stríðs og fátæktar.

um 93% starfa sem ungu fólki standi til boða í Afríku séu af því taginu.

Tugir milljóna barna á skólaaldri eru neyddir til að vinna í stað þess að ganga í skóla þar sem fjölskyldur þeirra eru fátækar og reiða sig á tekjur barnanna. Ungar stúlkur eiga á hættu að vinnuveitendur þeirra misnoti þær

kynferðislega, börn eru reglulega seld mansali og neydd í vændi eða hernað. Talið er að 246 milljónir barna séu við vinnu, og um 70% þeirra við hrikalegar aðstæður eins og í námum, með hættuleg efni eða við vélar. Að mati Alþjóðavinnuáráðs eru um 130 milljónir ungra launþega innan við 65 krónur í laun á dag. ■



Sannfærandi starfsmaður

Níu ráð til að vinnusvæði þitt beri vott um að þú sért mikilvægur og framtaksöm/samur.

Vinnuástaða okkar og skipulagning hennar segir talsvert um okkur og því er gott að leggja smá hugsun í það hvernig hún er skipulögð. Hér eftirfarandi eru nokkrir hlutir sem þarf að hafa í huga og hjálpa þér að útbúa vinnusvæði sem þér líður vel í og gefur öðrum þá mynd að þú sért mikilvægur og afkastamikill starfsmaður.

1. Hafðu yfirsýn. Ef þú sérð ekki innganginn á skrifstofunni þinni skaltu færa þig eða setja spegil við borðið þitt þannig að þú sjáir hann.

2. Líttu út fyrir að vera skipulagður og framtaksamur. Hafðu borðið þitt hreint og snyrtilegt. Hafðu nýjustu verkefni þín skipulögð í bakka á borðinu þínu en annað sem þú notar sjaldnar ofan í skúffu. Gögn og hlutir sem þú ert alls ekki að nota skaltu koma fyrir í möppum eða í geymslupláss.

3. Hafðu plöntur í kringum þig. Plöntur lífga upp á skrifstofuna og þær veita orku og líf, auk þess sem þær taka til sín mengun úr andrúmsloftinu. Rannsóknir hafa jafnvel sýnt að plöntur draga úr stressi og auka framleiðslu og einbeitingu.

4. Hafðu góða lýsingu. Góð lýsing dregur úr álagi á augun, eykur orku og lyftir upp skapinu. Ef þú ert að vinna undir flúorljósi skaltu athuga

hvort þú getur ekki skipt þeim út fyrir þægilegri lýsingu. Einnig er gott að notast við borðlamapa því það dregur úr þreytu í augum.

5. Færðu það sem er úti inn. Sumar skrifstofur eru gluggalausar þannig að tilvalið er að ramma inn fallegar landslagsmyndir eða myndir af trjám og sólskini, sem kemur í stað þess að hafa glugga.

6. Forðastu kitsch. Skildu mjúkdýrin og föndrið eftir heima. Hafðu í huga að þú ert í vinnunni, og flottur heftari eða stór vasi eða innrómmuð mynd hentar mun betur. Jafnvel þó að þetta sé þitt vinnusvæði þá er það hluti af vinnuástand þar sem fagmennska á að ráða ríkjum.

7. Forðastu að móðga. Passaðu að þær veggmyndir, skilti eða skjáhvíla sem þú ert með móðgi engan eða stríði gegn síðareglum vinnustaðarins. Ekki setja upp smekklegar dagatöl sem gefa í skyn kynþáttaförðoma eða kvenfyrirlitningu.

8. Hafðu persónulegar myndir á skrifborðinu. Settu myndir af fjölskyldunni, vinum þínum eða gæludýri í ramma. Forðastu að hafa myndirnar of persónulegar eða myndir af þér að drekka með félögum. Myndirnar eiga að vera smekklegar og líflugar, bæði þér og öðrum til ánægju.

9. Bættu róandi fylgihlutum í umiljurtum geta haft róandi áhrif á þig og látið þér líða vel. Ef vinnufélagar þínir eru viðkvæmir fyrir ilminum skaltu setja blóm eða jurtir á skjáborðið hjá þér.

Námugróftur mikilvægur í þriðja heiminum

Gullnámugróftur er afar mikilvæg atvinnugrein í þróunarlöndunum sem styrkir og bætir þjóðfélagið.

Gullnámugróftur er að verða mikilvægari og mikilvægari atvinnugrein fyrir mörg þróunarlönd eins og kemur fram í skýrslu World Gold Council, WGC, eins og skýrt er frá á fréttasíðu BBC, bbc.co.uk.

Í skýrslunni, sem heitir A Touch of Gold, kemur fram að útlutningur á gulli frá stórskuldugum löndum hefur aukist um 84 prósent á áratugnum frá 1994 til 2004.

Á síðasta ári framleiddu þróunarlöndin 72 prósent af gullmagnni í heiminum. Jafnframt kemur fram í skýrslunni að stórskuldug lönd eins og Malí og Gana treysta nú afar mikið á iðnaðinn.



Á síðasta ári framleiddu þróunarlöndin 72 prósent af gullmagnni í heiminum.

Gulliðnaðurinn styrkir líka þjóðfélagslega og fjárhagslega byggingu ríkjanna. Flest gullnámugreftunarfyrirtæki reyna að ráða aðeins innfædda starfsmenn og birgja og söluprósentu og skatttekjur iðnaðarins renna beint í peningastil hverrar þjóðar fyrir sig. Til dæmis benda rannsóknir til þess að hver námustarfsmaður í Suður-Afríku haldi uppi allt að tju manneskjum. ■

Leitum að árangursdrifnum einstaklingi með mikið keppnissskap

Framkvæmdastjóri markaðssviðs



Menntunar- og hæfniskröfur:

- MSc. menntun á sviði markaðsmála
- A.m.k. 5 ára reynsla af markaðsstörfum á sviði neytendavöru
- Reynsla af stjórnun sérfræðinga
- Sannfæringarkraftur og hæfni í mannlegum samskiptum
- Framsýni og reynsla af stefnumótun og stjórnun vörumerkja
- Hæfni í að dreifa ábyrgð á samstarfsmenn
- Mikil færni í talaðri og ritaðri ensku
- Skapandi hugsun og framkvæmdagleði

Starfssvið:

- Seti í framkvæmdastjórn
- Stefnumótun á markaðssviði
- Stefnumótun og stjórnun vörumerkja
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Samskipti við erlenda birgja
- Samskipti við innlenda viðskiptavini
- Samskipti við auglýsingastofur

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði drykkjarvöru sem stefnir að því að vera besta sölu- og markaðsfyrirtæki landsins. Við byggjum á gömlum grunni frá 1913 en berum okkur saman við þá bestu í heiminum og tileinkum okkur nútímaleg og framsækin vinnubrögð. Okkar hlutverk er að bjóða uppá heildarlausnir á drykkjarvörumarkaði með hágæða vöru og þjónustu. Á meðal vörumerkja má nefna Pepsi, Smirnoff, Rosemount, Kristall, Gato Negro, Grand Marnier, Gordons, Frissi Fríski, Doritos, Lays og Gatorade. Ölgerðin einbeitir sér auk þess að öflugri vöruþróun. Fyrirtækið var útnefnt besta markaðsfyrirtæki landsins árið 2002 og hefur unnið Ánægjuvögina fjögur ár í röð. Velta Ölgerðar Egils Skallagrímssonar er tæpir 6 milljarðar og starfsmenn 150.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfsumsóknnum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Laugavegi 170 105 Reykjavík Sími 540 7100 mannafli@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafli.is

Lausar stöður hjá Actavis

Sumarafleysingar á framleiðsluviði Actavis

Actavis auglýsir eftir starfsfólki í sumarafleysingar við lyfjapökkun. Um er að ræða annarsvegar hlutastarf og hinsvegar fullt starf þar sem unnið er á þrískiptum vöktum allan sólahringinn. Starfið felur í sér frágang og yfirferð á lokastigi í þökkunarferlinu auk annarra tilfallandi verkefna. Sumarlokun verður í framleiðslu Actavis frá 18. júlí til 1. ágúst.

Hæfniskröfur:

Við leitum að kraftmiklum einstaklingum sem geta tileinkað sér nákvæm og sérhæfð vinnubrögð. Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf nú þegar.

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:

- er metnaðarfullt
- hefur þjónustulund
- er sveigjanlegt
- vinnur vel í hópi
- sýnir frumkvæði
- hefur hagkvæmni að leiðarljósi

Starfsfólk Actavis er mikilvægasta auðlind fyrirtækisins. Því er markmið Actavis að ráða, halda í og efla hæft og traust starfsfólk sem valið er til starfa vegna hæfileika sinna sem grundvallast af reynslu, menntun og persónueinkennum.

Starf við sérhæfð þrif á framleiðsluviði Actavis

Actavis leitar að starfsfólki í sérhæfð þrif á framleiðsluviði. Um er að ræða framtíðarstarf. Unnið er tvær vikur í senn á dagvakt og viku á kvöldvakt. Starfsmenn í framleiðslu fara í gegnum mikla þjálfun og viðkomandi þarf að geta tileinkað sér nákvæm og sérhæfð vinnubrögð. Starfið felur í sér þrif á framleiðsluvæðum, framleiðslubúnaði og tækjum auk annarra verkefna.

Hæfniskröfur:

Við leitum að röskum einstaklingum sem geta tileinkað sér nákvæm og sérhæfð vinnubrögð. Umsækjendur þurfa að hafa náð 23 ára aldri.

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is undir; **Störf í boði** fyrir 1. júní nk. Nánari upplýsingar veita Guðrún Lind Halldórsdóttir, ghalldorsdottir@actavis.is og Ágústa Rúnarsdóttir, agrunarsdottir@actavis.is.

actavis
hagur í heilsu

Actavis hf. | Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði | s 550 3300 f 550 3301 | @ actavis@actavis.is | w www.actavis.is www.actavis.com

Embætti talsmanns neytenda

Með tilvísun til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005 er hér með auglýst laust til umsóknar embætti talsmanns neytenda.

Hlutverk talsmanns neytenda er m.a. að taka við erindum neytenda, bregðast við þegar hann telur brotið gegn réttindum og hagsmunum neytenda, gefa út rökstuddar álitserðir ásamt tillögum um úrbætur, setja fram tillögur um úrbætur á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er varða neytendur sérstaklega og kynna löggjöf og aðrar réttarreglur er varðar neytendamál.

Talsmaður neytenda skal hafa þekkingu á málefnum neytenda, geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði

í störfum sínum. Um launakjör fer samkvæmt ákvörðun kjaranefndar.

Viðskiptaráðherra skipar talsmann neytenda frá 1. júlí 2005 til fimm ára og skal umsókn um stöðuna ásamt upplýsingum um menntun og ítarlegri starfsferilsskrá skilað til viðskiptaráðuneytis, Arnarhvoli, 150 Reykjavík í síðasta lagi 16. júní nk.

Nánari upplýsingar um embættið veitir Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri í síma 545 8500.

Viðskiptaráðuneytinu 26. maí 2005



VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.

BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

489265

Gámaþjónustan óskar eftir að ráða starfsmann á vinnusvæði fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af vinnuvélum og eru vinnuvélaréttindi skilyrði og meirapróf æskilegt. Í starfinu felst m.a. vinna á vinnuvélum og önnur almenn verkamannastörf.

Vinnutími er frá kl. 7:00-18:00. Leitað er að heilsuhraustum einstaklingi sem er tilbúinn til að vinna mikið. Um framtíðarstarf er að ræða og verður ráðið í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is
ATVINNUMIÖLUN

Störf hjá Tern Systems



Forritarar

Umsækjendur þurfa að hafa BS-gráðu í kerfisfræði, tölvunarfræði eða verkfræði, geta unnið sjálfstætt og hafa að minnsta kosti 1 árs reynslu af hugbúnaðargerð og þekkingu á C++.

Góð enskukunnátta er skilyrði.

Umsóknir óskast sendar á Flugkerfi hf., P.O. box 234, 201 Kópavogur eða í tölvupósti á jobs@tern.is fyrir 6. júní n.k.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Erla Jensdóttir hjá Flugkerfum. Netfang: erla@tern.is

Flugkerfi (Tern Systems Inc.) er hugbúnaðarfyrirtæki í eigu Flugmálastjórnar Íslands og Háskóla Íslands, stofnað 1997. Helstu verkefni eru á sviði flugumferðarstjórnar svo sem radarkerfi, fluggagnakerfi og samskiptakerfi auk þess að vera virkt í alþjóðlegum rannsóknum á þessu sviði. Fyrirtækið samanstendur af 30 metnaðarfullum einstaklingum með viðtæka verkfræði- og tölvunarfræðimenntun. Lögð er mikil áhersla á að bjóða upp á framúrskarandi vinnuáðstöðu og gott starfsumhverfi. Við leitum að áhugasömum einstaklingum til að taka þátt í spennandi verkefnum með okkur.



Tern Systems

Hlíðasmára 10
201 Kópavogur
sími 525-0500
fax 525-0501
www.tern.is

ARJUS 06-016

IGS
GROUND SERVICES



Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf., IGS, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. Félagið er eitt af dótturfélögum FL Group. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og simeenntunartefna.

Sumarstörf 2005

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com



Valdís Gunnarsdóttir
Sunnudagsmorgna 9-12



Snyrting



Þráðvantar einhvern cool naglafræðing í vinnu. Öll tæki og efni á staðnum.

HEIMILIÐ

Húsgögn



Stigamaðurinn ehf.

Stigar og handríf úti sem inni. Tré-járn. Gerum fóst verðtilboð. Sími 898 7779, 423 7779 & 897 1479.

Til sölu borðstofuborð og 6 stólar, inn-skotsborð, kommóða, náttborð, skenkur og fl. Uppl. í s. 824 7610.

Bilskúrssala - Antik bókahilla útskorin mahogny. 4 nýlegir Habitat eldhússtólar beyki + eldhúsborð fritt með. 2 nýleg IKEA Ateles barnarúm stækkanleg m/dýnum. Sími 861 8112 & 844 2155.

Gefins skenkur, skiptiborð, vagn. Til sölu loftvífta, beyki hillur H203 og skrifborð, baststólar og borð. Ódýrt. S. 691 1446 (sjá myndir)

Ódýr eikarhúsgögn til sölu. Eikarskenkur ca. 250 sm. langur með fjórum hurðum og fjórum skúffum ásamt bókaskep með hurðum að neðan og hillum að ofan ca. 100x200 sm. Uppl. í síma 822 2027.

Queen size rúm til sölu, vel með farið. Selst á 30.000. Upplýsingar í síma 893 9288.

Barnavörur



Önnumst viðgerðir á barnavagnahjólum. Eignum dekk og slöngur á lager. Borgarhjóli, Hverfisgötu 50. S. 551-5653


Dýrahald



Íslenskir fjarhunds hvolpar tilbúnir til afhendingar. S. 663 6507.



Heinræktaðir Labrador hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 862 2219.



9 vikna Silky terryer hvolpar til sölu. Ættbókartærðir hjá Ishundum, bólusetting og örmerktir. Uppl. í s. 696 7885.

NUTRO - 30% afsláttur!

Þurrfóður fyrir hunda og ketti í haesta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyó Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar í síma 868 6058 & 551 9637.

English Bulldog Vegna sérstakra aðstæðna er bolabitshundur, 4ja ára, til sölu. Óskar eftir góðu og öruggu heimili. Áhugasamir hafið samband á milli 16:00-18:00 sunnudag í síma 822 0700.

Kassavanir, 8 vikna kettlingar fást gefins. Uppl. á www.simnet.is/keeper, s. 867 0711.

Ýmislegt



Raffitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eignum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Fri heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvhef@hive.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Gisting í Danmörk, Vejle, 27km frá Billund. Stórt herb.m.eldunaraðst. og baði. s.75828208 og 51239250 gisti@paradis.dk

Hróarskeldumiði til sölu. Upplýsingar í síma 698 9371.

Gisting

Íslendinga afsláttur!

Hótel Vík í Síðumúla hefur um að ráða stór og falleg hótélherbergi og íbúðir f. allt að 5 manns. Sími, sjónvarp og fritt internet á bar. Hótel Síðumúli s.: 588-5588 / www.hotelvik.is

Fyrir veiðimenn

Veiðivöðlur

Íslandia NEO vöðlur grænir kr.12.000.-
Íslandia NEO vöðlur CAMO kr.13.000.-
TEX vöðlur með NEO sokk kr.16.200.-
TEX vöðlur með pvc stígvél kr.14.900.-
SPOTVÖRUGERDIN HF
Skipholli 5. S. 562-8383
www.sportvorugerdin.is

www.sportvorugerdin.is



Daniel Pálsson fékk stærsta urriðan á þessa í fyrra Til sölu á www.frances.is

Vesturröst

Vesturröst
Vandaðar flugur,
Flæðamús Tungstein

www.vesturrost.is

Laugavegi 17B Sími 551 6770

Veidiportíð

Jaxon kasthjól með 1 kúlulegu og aukaspólu verð aðeins kr. 1.550,-
Veidiportíð
Grandagaróí 3.
Sími: 552-9940

AIGLE
Lífstíll frá Paris

Ný sending af
AIGLE
fatnaði.

Leitar úpur, jaldar, buxur, peysur bolur, skor o.s.f.

ÁSTUND

Háaleitisbraut 68 103 Reykjavík
S 568 4240 www.astund.is
astund@astund.is

Fjarstýrðir Rafmagns og bensínbílar

Verð frá
kr. 29.900,-

vob.is
Borgartún 36 - s: 588-9747

Húsnæði til sölu

Til sölu stálgrindaskemma til flutnings. Skemman er 70m2 og er lágmarksloft-hæð um 4,5m. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 660 0581.

Sumarbústaðir

Óska eftir að kaupa sumarhústað til flutnings á Suðurlandi. Uppl. í síma 892 1552.

Geymsluhúsnæði

Útboð hjá Geymsluvæðinu 25-30 maí sjá nánar www.geymsluvaedid.is

10-11-Select-Shell
Óskum eftir starfsfólki í fullt starf í sumar á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er á vöktum.
Hægt er að sækja um á heimasíðu 10-11. www.10-11.is eða á stöðvunum sjálfum.

KFC

Kentucky Fried Chicken.
Óskum eftir hressu og duglegu fólki í afgreiðslu og eldhúsi. 17 ára og eldri. Umsóknareyðublað á staðnum.
KFC Selfoss s. 482 3466

Helgarvinna
Óskum eftir að ráða hress og áhugasamt fólk í helgarvinnu í NK kaffi Krínglunni, ekki yngri en 18 ára. Uppl. á staðnum og síma 568 9040.

Rafsuðumenn.
Óskum eftir að ráða vana rafsuðumenn og aðstoðamenn. Uppl. í s. 577 7090.

Sjónmaður vanur netum óskast á 60 tonna netabát sem rær frá Suðurnesjum. Upplýsingar í síma 853 2951 og 848 4851.

Matráður.
Leikskólinn Steinhóll óskar eftir að ráða matráð. Starfið er laust nú þegar, nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 553 3280.

Bakarí óskast í sumarafleysingar í lítið bakarí úti á landi í ca 4 vikur, þarf að geta unnið sjálfstætt. Upplýsingar í síma 845 3404.

Pylsuvagninn í Laugardalnum
Okkur vantar gott starfsfólk til vaktavinnu strax. Þarf að vera röskt, stundvíst, heilsuhaus og snyrtilegt. 18 ára og eldri. Uppl. í s. 588 5445 eða 864 9862.

Garðabær-Bakarí
Aðstoðarmaður óskast sem fyrst. Uppl. í s. 891 8258 & 555 4943 Þóra.

Fiskvinnsla
Óska eftir vönu fólki í fiskvinnslu í snyrtingu og þökkun. Reglusemi og stundvísi skilyrði. Uppl. í s. 698 7120 eftir kl. 14.

Afgreiðslufólk óskast. Hlutastörf. Mokka-kaffi Skólavörðustíg 3a. Sími 552 1174.

Spennandi sumarstarf
Óskum eftir að ráða hressa og duglega manneskju í veiðihús á Norðurlandi í sumar. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 896 0703.

Rafvirkni óskast. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Fjölbreytt starf í boði. Umsóknir sendist á netfangið rafefl@mi.is

Óska eftir duglegum starfskröftum í ræstingar kvöld og helgar. Uppl. í s. 867 9026.

Starfsfólk óskast á sólbáðstofu, ekki yngri en 25 ára. Uppl. í síma 846 2117.

Sólpallar ehf. Óskar eftir röskum smíð eða aðstoðarmanni sem fyrst. Áhugasamir sendi tölvupóst á solpallar@solpallar.is

Byggingavinna
Óska eftir að ráða smíði eða starfsmenn vana kerfismótum í uppsláttarverkefni í Hafnarfirði. Hentugt mælingaverk. Mæling eða tímavinna. Óska jafnframt eftir röskum verkamönnum. Uppl. í síma 894 2454 Ragnar.

Atvinna óskast
Trésmíður óskar eftir vinnu helst á Suðurnesjunum. Jónas s. 659 5315.

Viðskiptatækifæri
Hefurðu hugleitt að stunda eigin viðskipti? Skoðaðu www.orvandi.is/upplýsingar.htm

TILKYNNINGAR

Tilkynningar



Leifbeinandi Ríjarshi Petrananda
Fyrirlestur um Kriya Jóga hugleiðslu verður haldinn Föstudaginn 3. júní kl. 20:00 í húsi Guðspekifélagsins, Ingólfsstræti 22. Þeir sem hafa áhuga eiga kost á að læra Kriya Jóga í Jógastöðinni Heilsubót Síðumúla 15, Laugardaginn 4 júní. Eldri nemendur velkomnir. Uppl. í s. 860 844, 825 8103 & 699 2518 www.internet.is/kriyajoga.

Einkamál

31 árs gamall karlmaður langar til þess að kynast konu á aldrinum 23 til 39 ára. Er fjárhagslega vel staður enn er á öryggjábótum enn er með flekklausan feril. E-mailið er amarbjo@simnet.is og sími 846 1730.

Ný sending!

Full búð af nýjum vörum, allir nýju sumar litirnir komnir
Allt Smart
Laugavegur 46
Sími: 551-1040.

ÁSTUND
Kynbótahlífar í miklu úrvali
Leður hælhlífar og gummi fjórþungarnir komnir aftur.
Nýkomid:
Sjningarjakkar, hvítar reibuxur, skyrtur, reibstígvél og hvítir hanskar.
ATH: Leigjum út sjningarjakka í barna og fullorðinsstærðum.

ÁSTUND
Háaleitisbraut 68, 103 Rvk.
S. 568 4240 www.astund.is
astund@astund.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

2ja herbergja íbúð til leigu á 6. hæð í lyftublokk í Norðurbænum Hafnarfirði. Húsvörður. Íbúðin leigist með húsgögnum í 1 ár. 75 þús. kr. á mán. Hússjóður/hiti innifalinn. Uppl. í síma 659 9115, Ingibjörg.

Hjarðarhagi- nágr. H.Í. Til leigu reyklaus 3ja herb. 90 fm íbúð. Verð 90 þús. á mán (m/hússj.) Langtímaleiga möguleg. Laus 1. júlí. Fyrirspurnir sendist á elin@hive.is.

Til leigu 3ja herb. 80 fm íbúð á 1. hæð í blokk í vesturbænum. Uppl. í s. 551 4981.

Íbúðin er 80 fm 3-4 herb. á efstu hæð í 108 á rólegum stað. V. er 80 þ. á mán. og er um langtímal. að ræða. Trygging er skilyrði sem samsvarar 3 mán. leigu í formi bankaáb. Allar uppl. í s. 660 4545, Sveinn.

Þjart og gott herbergi til leigu með handlaug og ísskáp í Lundarbreykkju í Kópavogi. Verð 15 þús. Uppl. í s. 899 7587.

45 fm íbúð til leigu í Garðabæ. Skilvísni og reglusemi nauðsynleg. Laus strax. Uppl. í síma 565 7512 og 863 7512.

3ja herb íbúð til leigu 100 fm í v. Kóp frá ág, reyklaut/engin gæludýr. S. 864 7690.

Til leigu frá 1. júní gott herbergi nálægt HÍ. Sími 899 4030.

Einbýli
Til leigu gott + 210 fm einbýlishús á höfuðborgarsvæðinu. Sanngjörn leiga. S. 860 0860.

Tveggja herb. 60 fm2 íbúð á sv. 104, 2. hæð, v. 74 þús. á mán., m/húsjóð+hit. Uppl. í s. 898 1498.

101. Gott herb. m. húsg., sérinng., aðg., að eldh. og baðh. F. skilvísni, reykl. og reglus. S. 695 2213 (aðeins í dag).

Húsnæði óskast

Er að leita mér að litilli íbúð eða góðu herbergi til leigu á höfuðborgarsvæðinu frá 1.júlí. Uppl. í s. 849 6346 eða sess-eljap@hotmail.com

Kennara menntaða Konu vantar 2ja herb. íbúð. Sími 587 0054.

2 reykl. og reglus. háskólastúlku óska e. 3ja herb. íbúð á sv. 101/107 fyrir 1. ágúst. Skilv. greiðslum heitið. Meðm. fylgja. Elsa s. 897 2447.

Greiðslugeta 70 þ. Óska eftir íbúð til leigu, helst á höfuðborgarsvæðinu í styttri eða lengri tíma. Einungis snortur húsnæði kemur til greina. Hef ef þess er óskað meðmæli. Hildur Jonz s. 698 2343.

3ja manna bindindis fjölskylda á besta aldri óskar eftir 3ja-5 herbergja íbúð í eða við miðbæ R.víkur. M. sér inngangi og afnot af garði. Við erum með smá hunda, vel upp aldir og snyrtilegir. Langtímaleiga. Greiðslugeta allt að 80 þús. Öruggar greiðslur. Guðjón s. 661 9660.

Óska eftir 3ja herbergja íbúð eða einbýlishúsi til leigu á Suðurnesjum frá 1 júní til 1 1/2 mán. Má vera með húsgögnum. Borga góða leigu fyrir rétt hús. Sími 897 7015 & 894 6071.

Reglusöm háskólastúlka óskar eftir stúdíóíbúð eða herbergi á svæði 101 eða 107 fyrir ekki meira en 40 þús. Uppl. í s. 692 8287.

22 ára kk., óskar eftir herbergi, er í fastri vinnu, helst í 112. Uppl. í s. 557 2183 & 660 4029.

Veidiyleyfi Stóru-ármót
Viltu komast í Laxveiði fyrir 5900 kr, með húsi. Klukkutíma frá Reykjavík. Upplýsingar í síma 868 4043 og hjá Stangveiðifélag Reykjavíkur í s. 568 6050.

Hestamennska



Pokki frá Sörlatungu Stóðhestar til notkunar Sörlatungu í Holtum Rangárb
Faðir Fafnir frá Fagranesi og móðir Blökk frá Tungu. Tölt. 8,5 Brokk. 8,5 Stökk. 8,5 Vilji og Geðsl. 8,5 Fegurð í reið 9,0 Kostir 8,03 Sköpul. 7,91. Verð á folatolí kr. 25.000 Uppl. Þorgrímur og Sólveig s. 892 1270 og 892 1271.



Segull frá Sörlatungu Stóðhestar til notkunar Sörlatungu í Holtum Rangárb
Faðir Stormur frá Stór-Hól og móðir Orka frá Tungu. Tölt. 9,0 Brokk 8,5 stökk 9,0 Vilji og geðsl. 8,5 Fegurð í reið 8,5 kostir 8,06 sköpul. 7,93. Verð á folatolí kr. 25.000 Uppl. Þorgrímur og Sólveig s. 892 1270 og 892 1271.

X 97.7

Enginn viðbjóður

Hestamannafélagið Hörður og Íslandsbanki kynna. Opið stórmót hestamanna í Mosfellsbæ. Dagana 02-05 júní.

Keppt verður í eftirfarandi greinum: A. flokkur. Atvinnumenn og áhugamenn. B. flokkur. Atvinnumenn og áhugamenn. Ungmennaflokkur, unglingsflokkur, barnaflokkur, opin unghrossakeppni. Tölt-meistarar, 1. flokkur & 2. flokkur. 100 m. fljúgandi skeið. 1.sæti í öllum flokkum gefur verðlaun að verðmæti 50.000 kr. eða meira. Meðal verðlauna er: Vegleg peningaverðlaun í töltkeppnum og skeiði. Lazyboy stóll frá Valhúsgögnum. Spæni frá Hestalist. Foltollar og vörúttektir. Skráning er 29 og 30 maí í félagheimili Harðar frá kl. 18-22. Einnig verður hægt að skrá í síma 566 8282. Greiða skal skráningargjöld við skráningu. Skráningargjald. Unglingar, ungmenni og fullorðnir 3.000 kr. Börn 2.000 kr. Á laugardagskvöldið verður grillveisla og trúbadorstemning fram á rauða nótt.

Nánari upplýsingar í síma 869 6078, 893 3702 & 846 5905.

Heiðursverðlaunahestur
Óður frá Brún er klár í slaginn. Húsnökun til 15. júní á suðurlandi. Hesturinn verður á vestfjörðum í sumar. Uppl. í síma 893 1038.

Ýmislegt

Draugasetríð
Kaffiveitingar í hlóarsal
Sumaropnun:
Alla daga 14-21
Pakkatilboð fyrir hópa
draugasetridd@draugasetridd.is
draugasetridd.is

BM ráðgjöf
Starfsfólk!
Við erum að bæta við duglegu söluþólki núna!
Góð verkefni - góð laun
BM ráðgjöf ehf.
Reykjavík 822 5052
Vestmannaeyjum 693 2488
Reykjavík 852 1180
bm@bm.is

VERSLUNARTÆKNI
Lager og útkeyrsla
Óskum eftir duglegum starfskrafti í lag-erstörf og útkeyrslu. Allar upplýsingar veitir Sigurður H. Teitsson í síma 896 5400 / 535 1300 eða e-mail sht@verslun.is. Verslunartækni ehf. Draghálsi 4 <http://www.verslun.is>

Furðufiskar ehf.
Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum krínglunni. Vantar sem fyrst bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiri.
Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 FRÉTTABLAÐIÐ 90,9

Safaríkt sumar í Sigtúni. Stjúputilboð, 20 stk. 799 krónur.
Blómaval, Sigtúni.

Frumskýnum nýjan Swift á laugardag og sunnudag milli 12 og 17.
Komdu og upplifðu Suzuki lífstíl.
Suzuki bílar, Skeifunni 17.

Orkideur, ný sending.
Blómaval.

Draumasumar hefst hjá IKEA.

Herrafatnaður í úrvali, stórar stærðir.
Hagkaup.

Nýr Suzuki er hannaður í Evrópu fyrir Evrópumarkað. Komdu og skoðaðu hann hjá okkur um helgina.
Suzuki bílar, Skeifunni 17.

Safaríkt sumartilboð í Sigtúni.
Sumarblóm og safar.
Blómaval.

Opið til sex í dag.
IKEA.

Komdu til okkar um helgina og skoðaðu nýjan Suzuki Swift.
Ný hönnun og nýtt útlit.
Suzuki bílar, Skeifunni 17.

Ný viðmið í aksturseiginleikum minni fjólsífa.
Frumskýnum nýjan Suzuki Swift.
Suzuki bílar, Skeifunni 17.

Safatilboð á Græna torginu í Sigtúni.
Blómaval, Sigtúni.

SLÁANDI YFIRBURÐIR




Samkvæmt niðurstöðum nýrrar fjölmiðlarkönnunar Gallup eru lesendur Fréttablaðsins 43% fleiri en Morgunblaðsins á meðal fólks á aldrinum 18 til 49 ára. Þessi aldurshópur er langvirkastur í kaupum á hvers kyns vörum og þjónustu.

Fréttablaðið er einfaldlega það blað sem fólk kys að lesa, umfram önnur dagblöð.

Fréttablaðið er með 43% fleiri lesendur en Morgunblaðið á aldrinum 18-49 ára.

43%



STUÐNAK VÆGINGAOGDAGAVISA 8. APRÍL 2005

Stendur sig í stykkinu

Eitt aðsóknarmesta leik-
ár Leikfélags Akureyrar
er nú að baki.

Aðsókn á sýningar Leikfélags Akureyrar hefur ekki verið jafn góð í fjölda ára. Um 17.000 gestir sóttu sýningar leikhússins á Akureyri en meðaltal undanfarinna ára er tæpir 7.000 áhorfendur. Við töluna bætast áhorfendur að sýningum í Reykjavík en þeir voru um 6.500 á leikárinu. Að sögn Magnúsar Geirs Þórðarsonar leikhússtjóra var stefna leikhússins endurskoðuð síðastliðið vor. „Þetta er búið að vera afskaplega skemmtilegt ár, fólk hefur haft áhuga á því sem við erum að gera. Sýningarnar virðast hafa höfðað til fólks og listamennirnir staðið sig í stykkinu. Í vor endurskoðuðum við stefnuna og breytingarnar hafa gefist nokkuð vel,“ segir Magnús en að sögn hans var Óliver! stærsta sýning ársins. Um sjö þúsund manns sáu sýninguna og komust færri að en vildu á þá sýningu. Meðal annarra vinsælla sýninga voru Svik,

Pakkið á móti og gestasýning á Hárinu en að sögn Magnúsar voru allar sýningarnar vel sóttar. Einnig lagði leikhúsið ríka áherslu á að sinna ungu fólki og þeim sem eru yngri en 25 ára buðust áskriftarkort á niðurstettu verði.

„Já, sú stefna að yngja upp í áhorfendahópnum gafst vel og stór hópur fólks eignaðist áskriftarkort og að sjálfsögðu eru þetta líka leikhúsgestir framtíðarinnar. Einnig sáum við um valgreinakenndu í leiklist fyrir nemendur í níunda og tíunda bekk í samráði við Grunnskóla Akureyrarbæjar.“

Hluti af stefnubreytingunni var einnig að leggja áherslu á að sýna líka utan Akureyrar. „Með þessu er markaðssvæði leikhússins stækkað en við settum upp og sýndum Svik í Borgarleikhúsinu í samstarfi við Sögn, LR og Á senunni, Ausu og Stólana í samstarfi við LR, einnig í Borgarleikhúsinu, og Eldað með Elvis hélt áfram í Loftkastalanum í samstarfi við Eilíf.“

Aðspurður hvað taki við á næsta leikhúsári segir hann:



ÓLIVER Færri komust að en vildu á þessa vinsælu sýningu Leikfélags Akureyrar sem horfir nú til baka á eitt aðsóknarmesta ár sitt.

„Nú er sólin farin að skína og við erum að leggja lokahönd á verkefnaval næsta árs sem

verður engu minna kræsilegt. Pakkið á móti verður sýnt áfram og svo kemur bara í ljós hvaða

spennandi sýningar við setjum upp,“

hilda@frettabladid.is

SKRÝTNA FRÉTTIN



UMFERÐARLÍF Þessir menn grilluðu sér til gamans á umferðareyju.

Sólar sig í umferðinni

Virðulegur kaupsýslumaður var handtekinn í Úkraínu eftir að hafa afklætt sig við mikla umferðaræð og lagst þar í sólbað.

Hinn þrítugi Dmitry Nikolaev útskýrði fyrir lögreglumönnum sem handtóku hann fyrir að valda umferðartöfum, að veðrið væri einfaldlega of gott til að vinna innandyra þann daginn. Umferðaröngþveiti myndaðist þegar Dmitry stóð á nærbuxum einum fata á Leo Tolstoy-torginu og lagðist svo á steypa stéttina. Þar lá hann í klukkustund og sólaði sig með skjalatöskuna sína og vandlega samanbrotin fötin sér við hlið. ■

SKRÝTNA FRÉTTIN

Gripin við kynmök

Lögreglan í Hollandi gómaði óprúttið par við kynmök í tómu húsi í Beuningen. Nágrannar í næsta húsi hringdu í lögreglu þegar þeir heyrðu grunsamleg hljóð berast þaðan og þegar lögreglan rannsakaði málið betur fundu þeir 39 ára gamlan mann og 35 ára gamla konu í samförum á stofugólfi hússins. Þarið sagðist hafa brotist inn í húsið í þeim eina tilgangi að stunda kynlíf, en óstöðvandi þrá hefði rekið þau út í lögbrotið. Þau munu ekki verða ákærð fyrir innbrotið. ■

Rætur Skapgerð

Stefna

3

Ný BMW 3 lína. Bara bezt.

Með bilinn handa þér

BMW 320i frá kr. 3.150.000

Þegar 3 línan kom fyrst á markað fyrir 30 árum, kynnti BMW til sögunnar nýjar áherslur í hönnun úrvalsbífreidda. Í stað þunglamalegra lúxusbíla eða hraðskreiðra sportbíla var komin bífreidd sem sameinaði óaðfínanlega fagað afl og þróaða tækni. Nýja BMW 3 línan varð því strax þekkt sem Hið fullkomna aksturstaeki og hefur sem slík mótað þá mælikvarða sem úrvalsbífreiddar eru bornar við. Eins og sannur leiðtogi hefur 3 línan rutt nýjum straumum farveg og markað þeim stefnu, kynslóð fram af kynslóð. Nýja BMW 3 línan er sannur arftaki þessarar leiðtogahefðar. Upplifðu ósvikna akstursánægju. Upplifðu nýju BMW 3 línuna, þá bestu úr smíðju BMW til þessa.

B&L, Grjóthálsi 1, 575 1200, www.bmw.is

Ný BMW 3 lína

www.bmw.is



Sheer Driving Pleasure



Talstöðin
FM 90,9



OASIS Hljómsveitin Oasis er að gefa út sína sjöttu hljóðversplötu.

Ekki dauðir úr öllum æðum

Rokksveitin Oasis gefur út nýja plötu á morgun sem nefnist Don't Believe the Truth. Freyr Bjarnason leit yfir feril þessara bresku ólátabelgja, sem spannar nú þrettán ár.

Sjötta hljóðversplata bresku hljómsveitarinnar Oasis, Don't Believe the Truth, kemur út í dag. Þetta er fyrsta plata þessara bresku ólátabelgja í þrjú ár, eða síðan Heathen Chemistry kom út árið 2002.

Oasis var stofnuð í Manchester árið 1992. Upphaflegir meðlimir voru söngvarinn Liam Gallagher, bróðir hans Noel, trommarinn Tony McCarroll, gítarleikarinn Paul „Bonehead“ Arthurs og bassaleikarinn Paul „Guigsy“ McGuigan.

Fyrsta plata Oasis, Definitely Maybe, kom út árið 1994 og vakti gríðarlega athygli á sveitinni. Breskir fjölmiðlar töldu að hinir nýju Bítlar væru komnir fram á sjónarsviðið og ef miða á við útlit sveitarinnar og lagasmíðarnar á þessum tíma á þessi samliking

nokkurn rétt á sér. Lögin voru undir sterkum bítlaáhrifum með góðum melódíum en bjuggu jafnframt yfir ferskum rokkhljómi sem margir áttu eftir að reyna að líkja eftir á komandi árum. Sveitin hefur samt aldrei komist með tærnar þar sem Bítlarnir höfðu hælana, þrátt fyrir góða spretti. Definitely Maybe var uppfyll af slögurum á borð við Live Forever, Supersonic og Rock'n Roll Star og framtíð Oasis var svo sannarlega björt.

Oasis lagið heiminn að fótum sér 1995 með plötunni What's the Story (Morning Glory). Platan fór beint í efsta sæti breska vinsældalistans og seldist hraðar en nokkur önnur plata í Bretlandi síðan Michael Jackson gaf út Bad árið 1987. Þarna var orðið ljóst að sveitin var komin til að vera enda með lög í farteskínu sem áttu eftir að verða ódauðleg, þá sér í lagi Wonderwall. Bræðurnir Liam og Noel áttu þó erfitt með að meðhöndla sviðsljósið sem frægðinni fylgdi og um tíma virtist sem Oasis væri komin á villigötur.

Næsta plata sveitarinnar, Be Here Now, kom út 1997 og á henni sást þreytumerki á sveitinni.

Platan fékk slæma útreið gagnrýnenda og þar var engan alvöruslagara að finna. Þrjú ár liðu þar til Standing on the Shoulders of Giants kom út og fékk sú plata einnig blendnar viðtökur. Engu að síður þótti hún nokkuð betri en forverinn.

Heathen Chemistry kom síðan út fyrir þremur árum og fékk svipaðar viðtökur. Oasis virtist eiga erfitt með að rífa sig upp úr meðalmennskunni en áður en upptökur á nýjustu plötunni hófust hét Noel Gallagher því að næsta plata yrði almennileg. Þetta hafði hann að segja um fyrsta smáskífulag plötunnar, Lyla: „Þetta er stæling á The Who. Við sömðum 66 lög og Lyla var eitt af þeim sem við skoðuðum betur undir það síðasta og það endaði á plötunni. Ég er ánægður með hvert einasta lag á plötunni,“ sagði hann.

Nýja platan hljómar alveg ágætlega og þar má greina nokkurt afturhvarf til hljómsins sem einkennandi sveitina í upphafi. Þó svo að ekkert nýtt sé á ferðinni sýnir Oasis á Don't Believe the Truth að hún er ekki dauð úr öllum æðum.

Oasis þykir öflug á sviði og ætlar sveitin að fylgja plötunni eftir með umfangsmikilli tónleikaferð um heiminn. Hefst hún í Madrid á Spáni þann 1. júní og lýkur í Cleveland í Bandaríkjunum 30. september. Þegar er orðið uppselt á um það bil helming tónleikanna.

Þrátt fyrir að Oasis hafi kannski ekki náð sömu hæðum og fyrir tíu árum er sveitin vafalítið ein af stærstu rokksveitum heimsins í dag. Plötusala í 39 milljónum eintaka segir allt sem segja þarf.

GALLAGHER-BRÆÐUR Bræðurnir Liam og Noel Gallagher eru forsprakkar Oasis.



HLJÓÐVERSPLÖTUR OASIS:

Definitely Maybe (1994)
What's The Story (Morning Glory) (1995)
Be Here Now (1997)
Standing on the Shoulder of Giants (2000)
Heathen Chemistry (2002)

Tveir fyrir einn til

Prag

9. júní frá kr. 19.990

Síðustu sætin

kr. **19.990** í viku

Flugsæti með sköttum til Prag, 2 fyrir 1 tilboð, út 9. júní, heim 16. júní. Netverð á mann.

Gisting frá kr. 3.400

Netverð á mann í tvíbýli á Hotel Quality, pr. nótt með morgunmat. Völ um góð 3ja og 4 stjörnu hótél.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætum til Prag þann 9. júní. Þú bókar 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Nú getur þú kynnst þessari fegurstu borg Evrópu á einstökum kjörum. Þú getur valið um úrval góðra hótél í hjarta Prag og að sjálfsögðu nýtur þú traustrar þjónustu fararstjóra okkar í Prag allan tímann.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Sungu You'll Never Walk Alone

Meðlimir Oasis eru annálaðir aðdáendur enska fótballaliðsins Man. City. Því vakti það mikla athygli er þeir ákváðu að slá upp allsherjar fótballtapartí fyrir tónleika sína í London á miðvikudag, sama dag og Liverpool mætti AC Milan í úrslitum Meistaradeildarinnar.

Tónleikarnir áttu upphaflega að hefjast klukkan 20.00 en þess í stað var risastóra breiðtjaldi komið fyrir á staðnum svo að tónleikagestirnir gætu séð leikinn í beinni útsendingu. Oasis neitaði að stíga á svið fyrr en leikurinn



OASIS Meðlimir Oasis eru annálaðir aðdáendur Manchester City en vottuðu Liverpool samt virðingu sína á dögnum.

fá skömm í hattinn af yfirvöldum. Það voru allir til í þetta.“ ■

væri á enda og þegar að því kom var upphafslag þeirra á tónleikunum Liverpool-lagið „You'll Never Walk Alone“ til heiðurs sigurvegurinum.

„Það var uppselt á tónleikana og í stað þess að fá upphitunarband til að spila ákváðum við að fá breiðtjald og skella því upp við mitt sviðið svo allir gætu horft á leikinn,“ sagði Noel Gallagher. „Síðan myndum við spila á eftir og

Idolstjarna selur lofti

AÐEINS
395 kr.

KOMIÐ Á ALLA
SÖLUSTAÐI!



Hér &nú

Raunveruleikasjónvarp í sinni ljótustu mynd



Heimilislaus hermaður

Ein aðal"stjarna" Bumfights-myndanna er *Rufus the Stunt Bum* eða *Rufus dhætturóni* eins og hann yrði líklega kallaður á íslensku. Rufus reynir ýmislegt í myndböndunum. Hann hleypur til dæmis ítrekað á auglýsingaskilti með höfuðið á undan sér, brýtur fótinn á vini sínum og rifur úr sér tönn með töng. Rufus heitir réttu nafni Rufus Hannah. Árið 1982 var hann leystur undan herskyldu vegna meiðsla sem hann hlaut á æfingu og hefur verið heimilislaus síðan. Rufus og Donald vinur hans eru helstu stjórnur fyrstu Bumfight-myndarinnar og eru með stór húðflúr á enni og hnúnum þar sem stendur Bumfight. Donald var einnig leystur með sóma undan herskyldu árið 1970. Hann var í fyrstu orustu-sveit flughersins þá þrettán mánuði sem hann sinni herskyldu í Víetnam. Hann hlaut bæði Purpurahjartað og Silfurkrossinn fyrir þjónustu sína í hernum, eins og hundrað þúsund aðrir hermenn sem lögðu líf sitt og limi í hættu en eru nú heimilislausir.

Upphaf Bumfight-myndbandanna má rekja aftur til myndarinnar Bumfight: A Cause for Concern, sem var gefin út vorið 2002. Ray Laticia og Ty Beeson fengu hugmyndina að myndbandinu þegar þeir sáu götuslagsmál í San Francisco árið 2001. Þeir söfnuðu saman mörg hundruð klukkustundum af efni þar sem heimilislaus fólk, sem allt átti við fíkniefnavandamál að stríða, var látið slást, rífa úr sér tennur, hlaupa af fullum þunga á steinveggi, renna sér niður tröppur í búdarkerum og reyna fyrir sér í hvers kyns áhættuleik. Oftast borguðu Laticia og Beeson leikurunum fyrir vinnuna með áfengi, eiturfjóm, mat eða peningum – frá rúmum eitt þúsund krónum upp í sex þúsund þegar best lét. Þeir keyptu einnig efni frá öðrum og skeyttu bútnum saman í eina mynd sem þeir settu síðan á netið. Með myndinni vonuðust Laticia og Beeson til að geta fjármagnað aðra mynd sem þeir höfðu í biðro.

Howard Stern hrósar Bumfight

Myndin spurðist fyrst út manna milli á netinu og í hjólabrettagörðum í borgarúthverfum. Salan fór rólega af stað en jókst töluvert þegar þeir félagar hengdu upp veggspjöld í nokkrum borgum og staðarþjölmiðlar fóru að sýna málinu áhuga. Það var samt fyrir tilstilli útvarpsmannsins umdeilda, Howards Stern, að salan fór upp úr öllu valdi, en hann hrósaði myndinni í þætti sínum og lýsti henni sem „öfgafullri útgáfu af Jackass-þáttunum“. Stern sagði meðal annars „Mér brá og mér bregður oftast ekki. Þið verðið að sjá þessa mynd.“

Eftir það fór myndin eins og eldur í sinu um Norður-Ameríku og var fjallað um hana í öllum stærstu dagblöðum og sjónvarpsstöðvum landsins. Áður en vikan var úti var fólk í Evrópu og Mið-Austurlöndum einnig farið að sýna henni áhuga. Á örfáum vikum seldust um þrjú hundruð þúsund myndbönd, hvert á um tuttugu dollara, ásamt öðrum varningi, þar á meðal bolum og peysum með áletruninni Rufus the Stunt Bum eða Rufus áhætturóni. Rufus þessi er titlaður aðalstjarna myndarinnar. Ray Laticia og Ty Beeson græddu milljónir á myndinni.

Út fyrir öll velsæmismörk

Þegar fjölmiðlafárið varð sem mest fóru ýmis samtök og stjórnmálamenn að gagnrýna myndina enda var talað um að raunveruleikasjónvarpið væri komið út fyrir öll velsæmismörk. Áður höfðu þættirnir Jackass, sem



sýndir eru á tónlistarstöðinni MTV, verið harðlega gagnrýndir, þar sem þáttastjórnendur reyna sig í ýmsum áhættuatriðum með misalvarlegum afleiðingum. Jackass-þættirnir voru þó bara hátíð miðað við Bumfight-myndbandið, því þar var verið að nýðast á minni mættar – fólk sem átti erfitt uppdráttar.

Laticia og Beeson vilja þó ekki meina að þeir séu að gera lítið úr ógæfufólkinu sem „leikur“ í myndböndum þeirra. „Myndböndin eiga ekki að vera sjokkerandi heldur sýna þau ákveðið svið þjóðfélagsins sem fólk myndi annars ekki sjá,“ sagði Laticia í samtali við BBC þegar gagnrýnin á myndböndin stóð sem hæst. „Við bjuggumst aldrei við því að myndin yrði svona vinsæl, en það þýðir bara að við höfum úr meira fé að spila þegar við gerum næstu mynd.“



Bumfight til umræðu á bandaríska þinginu

Umræðan um myndböndin náði meðal annars inn á Bandaríkjaþing en þingmaðurinn Earl Blumenauer benti meðal annars á að ríki sem vildi berjast gegn misnotkun á dýrum ætti einnig að berjast gegn misnotkun á fólk. „Þetta mál snýst um grundvallar-mannréttindi,“ sagði Blumenauer.

Laticia og Beeson vildu þó lítið gera úr gagnrýninni og sögðu ógæfufólkið hafi tekið þátt í myndbandinu af fúsum og frjálsum vilja. „Andstæðingar okkar segja að fólk sé við mynduðum hafi ekki verið hæft til að taka upplýsta ákvörðun. Slíkar alhæfingar gera lítið úr fólkunni. Rónarnir elska okkur, þeir gleðjast þegar þeir hitta okkur. Þeir eru meira að segja með símanúmerin okkar,“ sagði Laticia en viðurkendi þó að sumir ógæfumanna hefðu meiðst við tókur á myndinni.

Í samtali við Fox-sjónvarps-



Svokölluð „Bumfight-myndbönd“ hafa selst eins og heitar lummur á netinu undanfarið ár. Í myndböndunum má meðal annars sjá heimilislaust ógæfufólk slást og meiða hvort annað gegn greiðslu frá kvikmyndagerðarmönnum. Tilurð myndbandanna hefur vakið upp ýmsar spurningar um siðferði hins svokallaða raunveruleikasjónvarps. *Kristján Hjálmarsson* kynnti sér uppruna myndbandanna og áhrif þeirra.



stöðina sagði Beeson meðal annars: „Í raun er ég ánægður með að myndböndin hafa varpað ljósi á og vakið upp umræður um aðstæður heimilislausra.“

Samtök heimilislausra snúast til varnar

Sá hópur sem hefur hvað harðast barist gegn Bumfight-myndböndunum er *Landssamtök til hjálpar heimilislausum* í Bandaríkjunum (NCH). Samtökin hafa birt greinar og fjallað um málið á heimasíðu sinni og segja þar meðal annars að það sé ekki venjan hjá heimilislausu fólk að slást, rífa úr sér tennur eða hlaupa á steinveggi. Þau benda meðal annars á að fólk í neyð geri hvað sem er til að bjarga sér. Craig Walton, prófessor í mannfræði við Nevada-háskólann í Las Vegas, tekur undir orð talsmanna NCH. „Það er ekki að hægt að bera saman frjálsum vilja og það sem fólk er tilbúið að gera í neyð. Hvert er valið?“, spurði hann.

Greiddu í kleinuhringjum

Þótt myndbandið hefði vakið mikla athygli í Bandaríkjunum virtist enginn fánægur til að leggja fram kærur gegn kvikmyndagerðarmönnum. Fulltrúar hjá FBI, Bandarísku alríkislögreglunni, reyndu að komast til botns í málinu en hættu við þar sem niðurstaðan varð sú að sönnunarbyrðin yrði erfið þar sem enginn fékkst til að kæra. Þar að auki virtist sem allir „leikararnir“ hefðu fengið greitt fyrir sinn þátt í myndinni og skrifuðu þeir undir plagg þess efnis.

Þó fór svo að maður að nafni Peter La Forte lagði fram kærur. La Forte, sem var heimilislaus maður, hafði orðið fyrir árásum frá konu sem kölluð var Svinakótillettan á almenningsklósetti. La Forte, sem var barinn sundur og saman á meðan tókur stóðu yfir, hafði ekki fengið greitt fyrir sinn þátt á meðan Svinakótillettan fékk kleinuhring, bjór og tuttugu dollara. Hún sagðist hafa verið svöng og þurft á peningunum að halda og því látið til leiðast.

Skilorðsbundið fangelsi

Réttarhöldin reyndust þó ekki vera nein hindrun fyrir Laticia og Beeson. Þeir höfðu verið kærðir í nokkrum liðum fyrir að nýðast á öðru fólk og gátu átt þungan dóm yfir höfði sér. En eftir því sem leið á réttarhöldin fækkaði kærnum og yfirvofandi refsing mildaðist. Svo fór að þeir voru dæmdir í þrjú ára skilorðsbundið fangelsi, 500 dollara sekt og þurftu að inna af hendi 250 tíma í samfélagsvinnu á spítala fyrir heimilislaust fólk. Félagarnir reyndu að vísu að komast upp með að falska skýrslur um þá samfélagsvinnu sem þeir höfðu innt af hendi og þurftu fyrir vikið að dása í steininum í smástund.

Og þrátt fyrir kærurnar og dóminn hafa þeir Bumfights-



framleiðendur ekki lagt árár í bót því enn er hægt að kaupa myndböndin á heimasíðu þeirra. Þegar eru komin út þrjú myndbönd, það nýjasta Bumfights: The Felony, og þeir Bumfights-framleiðendur bjóða greiðslu fyrir atriði í næstu mynd. Þeir slá þó einn varnagla – að þeir sem leika í myndböndunum verða að skrifa undir samning þess efnis.

Happy slapping

Fleiri hafa fetað í fótspor Laticia og Beeson í Bandaríkjunum og víðar og nú rignir inn á netið myndböndum og ógæfufólk. Í Kanada er hópur sem kallar sig Crazy Pricks. Hópurinn skipa strákar um tvítugt sem keyra um og spyrja heimilislaust fólk til vegar. Þegar fólk kemur svo upp að bílnum kýla strákarnar það í götuna og keyra hlæjandi í burtu.

Sömu sögu er að segja frá Bretlandi en þar eru táníngar farnir að taka upp á því að slá ókunnugt fólk utan undir, taka það upp á myndavélasíma og setja á netið. Uppátækið kalla krakkarnir „happy slapping“ eða gleðikinnhest.

Fyrir skömmu var sérstakur þáttur um gleðikinnhest sýndur í bresku sjónvarpi. Þar viðurkendu táníngar að hafa tekið þátt í uppátækinu og sögðu að aðfarnir yrðu sífellt grófari því þeir vildu alltaf ganga skrefinu lengra.

Heimildir: nationalhomeless.org, BBC, foxnews.com





25 ÁRA STARFSAFMÆLI BUBBA MORTHENS

AUKATÓNLEIKAR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU 7. JÚNÍ

Þökkum frábærar viðtökur!
Uppselt er á tvenna tónleika
Bubba þann 6. júní og því verða
aukatónleikar þann 7. júní.

Miðasala í Þjóðleikhúsinu
Takmarkað magn miða

Símabantanir alla virka daga
frá kl 10:00 í síma 551-1200



6. júní gefur Bubbi út tvo
geisladiska með nýju efni, Ást og
í 6 skrefa fjarlægð frá Paradís.

Nánari upplýsingar á www.prime.is og www.bubbi.is



ÍSLANDBANKI



Arftaki Þóris fundinn

Samúel Ivar Árnason hefur skrifað undir samning við Íslandsmeistar Hauka í handknattleik en hann lék með ÍBV á síðustu leiktíð. Samúel Ivar er einn allra besta hornamaður landsins og því er verðugur arftaki Þóris Ólafssonar, sem er farinn til Þýskalands, fundinn.

sport
sport@frettabladid.is



60 MEÐ RÓBERTI GUNNARSSYNI

SEKÚNDUR

Síókn eða vörn? Sókn.

Fram eða Fylkir? Fylkir, að sjálfsögðu.

Viggó eða Gummi? Báðir.

Af hverju handbolti frekar en fótolti? Handbolti er skemmtilegri.

Danski boltinn er... Sóknðjarfur.

Erik Veje er... Snillingur.

Kók eða pepsi? Kók.

Erfiðasti andstæðingur? Hreiðar Guðmundsson.

Auðveldasti andstæðingur? Sebastian Alexandersson.

Besti handboltamaður heims? Kristján Arason þegar hann var upp á sitt besta.

Besta greiðslan í landsliðinu? Raggi Óskars með afró.

Gel eða vax? Vax.

Besti leikmaður Danmerkur? Leikmenn Árhús GF.

> Við mælum með ...

... að knattspyrnuunnendur bregði undir sig betri fætinum og kiki í Frostaskjólíð í kvöld þar sem tvö bestu knattspyrnuúli landsins mætast. Þetta er klárlega einn af stórleikjum sumarsins sem ekki má missa af.

> Við furðum okkur á ...

... því stefnuleysi og óreiðu sem virðist ríkja hjá Íslendingafélaginu Stoke City. Gunnar Gíslason og Íslensku hluthafarnir vilja ólmir selja félagið en Tony Pulis, stjóra liðsins, líður greinilega ekki betur en svo að hann er í efa um framtíð sína hjá Stoke þrátt fyrir ágætt gengi í vetur.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

26 27 28 29 30 31 1

Sunnudagur

LEIKIR

20.00 KR og FH mætast á KR-velli í Landsbankadeild karla í fótbolta.

SJÓNVARP

11.30 Formúla 1 á Rúv. Bein útsending frá kappakstrinum í Nurburgring.

12.20 Meistaradeildin á Sýn. Fréttapáttur.

12.50 Ítalski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik í lokaumferð ítölsku deildarinnar.

15.00 Golf á Sýn. Sýnt frá bandarísku mótaröðinni.

15.50 Gillette sportpakinn á Sýn. Líflægur íþróttapáttur.

16.50 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik í lokaumferð spænsku deildarinnar.

19.00 Bikarmót í fitness á Sýn. Sýnt frá keppni kvenna á bikarmótinu.

19.40 Landsbankadeildin á Sýn. Bein útsending frá stórleik KR og FH í Frostaskjólí.

21.20 Helgarsportíð á Rúv. Íþróttir helgarrinnar gerðar upp.

22.00 NBA á Sýn. Endursýndur leikur.

00.00 NBA á Sýn. Bein útsending frá leik í úrslitakeppninni.

Vormót í frjálsum:

Íslandsmet í spjótkastrí

FRJÁLISAR Hin tvítuga spjótkastríkona, Ásdís Hjálmsdóttir, gerði sér lítið fyrir í gær og setti nýtt Íslandsmet í spjótkastrí kvenna á Laugardalsvellingum þegar hún kastaði spjóttinu 57,10 metra á vormóti FÍRR.

Hún bætti met Vigdísar Guðjónsdóttur um rúmlega einn og hálfan metra en Vigdís hefur kastað lengst 55,54 metra. Besta kast Ásdísar fyrir gærðaginn var 55,51 metri.

Quick

Einföld og áhrifarík leið til grenningar

Tilboð í:

Lyf & heilsa

Apótek Vestmannaeyja
Árbæjarapótek
Garðsapótek
Siglufjarðar Apótek
Hagkaup Smáralind

Bæði lið eiga að geta spilað betur

Njáll Eiddsson spáir jafntefli í stórslag KR og FH í Landsbankadeildinni í kvöld. Liðunum var spáð tveimur efstu sætunum í vor og verða KR-ingar að spýta í lófana ef FH-ingar ætla ekki að taka of stórt forskot á þá með sigri í kvöld. FH-ingar hafa unnið sjö af síðustu tíu viðureignum liðanna í Vesturbænum.

FÓTBOLTI FH-ingar virðast vera á góðu skriði en þeir hafa unnið þrjú fyrstu leiki sína í deildinni á mjög svo sannfærandi máta. Þeir eru með fullt hús stiga og markatöluna 11-1. En liðunum sem þeir hafa leikið gegn, Grindavík, Keflavík og ÍBV, var ekki spáð í efri hluta deildarinnar í upphafi móts og má því segja að fyrsta alvöruprófau liðsins verði gegn KR í Frostaskjólínu í kvöld.

Frammistaða KR-inga hefur valdið þónokkrum vonbrigðum. Þeir innbyrtu þó sigur í fyrstu tveimur leikjum sumarsins, gegn Fylki og Fram, þrátt fyrir að leika ekki neitt sérstaklega vel. Á fimmtudagskvöldið töpuðu þeir fyrir Keflavík og misstu þar með bæði FH og Val fram úr sér. Það liggur því mikið á að þeir sýni sitt rétta andlit til að missa FH-inga ekki of langt frá sér.

„KR-ingar eru vel mannaðir en þeir eiga að geta betur en þeir hafa sýnt,“ sagði Njáll Eiddsson knattspyrnuþjálfari um leik kvöldsins. „Þeir mega alls ekki tapa leiknum og því hljóta þeir að leggja sig mjög hart fram. Sex stig í stuttu móti er ansi mikið.“

Njáll segir að þarna fari fram mjög athyglisverður leikur enda KR talið ásamt Val það lið sem geti helst veitt Hafnfirðingum einhverja samkeppni um Íslandsmeistaratilinn. „En FH-ingar



FAGNAR ÁRMANN SMÁRI Í KVÖLD? FH og KR skildu jöfn í Kaplakrikanum í fyrra með mörkum Ármanns Smára Björnssonar og Kjartans Henry Finnbogasonar.

eru með gott tak á KR í Frostaskjólínu og verður því enn athyglisverðara að sjá hvort KR-ingar nái að stoppa meistarana,“ sagði Njáll. Hafnfirðingar hafa unnið sjö af síðustu tíu viðureignum liðanna á heimavelli KR-inga sem geta einungis státað af einum sigri úr þessum leikjum.

„FH-ingarnir eru að sama skapi mjög sterkir en hafa í

sjálfu sér ekki verið að spila neitt sérstaklega vel. Hafa samt skorad 11 mörk og náð góðum sigrum suður með sjó, í Grindavík og Keflavík. Það hafa komið góðir kaflar í leik þeirra, til dæmis voru þeir mjög sannfærandi í síðari hálfleik gegn ÍBV þar sem þeir stjórnuðu leiknum algerlega. En það á eftir að reyna meira á liðið og mun það senni-

lega gerast í kvöld.“

Njáll bendir einnig á að ekkert jafntefli hefur komið í fyrstu þremur umferðum Landsbankadeildarinnar. „Ef ég ætti að spá myndi ég veðja á jafntefli í þessum leik þó svo að FH-ingarnir séu líklegri. Hlutirnir eru þó fljótt að breytast enda bara lítið búið af þessu móti,“ sagði Njáll.

eirikurst@frettabladid.is



KÁTUR OG HRESS Nick Heidfeld brosti allan hringinn í gær eftir að hann náði ráspól í fyrsta skipti á ferlinu.

Það gerðust óvæntir hlutir í tímatökunni í gær:

Nick Heidfeld á ráspól í fyrsta skipti á ferlinum

FORMÚLA 1 Ökumenn Williams-liðsins voru í fantaformi þegar tímatakan fyrir kappaksturinn á Nurburgring fór fram í gær. Hraðast allra ók Nick Heidfeld og hann verður því á ráspól í fyrsta skipti á ferlinum í dag.

Raikkonen keyrði aðeins hægar en Heidfeld og Íslandsvinurinn Mark Webber var með þriðja besta tímamann. Michael Schumacher var í tómu tjóni í tímatökunni og hann er tíundi í rásröðinni. Félagi hans, Rubens Barrichello, er fyrir framan hann og er ljóst að Schumacher mun eiga erfitt uppráttar í keppninni í dag en hann hefur ekki verið líkur sjálfum sér síðustu vikur.

Þær breytingar áttu sér stað í

ÚRSLIT TÍMATÖKUNNAR

Nick Heidfeld	Williams
Kimi Raikkonen	McLaren
Mark Webber	Williams
Jarno Trulli	Toyota
Juan Pablo Montoya	McLaren
Fernando Alonso	Renault
Rubens Barrichello	Ferrari
Ralf Schumacher	Toyota

gær að aðeins fór fram ein tímataka í stað tveggja en það fyrirkomulag hefur verið lagt af og ekki degi of seint að mati margra.

„Þetta er frábær tilfinning enda er ég búinn að vera lengi í þessum bransa og það hlaut að koma að því að ég kæmist á ráspól,“ sagði Heidfeld skælbrosandi. „Af öllum stöðum þá er þetta brautin þar sem ég vildi allra mest komast á ráspól. Hér er mitt heimafólk og þetta hefur verið frábær dagur. Annars koma þessi úrslit mér á óvart en við Webber áttum von á meiri samkeppni hér í dag.“

Kimi Raikkonen hefur unnið síðustu tvær keppnir og hann ætlar að fullkomna þrennuna í dag. Hann leit vel út í tímatökunni í gær og er svo sannarlega til alls líklegur í keppni dagsins enda með sjálfstrausti í sögulegu hámarki.

Fernando Alonso virðist síðan aðeins vera að gefa eftir en hann varð að setta sig við sjötta besta tímamann í gær.

- hbg



TÆPUR Sævar Þór hefur verið óheppinn með meißli.

Meiðsli hrjá Fylkismenn:

Óvissa með Sævar Þór


FÓTBOLTI Óvíst er hversu alvarleg meiðsli Sævars Þórs Gíslasonar, sóknarmanns Fylkis, eru en hann þurfti að fara af velli snemma í fyrri hálfleik í tapleiknum gegn Val. Sævar sagði við Fréttablaðið í gær að hann væri mjög óstöðugur í hnenu og átti hann von á því að málið myndi skýrast í dag.

„Ég lenti eitthvað skringilega og ég heyrði smell. Hnéð gekk nánast til og það gæti verið að liðböndin hafi eitthvað skaddast. En ég er ekki svo bólginn, svo að það er jákvætt,“ sagði Sævar en ljóst er að skarð besta í sóknarliðu Fylkis verður ekki fyllt svo auðveldlega fari svo að Sævar verði frá í einhverni tíma.

- vig

ÞARF ÞETTA AÐ VERA EINS OG ÞETTA ER?

JONSSON & LEWIS • 1115



SIRKUS

MIKILVÆGT AÐ FLEIRI STELPUR FARI ÚT

Ásthildur Helgadóttir er ein allra besta knattspyrnukona sem Ísland hefur átt. Á miðvikudaginn lék hún með íslenska landsliðinu eftir langa fjarveru sökum erfiðra meiðsla. Hún sneri aftur í æfingaleik gegn landsliði Skotlands, sama liði og hún fótbrotið aði í æfingaleik gegn þann 13. mars á síðasta ári. Ásthildur leikur með Malmö í Svíþjóð en liðið trónir á toppi deildarinnar eftir sex umferðir og Ásthildur er næstmarkahæst í deildinni.

FÓTBOLTI Ásthildur á frábæran feril að baki og ljóst að það á eftir að bætast enn frekar á ferilsskrá hennar, hún er 29 ára og er enn ekki farin að huga að því að hætta knattspyrnuvinnu.

„Mér líður frábærlega í Svíþjóð og ég hef verið mjög heppin með lið, frábærar stelpur og góður andi innan liðsins. Æfingarnar eru alveg fyrsta flokks og allar aðstæður góðar,“ sagði Ásthildur í samtali við Fréttablaðið. Hún hefur spilað með Breiðablik, KR og ÍBV hér á landi ásamt því að spila í Þýskalandi, Bandaríkjunum og Svíþjóð.

„Malmö er með mjög gott lið. Okkur var reyndar ekki spáð neitt mjög góðu gengi fyrir tímabilið þar sem við misstum þrjár landsliðskonur. Ég hef verið að spila í sókninni og það hefur gengið mjög vel.“

Allt miklu stærra

Árið 1995 lék Ásthildur leik gegn Malmö í Norðurlandamóti og fannst liðið spila skemmtilegan bolta, allar götur síðan hefur hún fylgst vel með liðinu. Hún fór síðan út í nám til Svíþjóðar og mætti á æfingu hjá lið-

inu og gekk hún mjög vel.

Þegar Ásthildur er spurð út í það hver sé stærsti munurinn í deildinni hér heima og þeirri sænsku segir hún að það séu æfingarnar.

„Það er æft miklu meira hérna úti og í samræmi við það verður tempóið í leikjum miklu meira. Þá eru fleiri góðir leikmenn í deildinni og fleiri lið, þetta er allt miklu stærra, breiddin er meiri og því meiri möguleiki á að ná góðum gæðum.“

Annars er íslenski kvennaboltinn svo sannarlega á réttri leið þótt mér þyki oft vanta metnað í margar stelpur heima. Þær eru ekki að leggja sig nægilega fram á æfingum og taka þetta ekki af nægilega mikilli alvöru. Mikilvægt er að fleiri leikmenn fari út og spili í sterkari deildum, það gerir landsliðið betra.“

Rosaleg vonbrigði

Það var 13. mars 2004 sem krossbönd í hné slitnuðu hjá Ásthildi þegar Ísland sigraði Skotland í vináttulandsleik 5-1. Á þessum tíma var hún búin að standa sig frábærlega með Malmö sem var búin að tryggja sér sæti í undanúrslitum Evrópukeppninnar. Premur mánuðum áður var hún í þriðja sætinu í valinu á íþróttamanni ársins en sumarið 2003 var hún leikmaður ársins í Landsbankadeild kvenna þar sem hennar lið, KR, varð Íslandsmeistari. „Þetta voru rosaleg vonbrigði þegar þetta gerðist, sérstaklega tvær fyrstu vikurnar. Þegar ég fór út og hitti stelpurnar í Malmö eftir að þetta gerðist gerði ég mér í fyrsta sinn almennilega grein fyrir því hvað hafði gerst og þá ákvað ég bara að fara að vinna á fullu í minni endurhæfingu og sleppa því að hugsa um hvað ég hefði verið að gera ef ég hefði ekki meiðst,“ sagði Ásthildur. Það kom jafnvel upp í huga hennar að hætta knattspyrnuvinnu en hún ákvað að bíða og sjá hvernig tækist að jafna sig af þessum meiðslum.

Nú er hún nánast búin að jafna sig algjörlega og finnur engan verk, þetta hefur gengið framur vonum. „Þegar ég var í þessum meiðslum ákvað ég að einbeita mér bara alfaríð að náminu en það var frekar erfitt því ég er svo von því að vera í fótboltanum með.“

Nú er hún nánast búin að jafna sig algjörlega og finnur engan verk, þetta hefur gengið framur vonum. „Þegar ég var í þessum meiðslum ákvað ég að einbeita mér bara alfaríð að náminu en það var frekar erfitt því ég er svo von því að vera í fótboltanum með.“

Umfjöllun samhliða árangri

Uppgangur íslenska kvennalandsliðsins hefur vakið athygli og segir Ásthildur að KSÍ eigi hrós skilið. „Um leið og við skilum árangri þá fáum við meiri umfjöllun og betri umgjörð í kringum liðið. Við höfum náð að halda stemningunni mjög góðri í liðinu og samhliða því náð góðum árangri, það gerir þetta mjög skemmtilegt eins



Á FULLRI FERÐ Ásthildur hefur náð sér að fullu eftir meiðslin alvarlegu og hefur leikið mjög vel fyrir sænska félagið Malmö FF í upphafi sænska tímabilsins og ljóst að hún á enn mikið inni sem knattspyrnukona.

FRÉTTABLAÐIÐ/URSULA STRINER

og þetta hefur verið allan þann tíma sem ég hef verið í landsliðinu,“ sagði Ásthildur sem átti erfitt með að svara því hver væri hápunkturinn á hennar ferli.

„Ég get nefnt það þegar ég var valinn í úrvalsliðið úti í Ameríku, það var mjög mikill heiður. Svo allir þeir landsleikir sem ég hef keppt, og sérstaklega þegar vel gengur. Þá má einnig nefna sem hápunkta.“

Árið 2001 var Ásthildur í Bandaríkjunum og fékk að kynna fyrirkomulaginu þar. „Það var mjög góð reynsla fyrir mig að vera þar, ég var í þessum háskólabolta og það gekk mjög vel. Ég

fékk að kynna þvi hvernig þær æfa og hvernig þær byggja þetta upp, þar eru aðeins öðruvísi áherslur í leikskipulagi og uppbyggingu. Það var mjög gaman að kynna þvi.“

Ásthildur lék einnig stuttan tíma í Þýskalandi en líkaði ekki sérlega vel þar. „Það klikkaði líka eitthvað í samningamálum og ég hafði ákveðið að fara til Bandaríkjanna um haustið þannig að ég tók þá ákvörðun að koma bara heim. Ég neita því þó ekki að það var mjög góð reynsla.“

Vanda breytti miklu

Ásthildur hugsar með ánægju til

þess tíma þegar hún var í 3. flokki hjá Breiðablik og þjálfarinn Vanda Sigurgeirsdóttir kom til félagsins.

„Hún kom með fullt af flottum æfingum frá Svíþjóð sem hjálpuðu okkur rosalega mikið. Hún hjálpaði mér mjög mikið og einnig þeim kjarna í liðinu sem hún var með. Annars hef ég verið mjög heppin með þjálfara, Logi var frábær með landsliðinu og síðan er Jörundur líka frábær þjálfari. Svo hef ég lært marga nýja hluti hjá Malmö,“ sagði Ásthildur, hæstánægð með að vera farinn að sparka í bolta á nýjan leik.

elvar@frettabladid.is



OG ÞAÐ VAR MARK... Ásthildur hefur þjarnað hressilega að sænskum markverðum upp á síðkastið og hér sést hún hlaupa auðveldlega framhjá einum þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/URSULA STRINER




Við bjóðum

ÓDÝRT

Stálskápar

en gótt



Stálskápar fyrir vinnustaði
Stærð:
D: 50 cm
B: 30/40 cm
H: 180 cm

Verð frá
kr. 8.591,-
(Fyrsti skápar kr. 9.711,-)

UMBODS- OG HEILDVERSLUN

Stráumur

HÖFDBAKKI 9 112 REYKJAVÍK
SÍMI: 544 5330 FAX: 544 5335
www.straumur.is



ÓMAR JÓHANSSON Lék vel í marki Keflavíkur gegn KR.

Draumaliðsleikur Vísis:

Ómar gaf flest stig

DRAUMALIÐSLEIKUR Markvörður Keflavíkur, Ómar Jóhannsson, gaf flest stig í 3. umferð Draumaliðsleik Vísis í Landsbankadeildinni. Ómar var í sigurliði og varði víta-spyrnu frá Arnari Gunnlaugssyni og það skilaði sínu. Ómar fékk 11 stig í umferðinni en næstu menn fengu aðeins 6.

Stgahæsta liðið í 3. umferðinni var UMFDalatangi með 36 stig. FC-Úrval kom skammt á eftir með 35 stig. Þrjú lið voru síðan jöfn með 34 stig en þau heita Leddari, maggi jons og Aðalkrónan.

Fólkið í stúkunn:

Velur mann leiksins

FÓTBOLTI Áhorfendur á leikjum Landsbankadeildarinnar hafa valið mann leiksins í samstarfi við Og Vodafone allt frá fyrstu umferð í sumar en hægt er að velja mann leiksins með einu sms-i. Þetta framtak hefur mælst vel fyrir en félögin sjálf fá allan hagnað af leiknum.

Leikmenn þriðju umferðar Landsbankadeildarinnar voru Magnús Sverrir Þorsteinsson í Grindavík, Tryggvi Guðmundsson hjá Íslandsmeisturum FH, Grétar Ólafur Hjartarson KR-ingur, Matthías Guðmundsson Valsari og Framarinn Andri Fannar Ottóson.

126 keppendur héldu utan í morgun

Smáþjóðaleikarnir verða settir í Andorra á mánudagsmorgun og standa yfir í fimm daga. Íslenska keppnisliðið setur stefnuna á sigur á mótinu.

SMÁÞJÓÐALEIKAR Á mánudagskvöldið verða smáþjóðaleikarnir settir í Andorra þar sem keppnin fer fram í ár. 126 íslenskir keppendur halda utan í dag ásamt fylgdarliði. Íslenska keppnisliðið á harma að hefna, eftir að hafa hlotið flest verðlaun á leikunum nokkur skipti í röð, urðu þeir að láta í minni pokann fyrir tveimur árum á Möltu, er leikarnir fóru síðast fram.

Sigríður Jónsdóttir, varaforseti ÍSÍ, er fararstjóri íslenska hópsins og segir hún undirbúninginn hafa gengið vel. „Við vorum með undirbúningsfund á þriðjudaginn þar sem meira en 100 keppendur, farar- og flokkstjórar mættu. Þar voru aðstæður kynntar og það sem bíður okkar ytra. Það var einstaklega góð stemming í hópnum og hefur undirbúningur keppenda gengið vel,“ segir Sigríður.

Kept í strandblaki

Að sögn hennar senda tíu sérsambönd 126 þátttakendur til leiks í 12 íþróttagreinum. Meðal keppenda eru til að mynda keppnislið í strandblaki karla sem verður að teljast fremur ný íþrótt hér á landi. „Þetta er íþrótt sem hefur notið sífellt meiri vinsælda. Það sýndi sig til dæmis á síðustu ólympiuleikum hversu vinsæl sjónvarpsíþrótt þessi grein er.“

Íslenski hópurinn flýgur í dag til Barcelona þar sem rútur munu flytja mannskapinn til fjallríkisins Andorra og tekur það ferðalag um þrjár klukkustundir. Hópurinn nýtir sér mánudaginn til að koma sér fyrir og kynna sér aðstæður áður en setningarathöfnin hefst um kvöldið. Keppni hefst á þriðjudagsmorguninn og stendur yfir til laugardagsins þegar mótinu verður slitið.

Stefnan sett hátt

„Að sjálfsögðu setjum við stefnuna á að vinna til flestra verðlauna. Við vitum þó að það eru nokkrir sterkir keppendur sem ekki verða með, Örn Arnarson á við meiðli að stríða og okkar bestu hlaupadrotningar eru að keppa á alþjóðlegum mótum annars staðar,“ sagði Sigríður.



ÞRENN VERÐLAUN Sundkappinn Jakob Jóhann Sveinsson náeldi sér í þrenn verðlaun á síðustu leikum.

Íslensku körfuboltalandslíðin ætla sér einnig stóra hluti og setja stefnuna á sigur bæði í karla- og kvennaflokki. Hannes Jónsson er fararstjóri körfubolta-hópsins.

„Undirbúningurinn hefur gengið vel. Landsliðið kom saman fyrir þremur vikum en kvennalandslíðið hefur verið viku lengur saman,“ sagði Hannes. Ekki eru

allir okkar körfuboltamenn í landsliði karla og segir Hannes það miður. „Já, það er auðvitað leiðinlegt. En engu að síður ætlum við okkur stóra hluti.“

Landslið kvenna hefur leik strax á þriðjudag og lýkur keppni tveimur dögum síðar en karlarnir byrja á miðvikudag og keppa alveg fram á lokadag mótsins.

eirikurst@frettabladid.is



ROSS MCLYNN Andri Steinn Birgisson fagnar marki McLynns gegn ÍBV.

Meiðsli í Safamýrinni:

McLynn er tognaður

FÓTBOLTI Bakvörðurinn írski, Ross James McLynn, lék ekki með Frómurum gegn Þrótti í fyrra-kvöld en hann hafði leikið fyrstu tvo leiki liðsins á tímabilinu og skorað eitt mark.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Fram, segir McLynn tognaðan aftan á læri og það komi ekki í ljós fyrr en á æfingu í dag og á morgun hvort hann verði klár í næsta leik, gegn Val á Hlíðarenda á þriðjudagskvöld. Kristófer Skúli Sigurgeirsson tók stöðu McLynns í byrjunarliði Fram gegn Þrótti.

- esá

Guðjón vinsæll í Nottingham:

Aukin sala ársmiða

FÓTBOLTI Greinilegt að stuðningsmenn Notts County hafa tröllatru á Guðjóni Þórðarsyni, nýráðnum knattspyrnustjóra liðsins. Sala á ársmiðum á heimaleiki liðsins tók kipp við komu Guðjóns og jukust um 15% á einni viku. Alls hafa 1600 ársmiðar selst sem er talsverð aukning frá sama tíma ársins í fyrra en liðið hefur nú átt erfitt uppdráttar fjögur tímabil í röð.

Patrick Nelson, framkvæmdastjóri félagsins, var sjálfur í sölu-básnum um liðna helgi en þá lauk því tímabili sem ársmiðarnir voru seldir með sérstökum afslætti. „Ég ræddi við stuðningsmenn okkar sem virtust mjög spenntir yfir ráðningu Guðjóns,“ sagði hann við staðarblaði í Nottingham. „Ég efast ekki um að þessar góðu sölutölur eru Guðjóni að þakka.“

-esá



EINAR LOGI VIGNISSON: AC MILAN Í SÁRUM

Maskínan sem sprakk

Lítið hefur farið fyrir krufningu á líki AC Milan-liðsins í ítölskum fjölmiðlum eftir háðulegt tap liðsins gegn Liverpool í úrslitaleik Meistaradeildarinnar í vikunni. Er sem ítalskir séu í losti og átti sig engan veginn á því hvernig leikurinn gat farið svona. Forsvarsmenn liðsins, forsætisráðherrann og eigandinn Silvio Berlusconi og forseti félagsins, Adriano Galliani, hafa lagt áherslu á að árangur liðsins í vetur hafi eftir allt saman verið mjög góður og að staða þjálfarans Carlo Ancelotti sé trygg.

Vantar neista

Þegar Milan-menn rakna úr rotinu má hins vegar gera ráð fyrir að einhver tiltekt verði gerð í herbúðum liðsins. Staðreyndin er nefnilega sú að árangur liðsins í vetur er fjarríki því ásettannlegur og alveg með ólíkindum hvernig liðið kastaði frá sér bæði ítalska titlinum og Evrópumeistaratitlinum. Sennilega hefur ekkert félag í Evrópu yfir að ráða jafn sterkum leikmannahópi og Milan og ekki skortir samæfingu leikmanna. Liðið varð Evrópumeistari í hittifyrri og ítaliameistari með yfirburðum í fyrra. Leikmannahópurinn hefur haldist óbreyttur að mestu, styrkst ef eitthvað er. Það mátti því gera kröfur til liðsins að fleiri titlar yrðu sóttir. En eitthvað virðist skorta á hjá liðinu, það vantar einhvern neista sem þarf til þess að klára verkefni. Þetta sást í fyrra þegar liðið hélt til Spánar með

þriggja marka forskot til þess eins að tapa með fjórum mörkum gegn Deportivo La Coruna. Minnti áfallið í Tyrklandi á Spánarförina háðulegu.

Á heimavígstöðvunum réðust úrslitin í tveimur leikjum gegn keppinautum í Juventus þar sem Milan náði ekki að nýta yfirburði sína í báðum leikjum til sigurs. Ítölskum fjölmiðlum ber saman um að Juventus hafi stolið stigunum af Milan í leikjunum og þar í landi er lítið svo á að Juve hafi labbað heldur billega í burtu með titlinum. Berlusconi hefur á tuttugu ára valdatíma sínum hjá Milan sýnt undir-mönnum sínum hollustu og flestir þjálfarar liðsins hafa verið „Milanista“, fyrrverandi leikmenn eða þjálfarar sem hafa starfað lengi innan félagsins. Carlo Ancelotti var stórkostlegur leikmaður á sinni tíð og

hann þykir drengur góður. Hann virðist hins vegar ekki hafa þá siguráru í kringum sig sem þjálfara toppliðs er nauðsynleg. Þegar hann stýrði Juventus missti liðið af meistaratitli tvö ár í röð í lokaumferðinni og þótt hann hafi náð að landa titlum hjá Milan verður ekki horft framhjá þeim titlum sem hafa runnið úr greipum á ögurstundu.

Ferna Capellos

Ekki má þó gera lítið úr árangri Juventus undir stjórn Fabios Capello sem hefur nú náð þeim einstæða árangri að leiða fjögur lið til meistaratitils. Maðurinn hefur orðið meistari með öllum liðum sem hann hefur þjálfað! Capello náði á undraskömmum tíma að berja saman lið sem flestir töldu ekki líklegt til stórafreka á haust-dögum. Capello gerði róttækar breytingar á vörn liðsins og lagði áherslu á mikla varfærni í leik liðsins. Hann taldi einfaldlega að ekki væri innistæða hjá

mannskapnum fyrir mikilli ævintýramennsku og tók afar illa gagnrýnisróddum sem töldu Juventus leika fremur leiðinlegan fótbolta. Lið Capello hafa yfirleitt leikið skemmtilegan fótbolta og þótt lítið hafi farið fyrir slíku í vetur voru fingraför hans greinileg á leik Juventus. Klassíkt 4-4-2 leikerfi eins og Capello hefur alltaf látið lið sín spila með stóran mann á toppnum, Sviann Zlatan Ibrahimovic, sem lék manna best í meist-araliðinu ásamt miðjumanninum Camoranesi og öftustu línunni, Buffon, Cannavaro og Thuram. Gera má ráð fyrir að Capello styrki liðið í sumar, það vantar áþreifanlega fleiri sóknar- og miðjumenn með sprengkraft og er fyrrum lærisveininn Antonio Cassano efstur á blaði á innkaupalistanum.

Samp og Sikileyarnir

Að baráttu Milan og Juve frátaldri vakti framgangna Sikileyjarliðanna Palermo og Messina mesta athygli ásamt stórgóðum leik hins farna stórveldis Sampdoria. Sikileyarnir lentu í sjötta og sjöunda sæti og Palermo leikur því í Evrópukeppni í fyrsta sinn í sögu félagsins. Sampdoria berst við Udinese um síðasta sætið í Meistaradeildinni og ræðst í loka-umferðinni í dag hvort liðið kemst að þeim kjötkötlum. Sampdoria nýtur mikillar velþóknunar í ítölsku pressunni einkum fyrir þá staðreynd að liðið er

nær eingöngu byggt á ítölskum leikmönnum sem er fátítt á þessum síð-Bosman tímum.

Um afganginn af liðunum í deildinni er best að hafa sem fæst orð um. Þrettán liða pakki þar sem einungis munar níu stigum á neðsta liðinu og því sem er í áttunda sæti. Þessi lið hafa flest verið hörmulega léleg í vetur og endurspeglja þann aukna ójöfnuð sem ríkir í Evrópu-boltanum.





HEIMIR RÍKARÐSSON Ekki á leið á Nesið.

Heimir Ríkarðsson:

Gaf Gróttu neitun

HANDBOLTI Heimir Ríkarðsson handknattleikspjálari hafnaði í gær tilboði frá Gróttu um fimm ára samning. Kristján Guðlaugsson, formaður handknattleiksdeildar félagsins, staðfesti þetta þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. Heimir, sem var rekinn frá Fram í apríl, er í viðræðum við Fylki um að taka að sér stöðu hjá félaginu og aðstoða við að smíða alvöru handboltalið í Árbænum.

„Það eru náttúrulega vonbrigði að fá neitun frá jafn færum þjálfara og Heimir er. Við ætlum í uppbyggingu og leggja áherslu á yngri flokka en erum komnir í viðræður við aðra aðila eftir svar Heimis. Það hefði náttúrulega verið frábært að fá hann til okkar en maður fær ekki allt sem maður vill,“ sagði Kristján, sem segist vera í viðræðum við einn til tvo. „Mín vinnuregla er að vera ekki í viðræðum við mjög marga í einu, heldur sýna frekar þolinmæði og leggja áherslu á þann sem efstur er á blaði.“

- egm

KR-KLÚBBURINN

KR-ingar fjölmennum með fjölskylduna á völinn í dag.

KR-FH KL. 20 Í KVÖLD.
Fjölskyldustemning í KR-heimilinu frá kl. 18 og fram að leik.

Kvöldverður fyrir alla fjölskylduna.
Matur 500 krónur fyrir fullorðna og frítt fyrir börn.

Kaffiveitingar í hálfleik.



Á FRAM KR!

Fullkomin óvissa ríkir hjá Stoke City

Þórður Guðjónsson, leikmaður Stoke, segir fullkomna óvissu ríkja með nánustu framtíð klúbbsins. Tony Pulis knattspyrnustjóri er ekki viss hvort hann haldi áfram og Gunnar Gíslason stjórnarformaður vill ólmur selja félagið.

FÓTBOLTI „Ég hef ekki hugmynd um hvað er að gerast í þessum klúbbi,“ sagði Þórður Guðjónsson við Fréttablaðið og átti þar við sitt félag, Stoke City. „Það virðist enginn vita hvert klúbburinn er að fara og meira að segja ríkir óvissa um hver verði þar sem stjóri. Mér skilst á Tony Pulis sjálfum að það sé engan veginn víst að hann haldi áfram.“

Þórður á eitt ár eftir af samningi sínum hjá Stoke. „Ég hef ekki farið fram á að félagið leysi mig undan samningnum en ef þeir vilja mig ekki geta þeir borgað mér út og ég get þá farið ef því er að skipta. Að öðru leyti er ekkert annað en að bíða og sjá hvað gerist.“

Guðjón vill fá Þórð

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Guðjón Þórðarson, stjóri Notts County og faðir Þórðar, vilji fá hann til liðs við sig í sumar. En Þórður segir það útilokað. „Ég efast ekki um að hann myndi vilja fá mig ef það væri hægt en það kemur ekki til greina.“

Guðjón hefur þegar misst einn af betri leikmönnum Notts County, miðvallarleikmanninn Stefan Oakes, en hann samdi við Wycombe Wanderers sem leikur í sömu deild. Guðjón veitti því ekki af liðsstyrknum en honum er frekar þröngur stakkur sniðinn í



Á HÁTINDI FERILSINS Þórður Guðjónsson fagnar með Rúnari Kristinssyni og Birki Kristinssyni jafnteflinu gegn Frökkum á Laugardalsvelli haustið 1998.



TONY PULIS Virðist lítinn áhuga hafa fyrir Þórði Guðjónssyni og reyndar er með öllu óvist hvort hann haldi áfram að stýra liði Stoke City.

fjármálum og með öllu ólíklegt að hann geti mætt launakröfum sonar síns.

Erfitt hjá Þórði

En það er annað mál að Þórður Guðjónsson hefur ekki fest sig í sessi með félagliði undanfarin fimm keppnistímabil. Hann fór frá Genk í Belgíu árið 2000, á háttindi ferils síns þar sem hann hafði á þremur árum leikið 94 deildarleiki, skorað í þeim 28 mörk og varð þar að auki belgískur deildar- og bikarmeistari.

Á þessum fimm árum hefur hann verið samningsbundinn Las Palmas (Spáni), Bochum (Þýskalandi) og Stoke og verið í láni í stuttan tíma hjá Derby og Preston North End á Englandi. Með þessum fimm liðum hefur hann leikið 65 leiki, þórrann sem varamaður, og skorað fimm mörk.

En ef svo vill til að Þórður

ákveði að fara til föður síns yrði það fyrst og fremst til að fá að njóta sín sem knattspyrnumaður.

Það gæti líka orðið ágætur stökupallur fyrir hann því hann hefur lítið sem ekkert fengið að auglýsa sig undanfarin fimm ár. Hann gæti einnig átt upp á pallborðið hjá landsliðspjálfurum en þrátt fyrir allt hefur ferill hans í landsliðinu frá því að hann fór frá Belgíu verið ágætur – hann hefur leikið 17 leiki, þar af 14 í byrjunarliðinu og skorað tvö mörk. Þórður verður 32 ára á árinu.

Gunnar Gíslason, stjórnarformaður Stoke, hefur áður lýst því yfir að félagið sé til sölu. „Ég býst við að það verði selt á næstu leiktíð en þangað til munum við gæta hagsmuna okkar og stýra liðinu eins og við best getum,“ sagði hann við Fréttablaðið í gær.

eirikurst@frettabladid.is



SMICER Sendur burt frá Liverpool?

Tékkinn Vladimir Smicer:

Aftur til Frakklands?

FÓTBOLTI Vladimir Smicer, leikmaður Liverpool, gæti verið á leið aftur í franska fótboltann en þar hefur Bordeaux mikinn áhuga á kappanum. Samningur Smicer við enska liðið rennur út í næsta mánuði en hann gæti ekki hvatt félagið með betri hætti, hann skoraði annað mark Liverpool í sigrinum á AC Milan í úrslitaleik Meistaradeildinnar og skoraði einnig í vítaspyrnukeppinni.

Strax eftir leikinn fékk umboðsmaður Smicers símtal frá Bordeaux þar sem franska félagið tilkynnti að það vildi fá tékkneska landsliðsmanninn og það helst í gær.

- egm



KVADDI MEÐ TITLI Martin O'Neill stýrði Celtic til sigurs í síðasta leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Skoska bikarkeppnin:

O'Neill kveður með sigri

FÓTBOLTI Leikmenn Glasgow Celtic sáu til þess að Martin O'Neill, stjóri liðsins, gæti kvatt félagið með titli en liðið missti deildartitlinn frá sér á síðustu stundu í lokaumferðinni um síðustu helgi. Celtic sigraði Dundee United, 1-0, í úrslitaleik skosku bikarkeppinnar með marki Alans Thompson á 11. mínútu leiksins.

„Þetta var frábært hjá strákunum,“ sagði O'Neill kampakátur í leikslok. „Við áttum skilið að sigra en eins og í síðustu viku gátum við ekki gert algerlega út um leikinn.“

- esá

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson í ágætum málum á móti í Marokkó:

Er í basli með Bermúda-grasið

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson er í 23.-31. sæti á móti í Marokkó þegar aðeins á eftir að leika einn hring en þetta mót er liður í áskorendamótaröð Evrópu. Birgir Leifur lék á 68 höggum í gær eða þrem undir pari en hann er sex undir pari samtals. Það hefur verið fín stígangi í leik Birgis en hann lék fyrsta hringinn á 73 höggum, annan á 66 höggum og svo fór hann á 68 höggum í gær.

„Ég hef verið að spila mjög vel undanfarið og því átti ég von á því að vera með efstu mönnum á þessu móti,“ sagði Birgir Leifur í samtali við Fréttablaðið í gær en veðrið í Marokkó er þægilegt þessa dagana – 25 stiga hiti og smá gola.

„Ég er reyndar ekkert nógu sáttur við minn leik á þessu móti. Ég hef verið í vandræðum með púttin enda er Bermúdagras á flötunum og ég á svolítið erfitt með að reikna þau út. Annars er ég í fínu formi og þetta hefði getað verið mikið mun betra.“

Birgir Leifur segist taka það



BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON Er að gera fína hluti í Marokkó en hefur lent í vandræðum með Bermúda-grasið sem er á flötunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR

jákvæða með sér á næstu mót þar sem hann er bjartsýnn á gott gengi.

„Ég á helling inni á næstu mótum. Ég hef verið að æfa vel

og spila vel, betur en ég hef í raun gert á þessu móti. Þetta er samt allt á réttri leið og ég get ekki verið annað en bjartsýnn.“

- hbg

**PUNKTAÐU
NIÐUR
FERÐA-
LAGIÐ**

LÍÐIÐ MITT > EINAR LOGI VIGNISSON SETUR SAMAN LÍÐ ÁRSINS Í ÍTALSKA BOLTANUM



Flestir frá meisturum Juventus og Milan

Markvörður, Gianluigi Buffon: Eitthvað voru Ítalir að vandræðast með að kjósa hann besta markvörð sögunnar á dögumum og náðu ei sátt þótt Zoff taldi hann sér fremri.

Vörn, Lilian Thuram: Bakvörður? Miðvörður? Þvílíkur snillingur. Ég set hann hægra megin til öryggis.

Vörn, Fabio Cannavaro: Fengur ársins. Hvað var Inter að þæla að sleppa honum?

Vörn, Paolo Maldini: Besta leiktíð hans í áraaðir. Eitthvað svo dásamlegt energi og fágún.

Vörn, Marek Jankulowski: Tékkinn aggressívi er heilinn á bak við flestar árásir Udinese.

Miðja, Andrea Pirlo: Besti leikstjórnandi Evrópu í dag.

Miðja, Kaká: Sætur Brassi með bestu boltameðferðina sé lítið fram hjá Ronaldinho.

Miðja, Mauro Camoranesi: Argentínski Ítalinn var fremstur miðjumanna Juve áttina að 28. meistaratitlinum. Ótrúlega vinnusamur leikmaður.

Miðja, Francesco Flachi: Skemmtilegasti leikmaður deildarinnar í spútnikliði tímabilsins. Sögnin að fleygja sér fær nýja merkingu sé lítið til hans.

Sókn, Alberto Gilardino: Ofurmannlegt að vera annað árið í röð í markakóngskeppni með einu slappasta líði deildarinnar og skapar sér færin sjálfur í þokkabót.

Sókn, Zlatan Ibrahimovic: Besta byrjun leikmanns á Ítalíu síðan Platini klæddist skyrtunni gráhvítu með glæsibrag.



„Líð sem myndi skyggja á allar hugmyndir um varnarmennsku Ítala þótt varasamt sé að þæla í fótbolta fagurfræðar og sanngirnir eftir afrek Bitlaborgarinnar síðustu daga.“

LEIKIR GÆRDAGSINS

1. deild karla:

KA-ÞÓR 6-1
1-0 Pálmi Rafn Pálmason (12.), 1-1 Steinn Símonarson, víti (48.), 2-1 Jóhann Þórhallsson, víti (50.), 3-1 Jóhann Helgason (57.), 4-1 Jóhann Þórhallsson (59.), 5-1 Hreinn Hringsson (85.), 6-1 Hreinn Hringsson (90.).

VÍKINGUR R.-VÍKINGUR Ó. 7-0
1-0 Elmar Dan Sigþórsson (13.), 2-0 Daniel Hjaltason, víti (18.), 3-0 Davíð Þór Rúnarsson (25.), 4-0 Milos Glogovac (45.), 5-0 Elmar Dan Sigþórsson (66.), 6-0 Hörður Bjarnason (78.), 7-0 Stefán Örn Arnarson (84.).

HK-KS 0-2
0-1 Branislav Zrníc (7.), 0-2 Ragnar Hauksson, víti (67.).

HAUKAR-VÖLSUNGUR 1-0
1-0 Hilmar R. Emilsson (31.).

STAÐAN:

BREIÐABLIK	3	3	0	0	4-1	9
VÍKINGUR R.3	2	1	0	14-2	7	
KA	3	2	0	1	9-3	6
ÞÓR	3	1	1	1	6-9	4
VÍKINGUR Ó.3	1	1	1	1	1-7	4
HAUKAR	3	1	1	1	4-4	3
KS	3	1	0	2	4-5	3
FJÖLNIR	3	1	0	2	3-7	3
HK	3	0	2	1	2-4	2
VÖLSUNGUR	3	0	0	3	0-5	0

Skoski bikarinn:

GLASGOW CELTIC-DUNDEE UNITED 1-0
1-0 Alan Thompson (11.).

Spænski boltinn:

REAL SOCIEDAD-BARCELONA 0-0

KA fór illa með nágranna sína í Þór

Fjórir leikir fóru fram í 1. deild karla í gær. Stórleikur umferðarinnar fór fram á Akureyri þar sem KA og Þór mættust. Lárus Orri Sigurðsson sá rautt í leiknum og eftirleikurinn var auðveldur fyrir KA.

FÓTBOLTI Það var blóðug barátta á Akureyri í gær þegar erkifjendurnir í Þór og KA mættust. Hart var tekist á eins og venjulega og fengu tveir leikmenn Þórs að líta rauða spjaldið. Það nýttu KA-menn sér til fullnustu og þegar upp var staðið höfðu þeir niðurlægt Þórsarana, 6-1.

KA-menn komust yfir strax á 12. mínútu með marki Húsvíkingsins Pálma Rafns Pálmasonar. Vendipunktur leiksins kom síðan á 37. mínútu þegar Egill Már Markússon dómari gaf Lárusi Orra Sigurðssyni beint rautt spjald fyrir háskalega tæklingu. Lárus Orri vissi upp á sig sökina og yfirgaf svæðið hávaðalaust.

Þannig stóðu leikar í hálfleik en Þórsarar jöfnuðu óvænt í upphafi þess síðari úr vítaspyrnu.



VÖLSUNGUR Á BOTNINUM Baldvín Jón Halgrímsson náði ekki að koma í veg fyrir enn eitt tap hjá Völsungi í gær.

KA-menn voru fljótir að svara með öðru marki, einnig úr víti, og þegar Þórsarar misstu annan mann af velli var allur vindur úr þeim. KA-menn gengu á lagið og bættu við fjórum mörkum áður en Egill Már flautaði leikinn af.

Í Víkinni var söguleg stund þegar reykvísku Víkingarnir tóku á móti Víkingunum frá Ólafsvík. Sá leikur var aldrei spennandi enda eru Reykjavíkur-Víkingar með mikið sterkara lið og þeir voru ekki í vandræðum með nafna sína frá Ólafsvík. Lokatölur 7-0 sem var síst of stór sigur.

Nýliðar KS frá Siglufirði komu verulega á óvart á Kópavogsvelli með því að leggja HK að velli, 0-2. Sigur Siglufirðinga var sanngjarn og sannfærandi enda héldu þeir algjörlega aftur af sóknarleik heimamanna sem áttu eitt verulegt færi í leiknum. Það er ljóst að KS er með mun sterkara lið en menn töldu í fyrstu og verða þeir sýnd veiði en ekki gefin. HK heldur aftur á móti áfram að valda vonbrigðum en til mikils var ætlast af liðinu fyrir mótið.

Völsungur frá Húsavík situr sem fastast á botni deildarinnar án stiga eftir 1-0 tap gegn Haukum. Það sem meira er þá hefur þeim ekki enn tekist að skora mark sem er ákaflega dapur árangur hjá Zorani Ljubicic og lærisveinum hans.



TAKK FYRIR KOMUNA, SJÁUMST SÍÐAR Egill Már Markússon dómari sýnir hér Þórsaranum Dragan Simovic sitt annað gula spjald og um leið hið rauða. Simovic var annar Þórsarinn sem fékk rautt hjá Agli í leiknum en áður hafði Lárus Orri Sigurðsson séð rautt hjá Agli Má.



MEGANE
RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES

Örugg skemmtun

DVD ferðaspilari og dráttarbeisli fylgir Renault Megane Scenic II



Renault Megane Scenic, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur með DVD ferðaspilari og dráttarbeisli. (Tilboð gildir á meðan birgðir endast.) Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 8,0 ltr/100km

Þú eignast hann fyrir **kr. 2.170.000** Bilasamningur **kr. 22.735** á mánuði*

Mánaðargreiðslur miðast við bilasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.





GERALDINE ARON Einleikur hennar, Alveg brilljant skilnaður, hefur verið sýndur fimmtíu sinnum í Borgarleikhúsinu í flutningi Eddu Björgvinsdóttur.

Fimmtíu brilljant skilnaðir

Undanfarna mánuði hefur Edda Björgvinsdóttir farið á kostum á þriðju hæðinni í Borgarleikhúsinu þar sem hún flytur einleikinn Alveg brilljant skilnaður. Ekkert lát hefur verið á aðsókn og í gærkvöld var fimmtugasta sýningin á verkinu, sem hefur verið sýnt allt upp í sex sinnum í viku. Þetta mun vera ein-dæmi í íslensku leikhúsi.

„Mér fannst hún alveg frábær og áhorfendurnir voru stórkostlegir,“ segir Geraldine Aron, höfundur sýningarinnar, sem skrapp í stutta heimsókn hingað til lands fyrir stuttu til þess að heilsa upp á Eddu og sjá eina sýningu.

„Ég held reyndar að hún Edda gæti bara staðið á sviðinu og gert ekki neitt. Áhorfendunum þótti svo vænt um hana, sá ég. Þetta er mjög óvenjulegt.“

Geraldine Aron er eitt af þekktari leikskáldum samtímans. Hún hefur samið yfir tuttugu leikrit en ekkert hefur slegið jafn rækilega í gegn og My Brilliant Divorce.

Edda leikur dæmigerða miðaldra konu, sem í íslensku þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar heitir Ásta og býr í Grafarvoginum. Hún er að glíma við að ná tókum á lífi sínu eftir að eiginmaður hennar til þrjátíu ára tekur saman við yngri konu.

Geraldine Aron kann einfalda skýringu á vinsældum sýningarinnar. „Við erum svo mörg sem höfum staðið í skilnaði. Mér fannst þetta gott efni og gaman að takast á við það vegna þess að engir höfðu skrifað um þetta áður, sem er býsna skrifit.“

Hún segir stóran hluta verksins, „líklega þriðjunginn,“ byggðan á reynslu hennar sjálfar af skilnaði. „Hitt er skáldskapur. Stundum verð ég líka svolítið hefnigjörn í leikritunum mínum. Jafnvel gagnvart sjálfri mér,“ segir hún og nefnir sem dæmi leikrit sem hún skrifaði nýlega í kjölfar þess að móðir hennar hafði látist á elliheimili.

„Þetta var hræðilegt elliheimili. Það þurfti að loka því á endanum, en þá var það orðið of seint því hún var dái.“

En eftir þetta þurfti ég að refsa sjálfri mér, býst ég við. Meira að segja leikstjórnin gat ekki orða bundist: Gefðu henni nú smá tækifæri, sagði hann, hvað hefur hún eiginlega gert til að eiga allt þetta skilið?“

Einleikurinn Alveg brilljant skilnaður verður sýndur áfram í um tvær vikur í Borgarleikhúsinu. Óvíst er hvort hann verði tekinn upp aftur í haust. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

27 28 29 30 31

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

14.00 Vortónleikar **Skólahljóm-sveitar Mosfellsbæjar** verða í Borgarholtskóla.

21.00 **Patagonia Jazz Quartet** spilar á Café Culture.

OPNANIR

Sjö listakonur sýna **bókverk** í Listmunahorninu í Krumbúð Árbæjarsafns. Sýningin verður opin á opnunartíma safnsins til 9. júní.

FYRIRLESTRAR

15.00 **Ólafur J. Engilbertsson**, sagnfræðingur og sýningahönnuður, flytur í Gerðubergi fyrirlestur sem hann nefnir „Að skapa skart úr skít – um söfnun, endurvinnslu og listræna sköpun“. Ólafur er sýningarstjóri sýningarinnar **Stefnumót við safnara II**.

20.00 Tölvutónlistargúrúinn **John Chowning** heldur fyrirlestur og tónleika í Salnum í Kópavogi.

LISTAHÁTÍÐ

11.00 **Sigrún Eðvaldsdóttir** fiðulleikari og **Gerrit Schuil** píanóleikari ljúka flutningi á öllum sönötum Beethovens fyrir fiðlu og píanó í tónlistarhúsinu Ymi við Skógarhlíð. Í dag flytja þau þrjár síðustu sönötur af alls tíu.

17.00 Finnur dansflokkur frá **Nomadi Productions** sýnir dansverk in Flow and Lucid Dreaming á nýja sviði Borgarleikhússins.

20.00 Tékkneski dansflokkurinn **Tanec Praha** sýnir dansverkin **Night Moth** og **Mi non Sabir** á Nýja sviði Borgarleikhússins.

20.00 Kvartettinn **Pacífica** leikur á Listahátíðartónleikum í Íslensku óperunni. Kvartettinn skipa **Sigurbjörn Bernharðsson** fiðulleikari, **Masumi Per Rostad** á víolu, **Símin Ganatra** á fiðli og **Brandon Vamos** á selló.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekkí síðar en sólarhring fyrir birtingu.



UNGLINGAKÓR GRAFARVOGSKIRKJU Kórtónleikar verða í Grafarvogskirkju í dag í tilefni þess að unglíngakór kirkjunnar ætlar í tónleikaferðalag til Kanada og Bandaríkjanna.

Syngur fyrir Vesturför

Í kvöld verða kórtónleikar í Grafarvogskirkju þar sem bæði kór og unglíngakór kirkjunnar syngja. Unglíngakórinn er á leiðinni til Kanada og Bandaríkjanna í tónleikaferð og mun allur ágóði af kaffisölu í hléinu renna óskiptur í ferðasjóðinn.

„Við erum að fara að heimsækja drengjakór sem kom hingað í fyrri og hélt hér tónleika,“ segir Oddný Þorsteinsdóttir, kórstjóri Unglíngakórsins.

Drengjakórinn „Land of Lakes Choirboys“ frá bænum Elk River í Minnesota hefur tvisvar sinnum komið í heimsókn hingað til lands og í bæði skiptin haldið tónleika í Grafarvogskirkju. Nú síðast var hann hér á ferðinni síðastliðið sumar.

„Við ætlum að syngja á Íslendingaslóðum nær eingöngu, bæði í Bandaríkjunum og Kanada. Lögin sem við syngjum eru nær eingöngu íslensk, aðallega veraldleg íslensk þjóðlög og svo íslensk sönglög.“

Unglíngakórinn mun halda þrenna tónleika með Drengjakórnum í nágrenni við Elk River í Minnesota og einnig heldur hann tónleika í Winnipeg og Gimli í Kanada. Einnig mun hann heimsækja elliheimili og gleðja eldra fólkið með íslensku tónlist. ■

Gítarnámskeið hefst 6. júní
4 vikur, 8 einkatímar



Sími 581 1281 • gitaraskoli@gitaraskoli

HVER ER PUNKTASTAÐA ÞÍN?

ÞÚ VEIST HVERNIG ÞETTA ER ÁHUGALEIKSÝNING ÁRSINS 31. MAÍ!



Stóra sviðið

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - H.C. Andersen

Í dag lau. 28/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 5/6 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**. Síðustu sýningar í vor.

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - Hallgrímur Helgason/Leikgerð Baltasar Kormákur

Í kvöld lau. 28/5 **örfá sæti laus**, lau. 4/6 **örfá sæti laus**, fim. 9/6, fös. 10/6. **Aðeins örfáar sýningar vegna fjölda áskorana.**

MÝRARLJÓS - Marina Carr

Sun. 29/5 **nokkur sæti laus**. **Allra síðasta sýning**

ÞÚ VEIST HVERNIG ÞETTA ER

Athylgiverðasta áhugaleiksýning ársins. **Stúdentalleikhúsið**. Pri. 31/5 kl. 20:00 **uppselt** kl. 22:30 **nokkur sæti laus**.

DÍNAMÍT - Birgir Sigurðsson

9. sýn. fös. 3/6 **nokkur sæti laus**, 10. sýn. lau. 11/6, 11. sýn. sun. 12/6.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

RAMBÓ 7 - Jón Atli Jónasson

Í kvöld lau. 28/5 **örfá sæti laus**, fös. 3/6 **nokkur sæti laus**, lau. 4/6.

Valaskjálff Egilsstöðum

EDITH PIAF Á AUSTURLANDI - Söngdagskrá

Mið. 1/6 kl. 20:00, fim. 2/6 kl. 20:00.

Miðasala á Bókasafni Héraðsbúa.

Opið alla virka daga frá kl. 14-19. Sími 471 1546

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is. Miðasalan er opin kl. 12:30-18:00 mán. og þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga Þjóðleikhúsið sími 551 1200

Avxtakarfan
Í AUSTURBÆ
Birgitta
Gadda Gulrot

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lifið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

SPARISJÓÐUREINN IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 14 til kl. 18 pantanir í síma 551 4700 www.avxtakarfan.is

Sunnudagur 29. Maí kl: 13:30 Laugardagur 4. Júní kl: 13:30 www.midi.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

99% UNKNOWN - Sirkussýning

CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ
Þri 14/6 kl 20, Mi 15/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20, Fö 17/6 kl 20 **Aðeins þessar sýningar**

25 TÍMAR

Dansleikhús / samkeppni LR og Íd í samstarfi við **SPRON**. Fi 9/6 kl 20 - 2.500,-

Einstakur viðburður

PUMALÍNA

Frá Sólheimaleikhúsinu
Fi 2/6 kl 20 - 1.000,-

TRANS DANSE EUROPE

Tanec Praha, Tékklandi
Su 29/5 kl 20 - 2.500,- **Miðasala hjá Listahátíð**

HÉRI HÉRASON

e. Coline Serreau
Í kvöld 28/5 kl 20
Síðasta sýning

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við **Á þakinu**
Lau 4/6 kl 14 **UPPS**, Su 5/6 kl 14 - **UPPS**, Su 12/6 kl 14, Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14, Su 26/6 kl 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Lau 28/5 kl 20,
Su 29/5 kl 20, Fi 2/6 kl 20, Fö 3/6 kl 20,
Lau 4/6 kl 20, Su 5/6 kl 20

Aðeins 3 sýningarhelgar eftir

TRANS DANSE EUROPE

Nomadi Productions - Finnland
Su 29/5 kl 17
Miðasala hjá Listahátíð

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga



„Hún ákvað loks að fara svo langt í burtu að móðir hennar næði ekki til hennar nema skriflega. Þá losnaði hún kannski undan áhrifa-valdi hennar.“

- Borgarstúlkann Anna grípur til kunnuglegs örþrífaraðs í skáldsögunni Ráðskona óskast í sveit eftir Snjólaugu Bragadóttur. Bókin kom fyrst út árið 1973 en hefur verið endurútgefin í kilju.

bækur

bækur@frettabladid.is

[METSÖLULISTI]

EYMUNDSSON
MÁL OG MENNING
PENNINN

ADALLISTINN – ALLAR BÆKUR

- 1 KLEIFARVATN**
Arnaldur Indriðason
- 2 VERK AÐ VINNA**
Geir Svansson
- 4 HVEITIBRAUÐSDAGAR**
James Patterson
- 3 ENGLAR OG DJÓFLAR**
Dan Brown
- 5 HUGMYNDR SEM BREYTTU HEIM-
INUM**
Felipe Fernández-Armesto
- 6 VÍSINDABÓKIN**
Ari Trausti Guðmundsson
- 7 VEL MÆLT**
Sigurbjörn Einarsson tók saman
- 8 ÍSLANDSSAGA Í MÁLI OG MYNDUM**
Árni Daniel Júlíusson og Jón Ólafur Ísberg
- 9 ÍSLENDINGAR**
Sigurgeir Sigurjónsson og Unnur Jökulsdóttir
- 10 SAGA HEIMSPEKINNAR**
Bryan Magee

BARNABÆKUR

- 1 PANKASTRIK 1**
Walt Disney
- 2 VÍSINABÓK IDUNNAR**
Íðunn
- 4 PANKASTRIK 3**
Walt Disney
- 3 PANKASTRIK 2**
Walt Disney
- 5 ÚRVALSÆVINTYRI H.C. ANDERSENS**
H.C. Andersen
- 6 KALLI Á ÞAKINU**
Astrid Lindgren
- 7 GEITUNGURINN 1**
Árni Árnason og Halldór Baldursson
- 8 ATLAS BARNANNA**
Anita Ganeri og Chris Oxlade
- 9 LÍNA LANGSOKKUR Á KATTARATTAEY**
Astrid Lindgren
- 10 EMMA MEIÐIR SIG**
Gunilla Wolde

LISTINN ER GERÐUR ÚT FRÁ SÖLU DAGANA
18.05.05 – 24.05.05 Í
BÓKABÚÐUM MÁLS OG MENNINGAR,
EYMUNDSSON OG PENNANUM.

Smástrákur eilífðarinnar

The Sunday Times gerði nýja ævisögu H.C. Andersen, *Hans Christian Andersen: A New Life*, að umfjöllunarefni um síðustu helgi. Ævisagan var gefin út í tilefni af 200 ára afmæli þessa ástsæla danska rithöfundar og fellur í góðan jarðveg hjá John Carey, gagnrýnanda blaðsins. Jens Andersen skráði ævisöguna en Tiina Nunnally snaraði henni á ensku. Bókarynir The Sunday Times segir viljastyrk vera lykilaðið í verkum Andersen og hann vegi jafnvel þyngra en galdrar. Þá breyti engu hvort um sé að ræða illmenni eins og Ísdröttninguna eða ósérhlífna og dygðuga Litlu hafmeyjuna. Báðar marka þær sér stefnu og halda henni í gegnum súrt og sætt. Andersen er þarna sagður skapa persónur sínar í sinni eigin mynd en sjálfur hafi hann, fullur sjálfstrausts 14 ára gamall, rífið sig upp úr fátækt sveitarinnar og farið til Kaupmannahafnar harðakveðinn í að verða þekktur leikari. Þegar hann var svo styrktur til náms sem honum leiddist frekar sökkta hann sér í ævisögu-ur manna sem hann taldi sig eiga eitthvað sameigin-

legt með. Þetta voru ekki minni spámenn en Shakespeare, Byron, Leonardo da Vinci, Alexander mikli og Jesús. Helstu nýmæli þessarar ævisögu og um leið helsti kostur er að mati Carey sá gaumur sem höfundur gefur mögulegri samkynhneigð Andersen og andstyggð hans á konum sem kynverum. Honum er líkt við eilífðarstrák sem neitar að vaxa úr grasi þar sem konur vekja hjá honum óhug um leið og þær verða kynferðislegt viðfang. Þá er því einnig haldið til haga að hann hafi lagt mikið upp úr nán-um platónskum samböndum við kynbræður sína. Andúð hans á konum er rakinn til lauslætis hans nánustu í Óðinsvéum en amma hans drýgði tekjur sínar með vændi og móðir hans bar hann undir belti þegar hún gekk að eiga skósmiðinn Andersen sem þarf ekkert endilega að hafa verið kynfaðir hans. Þá er einelti eldri stráka í sveitinni einnig talið hafa grafið undan kynferðisvitund Hans litla sem var meðal annars berstriþaður og niðurlægður af strákagenginu.

> Bók vikunnar ...

ALKEMISTINN EFTIR PAULO COELHO.

Alkemistinn hefur selst í yfir 30 milljónum eintaka út um allan heim og hefur þegar fest sig í sessi sem sígilt meistara-
verk. Bókin hefur notið mikilla vinsælda á Íslandi og hefur nú verið endurútgefin í kilju. Thor Vilhjálmsson þýddi bókina úr þortúgölsku en hér segir frá Santiago sem hefur í draumi fengið upplýsingar um fjársjóð sem kann að búa hans í pyramíðunum í Norður-Afríku. Hann leggur því af stað frá heimalandi sínu fullur væntinga um veraldlegan auð en þeir fjársjóðir sem hann finnur á leiðinni eru fjársjóðir andans.



Fjall er ekki þrekstigi með útsýni

Sumir hlaupa upp Esjuna á hálf tíma. Aðrir kjósa að lalla rólega á sínum hraða og skoða landið opnum augum. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir rölti á vit hins víðförla fjölmíðlamanns Páls Ásgeirs Ásgeirssonar sem vill fá fleiri út í náttúruna, venjulegt fólk á öllum aldri. Í Útivistarþókinni bendir hann á tuttugu spennandi gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur.

„Það á enginn einkarétt á náttúrunni. Við eigum hana öll,“ segir ferðalangurinn og fjölmíðlamadurinn Páll Ásgeir Ásgeirsson sem jafnframt er höfundur Útivistarþókinnar sem JPV útgáfa gaf út á dögunum. Bókin geymir ómældan fróðleik og gagnleg ráð til allra sem hyggjast njóta útivistar í nágrenni Reykjavíkur. „Ég taldi þörf á bók sem útskýrði fyrir venjulegu fólki hvernig það ætti að komast af stað og stunda útivist og vildi vekja athygli fólks á fjölbreyttri og skemmtilegri náttúru hér við bæjardyrnar,“ segir Páll Ásgeir, sem líkt og margir útivistarmenn er haldinn þeirri áráttu að útbreiða fagnadarerindið. „Margir telja mikið fyrirtæki að byrja í útivist og halda að það kosta finan fatnað og fyrrihöfn, en góðir skór, einlægur vilji og áhugi er allt sem þarf. Það er gríðarlega gaman að ganga um

Ísland, þótt það sé ekki alltaf létt yfirferðar. Í bókinni vísa ég á léttari leiðir, því markmiðið er að koma venjulegu fólki af stað út í náttúruna. Gönguleiðirnar eru allar dagsverkefni; farið að morgni og komið heim að kvöldi, en erfiðust af þeim sem í bókinni er fjall- að um er gönguleið á Botnsúlur í botni Hvalfjarðar, sem er ekki fyrir hvern sem er,“ segir Páll Ásgeir og bætir við að þótt Ísland sé á mörkum hins byggilega heims, sé ekki til neitt sem heitir vont veður. Bara vond fót.

„Kuldi er hugarástand. Það er alltaf gott að vera úti, sama þótt úti sé kalt og blautt. Útivist snýst um að njóta návistar við náttúru-öflin; regnið, jörðina og moldina. Göngutíminn sem gefinn er upp í bókinni miðast við venjulegt fólk sem röltir þetta í rólegheitunum. Ég segi stundum: fjall er ekki þrekstigi með útsýni. Mig varðar ekkert um hvort einhver geti hlaupið upp Esjuna á hálf tíma. Ég ætla að fara á tveimur tímum, hvílast á leiðinni og njóta fegurðarinnar.“

Í Útivistarþókinni er að finna jafnt kunnar sem lítt kunnar gönguleiðir.

„Gott dæmi um fáfarna leið er leiðin um Lambafellsgjá, sem er rétt hjá Keili á Reykjanesi. Hefðu aðstandendur *Lord of the Rings*-myndanna vitað af þeim stað hefðu þeir vafalaust tekið eitt atriðanna þar, en þetta er lítið fjall sem hefur klofnað í tvennt og hægt að ganga í gegnum fjallið,“ segir Páll Ásgeir sem eyddi heilu sumri í að skoða nágrenni Reykjavíkur er hann var að leita að efni í bókina. „Skemmtilegast er að njóta útivistar með öðrum og auk þess ör-



ÚTIVISTARMAÐUR BREIÐIR ÚT FAGNADARERINDIÐ Páll Ásgeir Ásgeirsson eyddi heilu sumri í að skrásetja tuttugu frábærar gönguleiðir í nágrenni höfuðborgarinnar. Hann segir hollt og þroskandi að ganga einn með sjálfum sér, en skemmtilegra og öruggara að hafa félagsskap í leiðinni.

yggisatriði, en líka hollt og þroskandi að fara einn af og til. Það er íhugandi, kyrrir hugann og þannig kynnist maður sjálfum

sér. Langar og erfiðar gönguferðir kenna manni einnig þolinmæði og nauðsyn þess að gefast ekki upp.“ ■

Íslandssagan hefur breyst mikið

„Meðal sagnfræðinga er almennt fráhræfing frá söguskoðun þjóðernisstefnunnar,“ segir Árni Daniel Júlíusson, annar ritstjóra Íslandssögunnar í máli og myndum, veglegs rits sem Edda útgáfa var að senda frá sér.

Bókin er endurútgáfa Íslensks söguatlas, sem kom út í þremur bindum fyrir rúmlega áratug. Þessi nýja bók er í einu bindi, þannig að fella þurfti út bæði allt erlent efni úr fyrri bókunum og líka allt efni um náttúrusögu landsins.

Þar að auki voru gerðar töluverðar breytingar á efni bókarinnar, einkum efni fyrsta bindis, þar sem tekið er fullt tillit til nýrra strauma í sagnfræði.

„Menn hafa farið að skoða fortíðina með öðrum augum. Þegar menn fara að spyrja nýrra spurninga verða svörin líka ný, og þau vilja varpa um koll fornum svörum.“

Þetta fráhræfing birtist ekki síst í því að yngri sagnfræðingar eru almennt hættir að líta svo á að Íslendingar hafi öldum saman verið kúgaðir þrælur Dana.

„Menn líta frekar á landið sem hérað í stærra ríki eða part af einhverju sambandi. Í staðinn fyrir að líta til dæmis á einokunarverslunina sem kúgunartæki Dana þá sjáum við að bændur versluðu afar lítið við Dani. Þetta var fyrst og fremst íslenska yfirstéttin, sem verslaði, og hún var bara ágætlega stöð takk fyrir. Þetta fólk var með hliðstæðar tekjur og hliðstæðir hópar á Norðurlöndunum. Deilurnar um verslunina voru ekki deilur íslenskra bændu við danska kaupmenn, heldur voru þetta íslenskir aðalsmenn sem voru að deila við danska kaupmenn, sem þeir litu hvort er á sem borgara og þar af leiðandi litu þeir niður á kaupmennina. Þetta er alveg nýtt viðhorf sem er að koma fram í fyrsta sinn.“

Fjöldi nýrra korta var unninn sérstaklega fyrir þessa útgáfu og mikið af nýjum ljósmyndum bætt við eða skipt út.

Þá hafa allar villur fyrri útgáfu verið lagfærðar.

Ritstjóri nýju útgáfunnar með Árna Daniel er Jón Ólafur Ísberg sagnfræðingur. ■



ÁRNI DANIEL JÚLÍUSSON

ERTU
AÐ
SAFNA
PUNKTUM?

Bækur lifna við í bíó

Aðlaganir myndasagna að kvikmyndaförminu verða áberandi í sumar en á næstu vikum og mánuðum eru væntanlegar þrjár stórmýndir: Batman Begins, Sin City og Fantastic Four sem allar byggja á þekktum myndasögupersónum og ævintýrum þeirra. Batman þarf auðvitað ekki að kynna og þeir sem lásu svokölluð „hasarblóð“ í æsku kannast flestir við hetjurnar sem kenndar eru við Fantastic Four. Í báðum tilfellum eru því á ferðinni heimsþekktar ofurhetjur en í Sin City kveður við annan tón þar sem viðfangsefnið er öllu jarðbundnara með glæpi, morðingja og vændiskonur í forgrunni.

Frank Miller, höfundur Sin City bókanna, er einn athyglisverðasti myndasöguhöfundur samtímans og er vægast sagt funheitur um þessar mundir eftir að Robert Rodriguez gerði Sin City-myndina upp úr þremur bókum hans úr Sin City-flokknum. Miller sækir stíft í harðsoðna reyfara Raymonds Chandler, Dashiells Hammett og James M. Cain í Sin City-bókunum sem greina frá lífi og dauða geðsjúklunga, spilltra og heiðarlegra lögreglumanna, vændiskvænna og súlustelpna í Basin City, einu ömurlegasta



JOHN HARTIGAN Þessi gegnheila löggja og verndari þeirra sem minna mega sín er löðrandi í töffi og testósteróni í Sin City bókinni That Yellow Bastard eftir Frank Miller.



BRUCE WILLIS Leikur Hartigan í bíómyndinni Sin City sem fylgir bókinni eftir í öllum smáatriðum þannig að hördustu aðdáendur Millers hafa ekki yfir neinu að kvarta. Harðsoðnum samtölum Millers er veitt beint af síðum bókanna yfir á hvíta tjaldid og það sem er mest um vert er að teikningar Millers öðlast einnig sjálfstætt líf í myndinni.

lastabæli sem hugsast getur. Frábærar teikningar Millers eru svo bergmál „film noir“-glæpamyndanna sem áttu sína gullöld á árunum 1941 til 1958 og byggðu oftar en ekki á verkum áður nefndra rit höfunda.

Þegar höfundarverk Millers er skoðað kemur ekki á óvart að „film noir“-heimurinn hafi heillað hann en hann er mjög upptekinn af karlmennsku og töffaraskap þannig að testósterónið kraumar í bókum hans og nægir í því sambandi að nefna snilldarverkið 300 sem byggir á frækilegustu vörn

mannkynsögunnar þar sem Leonídas Spartverjakonungur, berrassaður og vöðvastæltur, verst Persum ásamt 300 manna liði sínu í Laugaskörðum. Þar fyrir utan hefur Miller gert frábæra hluti með Daredevil og skóp í þeim sögum sínum morðkvendið Elektru auk þess sem hann hristi heldur betur slenið af Batman í bókunum Batman: Year One, Batman: The Dark Knight Returns og Batman: The Dark Knight Strikes Again. Í Year One segir Miller sköpunarsögu Batmans á sinn hátt en í þeim tveimur síðar nefndu vekur hann Bruce Wayne af værum blundi eftirlaunaáranna og stefnir honum gegn glæpahyski Gotham-borgar á ný.

Hinn fornfrægi leikari Mickey Rourke ris upp úr öskustó fíkniefnaneyslu og aumingjaskapar í hlutverki Marvs, lykilpersónu í Sin City-bálknum, og leiksigur hans og frábærar viðtökur aðáenda Millers við Sin City-myndinni hafa glætt vonir fólks um að Dark Knight-bækur hans fái sömu meðferð. Þá þykir ljóst að hinn veðraði Rourke verði kjörinn í hlutverk lemstraðs Leðurblökumannsins á efri árum.

thorarin@frettabladid.is

[NÝJAR BÆKUR]



Hjá Máli og menningu er komin út í kilju *Skítadjobb* eftir Evar Örn Jónsson. Skítadjobb er glæpasaga úr íslenskum veruleika þar sem freistingar, mannlegur breyskleiki og skítaveður setja mark sitt á glæpamennina og fórnarlömb þeirra jafnt sem lögreglumannanna sem eltast við þá.

Hjá Máli og menningu er komin út í kilju *Kalaharí véritunarskólinn fyrir karlmenn* eftir Alexander McCall Smith í þýðingu Helgu Sofflu Einarsdóttur. Í þessari fjórðu bókun um Kvenspæjarastofu númer eitt í Botsvana í Afríku heldur hin ómótstæðilega Precious Ramotswe áfram að glíma við snúin mál í einkalífi og starfi.

Hjá Máli og menningu er komin ljósmynda- og ljóðabókin *Íslensk eyðibýli* með myndum Nökkva Eliassonar og ljóðum Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar. Bókin er einnig komin út á ensku undir heitinu *Abandoned Farms*. Eyðibýli hafa verið viðfangsefni Nökkva Eliassonar í hartnær tvo áratugi. Hann hefur leitað fanga um allt land og fest á filmu eyðibýli, sem mörg eru nú horfin ofan í svörðinn.



Blóðbað í svart/hvítu

[MYNDASÖGUR]

UMFJÖLLUN


Frank Miller hefur hingað til gert sjö Sin City-bækur, sex stórar sögur og smásagnasafnið *Booze, Broads, & Bullets*. Bækurnar hafa allar verið endurútgefnar í kjölfar vinsælda spennumyndarinnar Sin City sem byggir á þremur þeirra og allar líkur eru á að Miller muni fylgja þessum auknu vinsældum eftir með nýjum Sin City-sögum.

Allar bækurnar sjö eru undasleg lesning og sannkallað augnakonfekt en að mínu mati stendur *That Yellow Bastard* upp úr. Þar segir frá löggunni John Hartigan, sem óhætt er að segja að sé eini heiðarlegi maðurinn í Sin City. Hann er sannkallaður riddari götunnar og náskyldur einkaspæjaranum og hugarfóstri Raymonds Chandler, Philip Marlowe.

Hartigan veit að sonur spillts stjórnmálamanns stundar það, í skjóli valda föður síns, að ræna barnungum stúlkum, pynta þær og nauðga þeim.

